CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radíóamatörar

4. tbl. 2022 október

Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA bauð gestum að gjöra svo vel þegar hann skar fyrstu sneiðina af marsípan rjómatertunni í Skeljanesi 28. ágúst 2022 þegar haldið var upp á 75 ára afmæli ÍRA. Ljósmynd: TF3JON.

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi.*
- *VHF/UHF leikarnir 2022; úrslit.*
- *TF útileikarnir 2022, úrslit.*
- *Afmælisboð í tilefni 75 ára afmælis ÍRA.*
- *Af alþjóðastarfi radíóamatöra.*
- *Helstu DX keppnir okt. 2022–jan. 20223.*

Á DÖFINNI:

- *Ný vetrardagskrá október-desember.*
- *Flóamarkaður 9. október.*
- *Aðalfundur ÍRA 19. febrúar (2023).*
- *Námskeið til amatörleyfis 24. febrúar (2023).*
- *Tíðnimál, nýjungar.*
- *Næsti skilafrestur efnis í CQ TF: 9. jan. 2023.*

Félagið Íslenskir radíóamatörar

Félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radíóamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radíóamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radíóamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07’33’’N, 21°56’58’’V. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2022-2023 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Georg Magnússon	TF2LL
Ritari:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Georg Kulp	TF3GZ
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radíóamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radíóamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radíóamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2022–2023 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí, október 2022 og janúar 2023.

Ritstjórn þessa félagsblaðs er í höndum stjórnar ÍRA. Ábyrgðarmaður er Jónas Bjarnason, TF3JB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Ritstjóri kveður 3
Frá formanni... 4
Félagsstarfið í Skeljanesi 6
VHF/UHF leikar 2022 31
TF útileikar 2022 34
IARU Svæðis 1 viðburðir í Friðrikshöfn 2022 37
SYLRA 2022 í Turku - Finnlandi 41
Frá 75 ára afmæliskaffi ÍRA 45
Rótor stýrt með fótstigi 48
Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2022/23 50
4U1ITU í Genf 60 ára 51
Bókahorn ÍRA 52
Viðurkenningar radíóamatöra 53
ÍRA; starfstímabilið 2022/23 54
Helstu DX keppnir í okt 2022– jan 2023 . . 58
DXCC skráning TF kallmerkja 59
Vetrardagskrá ÍRA okt.–des. 2022 60

vodafone
Styrkir starfsemi ÍRA

Hvað er amatör radíó?

Radíóamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radíóamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radíó á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radíóamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmíðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öfluga senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radíóamatöra.

Radíóamatörar hafa hannað og smíðað gevihnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radíósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radíóamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.

Ritstjóri kveður

Í umsjá stjórnar.

Vorið 2021 voru liðin 50 ár frá því Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, var fyrst valinn ritstjóri félagsblaðsins okkar, CQ TF. Það gerðist á aðalfundi 1971 og kom fyrsta blaðið út undir hans stjórn í mars sama ár (1. tbl. 1971).

Ný stjórn ÍRA sem tók við eftir aðalfund þann 18. mars 2018 samþykkti á fyrsta fundi sínum að stefna að útgáfu CQ TF á ný og allt að fjórum tölublöðum á starfsárinu.

Ákveðið var að leita til Sigurbjörns Þórs Bjarnasonar, TF3SB um að taka að sér að endurreisa CQ TF. Skemmst er frá að segja, að hann brást vel við og kom fyrsta tölublaðið út á heimasíðu félagsins aðeins sex vikum síðar, eða 29. apríl (1. tbl. 2018). Þá hafði félagsblað ekki komið út í fimm ár.

Það leikur ekki minnsti vafi á að ákvörðun nýrrar stjórnar á fyrsta fundi um að hefja útgáfu CQ TF á ný var hárrétt – því viðtökur félagsmanna voru í einu orði sagt frábærar. Það var því mikið lán fyrir ÍRA að Doddi brást vel við og tók verkefnið að sér og þurfti því ekki að spyrja að leikslokum, að félagið var í öruggum höndum með útgáfuna frá þeim tíma.

Frá fundi ritnefndar CQ TF 11. janúar 2022. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Óskar Sverrisson TF3DC, Jónas Bjarnason TF3JB, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Kristinn Andersen TF3KX sem var gestur á fundinum. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

Frá því Doddi tók við á ný sem ritstjóri CQ TF árið 2018, hafa alls 19 félagsblöð komið út undir hans stjórn: Þrjú tölublöð árið 2018, fjögur árið 2019, fjögur árið 2020, fjögur árið 2021 og loks 4 tölublöð á árinu 2022. Að viðbættum þeim blöðum sem hann ritstýrði á árinu 1971, er fjöldi tölublaða undir hans stjórn alls 21.

Í greininni „*Útgáfusaga ÍRA 1964-2020*“ sem birtist í 4. tbl. CQ TF 2020 voru teknar saman upplýsingar um útgáfu félagsblaða ÍRA frá upphafi. Þar kemur m.a. fram að alls hafa 14 félagar gengt embætti ritstjóra frá upphafi.

Fimm þeirra hafa staðið vaktina lengst: Brynjólfur Jónsson, TF5B í 10 ár, Kristján Benediktsson, TF3KB í 10 ár, Kristinn Andersen, TF3KX í 8 ár og Jónas Bjarnason, TF3JB og Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, hvor í 6 ár. Í ritstjóratíð Dodda komu hins vegar út tölublöð með flestum blaðsíðum samanlagt, eða alls 979.

Staðreynd er, að það er mismunandi hve lengi embættismenn sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið enda áhugi og tími aflögu til að sinna félagsmálum mismunandi eftir aðstæðum hvers og eins. Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB óskaði að láta af embætti ritstjóra CQ TF 24. september. Stjórn félagsins varð að sjálfsögðu við ósk hans þótt mikil eftirsjá verði af störfum hans.

Þess má geta, að embætti ritstjóra CQ TF er eitt veigameiri embætta í félaginu enda á það sér stoð í lögum félagsins með tilheyrandi ákvæðum (27. gr.).

Stjórn ÍRA þakkar Sigurbirni Þór Bjarnasyni, TF3SB fyrir framúrskarandi gott framlag til útgáfumála félagsins.

F.h. stjórnar ÍRA,
Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður

Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Skammt er um liðið frá því að við fögnuðum 75 ára afmæli ÍRA. Félagið okkar, Íslenskir radíóamatörar, ÍRA var stofnað í Reykjavík 14. ágúst 1946. 75 ár voru liðin frá stofnun þess í fyrra (2021) en vegna Covid-19 faraldursins var veisluhöldum frestað til sunnudagsins 28. ágúst.

Þann dag var opið hús í Skeljanesi og var félagsmönnum og fjölskyldum þeirra boðið að líta við og þiggja heitt súkkulaði, kaffi og gosdrykki, íslenskar pönnukökur og vöfflur með þeyttum rjóma og marsípan rjómatertu, auk fleira góðgætis. Alls mættu 57 félagsmenn og gestir þennan ágæta sunnudag í fallegu sumarveðri í vesturbænum í Reykjavík. Að auki barst fjöldi af kveðjum frá félagsmönnum, sem annaðhvort voru staddir erlendis eða í sumarfríi innanlands, auk samstarfsaðila.

Skeljanesi 28. ágúst. Frá vinstri: Kristinn Andersen TF3KX, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Georg Magnússon TF2LL, Jón Svavarsson TF3JON og Jón G. Guðmundsson TF3LM. Ljósm. TF3PW.

Þakkir til allra sem áttu heimangengt til að fagna með okkur. Sérstakar þakkir til stjórnarmanna ÍRA sem önnuðust allan undirbúning og framreiðslu þjóðlegra veitinga, þeir Jón Björnsson TF3PW, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Georg Magnússon TF2LL og Jón Svavarsson, TF3JON sem lagaði heitt súkkulaði, einstakt að gæðum. Sjá umfjöllun í máli og myndum annars staðar í blaðinu.

Starfsemin í sumar.

Frá því opinberum sóttvarnaaðgerðum vegna heimsfaraldurs var formlega aflétt fyrr á árinu hefur starfsemi félagsins hægt og rólega ratað í eðlilegt horf. Þann 7. júlí var flutningur erinda á ný í boði í fyrsta skipti í tvö og hálft ár. En þá voru einnig afhent verðlaun og viðurkenningar fyrir páskaleikana 2022 (auk viðurkenninga frá 2021). TF8KY afhendi verðlaunin og sagði frá páskaleikum ársins og TF3T sagði frá uppbyggingu stöðvarinnar TF3D við Stokkseyri. TF5AD heimsótti félagið síðan 18. ágúst með erindi og 28. ágúst var afmælisfagnaður félagsins. Loks mætti TF1A í hús þann 3. september með laugardagskynningu. Nánar er skýrt frá þessum viðburðum undir „Félagsstarfið í Skeljanesi“.

Glæsileg vetrardagskrá framundan.

Glæsileg vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið 6. október til 15. desember er kynnt í þessu blaði. Alls verða 23 viðburðir í boði, m.a. erindi, félagsfundir, námskeið, laugardags- og sunnudagsopnanir, auk þess sem við verðum með fyrstu miðvikudagsopnunina, sem er „Dömukvöld“ – sérstaklega sett upp fyrir YL amatörana okkar. Þá mun flóamarkaður félagsins falla inn í dagskrána sunnudaginn 9. október. Síðast, en ekki síst, endum við árið með jólakaffi ÍRA, viðhafnarkaffi fimmtudaginn 15. desember.

Veglegar gjafir til ÍRA.

Á hverju starfsári berast félaginu gjafir sem gerð er grein fyrir í ársskýrslu. Hér ber þó sérstaklega að geta um og þakka tvær veglegar gjafir sem bárust félaginu í sumar.

Annars vegar er um að ræða nýja Dell Vostro 15 3510 ferðatölvu sem Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA tók á móti í Króatíu 13. ágúst. Gjöfin var formlega afhent á stjórnarfundi í félaginu 1. september. Í gjafabréfi segir m.a., að tölvan sé gefin með það í huga að hún nýtist í ungmennastarfi ÍRA. Það er systurfélag okkar í Króatíu, Hrvatski Radioamaterski Savez (HRS) sem afhenti gjöfina og er formlega skráð sem gefandi. Hins vegar er um að

Elín Sigurðardóttir TF2EQ með nýju fartölvuna. Ljósmynd: TF3JB.

ræða 12 metra háan loftnetsturn sem Benedikt Sveinsson, TF3T gaf félaginu 22. ágúst. Um er að ræða fjórar þrístrendar þriggja metra áleiningar með sæti fyrir rótor með sérsmíðuðu botnstykki.

Á fundi þann 1. september, samþykkti stjórn ÍRA sérstakar þakkir til Hrvatski Radioamaterski Savez (HRS) og til Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir frábært framlag í þágu félagsins. Ennfremur voru samþykktar þakkir til Elínar fyrir að takast á hendur ferðalagið til Króatíu án aðkomu félagssjóðs.

Nýtt loftnet og rótor fyrir TF3IRA.

Á framangreindum stjórnarfundi var gerð samþykkt um kaup á nýju loftneti og rótor fyrir félagsstöðina TF3IRA. Lofnetið er OptiBeam, gerð OBDYA9-A fyrir fjögur bönd, 17, 15, 12 og 10 metra og rótorinn er frá Pro.Sis.Tel. af gerðinni PST-2501D. Notaður verður 12 m. hár turn sem félagið fékk að gjöf frá TF3T. Heildarverð á loftneti, rótor og búnaði er 450 þúsund krónur komið til landsins. ÍRA mun á móti selja búnað í eigu félagsins, m.a. á flóamarkaði sem haldinn verður 9. október n.k. Reiknað er með að nettókostnaður félagssjóðs nemi um 200 þúsund krónum. Áætlun um heildaruppbyggingu TF3IRA verður síðan til kynningar á félagsfundi í Skeljanesi fimmtudaginn 10. nóvember.

Af fjarskiptum.

Félagsstöðin TF3IRA hefur verið virk í sumar. Kallmerkið var sett í loftið frá Skeljanesi 2. júlí í *VHF/UHF leikum ÍRA*. Stöðin var aftur virkjuð í *IARU HF Championship* keppninni undir kallmerkinu TF3HQ 9. júlí. Loks var stöðin virkjuð í *TF útileikum ÍRA* 30. júlí. Þá var kallmerkið TF1IRA virkjað frá Knarrarósvita á Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni 20. ágúst.

Góðar fréttir eru, að radíóvitinn TF3D varð virkur 16. ágúst s.l. Um er að ræða fyrsta íslenska kallmerkið sem gerist þátttakandi í WSPRnet verkefninu á 80, 40, 20, 15 og 10 metrunum. QTH er við Stokkseyri, reitur HP93lu. Þakkir til Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir uppsetningu búnaðar. WSPRnet kerfið veitir íslenskum sem og erlendum leyfishöfum sem áhuga hafa á útbreiðslu radíóbylgna mikilvægar upplýsingar sem nýtast í fjarskiptum radíóamatöra um allan heim.

Eins og kunnugt er, rann tímabundin heimild Fjarskiptastofu um auknar aflheimildir til handa íslenskum leyfishöfum í 50 MHz tíðnisviðinu út 30. september. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A sem hefur stundað tilraunir í sviðinu yfir lengri vegalengdir (DX), sótti um [16. september] og fékk heimild stofnunarinnar framlengda út októbermánuð. Í erindi Fjarskiptastofu kemur fram, að honum standi til boða að fá heimild framlengda [jafnvel] út árið, telji hann þörf á því. Þetta er ánægjuleg niðurstaða.

Að lokum.


Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2022/22

Starfsemin í Skeljanesi er okkur mikils virði og margir félagsmenn hafa haft á orði að þeir hlakki til að mæta í félagsaðstöðuna á ný til að hitta mann og annan og til að kynna sér það fjölbreytta efni sem í boði er í glæsilegri vetraráætlun sem hefst í þessum mánuði. Og til að halda því til haga, þá er næsta námskeið ÍRA til amatörprófs fyrirhugað í febrúar (2023); hvort tveggja í stað- og fjarnámi.

Það er í alla staði ánægjulegt að starfsemi félagsins er „að „smella“ í liðinn á ný eftir nánast tveggja og hálfs árs „lægð“ vegna Covid-19 faraldursins – samanber t.d. nýja starfsáætlun ÍRA fyrir starfsárið 2022/23 sem er til kynningar í þessu blaði sem ég hvet félagsmenn til að nýta sér.

Það er að frétta af embættismönnum félagsins, að Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB óskaði að láta af embætti ritstjóra CQ TF þann 24. september. Það er mikil eftirsjá að Dodda. Hann kom að embættinu strax eftir aðalfund 15. mars 2018 – þegar hann tók að sér að endurreisa CQ TF eftir 5 ára hlé og birtist nýtt CQ TF aðeins 6 vikum eftir fundinn, eða 29. apríl. Það var mikið lán fyrir ÍRA að hann brást vel við og hefur sinnt þessu vandasama embætti samviskusamlega frá þeim tíma. Bæta má við, að öll 19 tölublöðin í hans tíð (frá 2018) hafa komið út á tilteknum degi, samkvæmt útgáfuáætlun.

Fyrir hönd stjórnar ÍRA, vil ég að þakka Sigurbirni Þór (Dodda) Bjarnasyni, TF3SB fyrir góða samvinnu og framúrskarandi gott framlag að útgáfumálum félagsins.

Ég vil að lokum þakka félagsmönnum fyrir góða þátttöku og stuðning við starf félagsins. Ef allt gengur eftir eins og nú horfir, er framtíðin björt í starfsemi félagsins.

73,
Jónas Bjarnason, TF3JB
Formaður ÍRA.

Félagsstarfið í Skeljanesi

Í umsjón stjórnar ÍRA

Þessi inngangur er skrifaður þegar tæpir þrír mánuðir eru liðnir þar sem frá var horfið í síðasta tölublaði (3. tbl. 2022) sem kom út 3. júlí. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma. Hér á eftir er fjallað í beinu framhaldi um félagsstarfið í dagbókarstíl til 20. september.

8. og 13. júní – Kallað eftir efni í 3. tölublað 2022.
Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF sendi erindi til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum þann 8. júní þar sem hann vakti athygli á að frestur til að senda efni í næsta tölublað væri til 20. júní. Erindið var endurtekið 13. júní þegar vika var til stefnu.

Rætt um CQ TF í Skeljanesi. Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri, Yngvi Harðarson TF3Y og Kristján Benediktsson TF3KB. Mynd: TF3JB.

21. júní – Fundur ritnefndar.
Fundur var haldinn í ritnefnd CQ TF 21. júní. Þetta var 3. fundur nefndarinnar á nýju starfsári 2022/23. Farið var yfir efni á lager og efni sem barst fyrir lokafrest (sem var daginn áður). Ritstjóri sagðist vera ánægður með stöðuna og líklega yrði 3. tbl. veglegt að blaðsíðutali. Tekin var ákvörðun um ljósmynd á forsíðu og rætt um leiðir til að auka fjölbreytni í efnisvali, m.a. meira efni tæknilegs eðlis. Nýtt CQ TF (3. tbl.) kemur út á heimasíðu sunnudag 3. júlí.

Frá fundi ritnefndar 21. júní. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Jónas Bjarnason TF3JB og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Ljósmynd: Sigrún Guðmundsdóttir.

23. júní – Ham Radio Friedriechshafen 2022.
Innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður 23. júní:

Ham Radio sýningin í Friedrichshafen opnar kl. 9 í fyrramálið, föstudaginn 24. júní. Búist er við allt að 20 þúsund gestum, en sýningin féll niður tvö undanfarin ár faraldursins. Nokkur fjöldi íslenskra leyfishafa verður á staðnum, en íslenski hópurinn ári 2019 var 18 manns (að meðtöldum mökum).

Þess má geta, að Dayton Hamvention sýningin var haldin 20-22. maí s.l. Alls sóttu 31.367 gestir viðburðinn. A.m.k. einn íslenskur leyfishafi, Heimir Þór Sverrisson, TF3ANT/W1ANT sótti sýninguna. Síðasta stóra sýning ársins er Tokyo Hamfair sem verður haldin í samnefndri borg í Japan 20.-21. ágúst n.k.

Fyrir áhugasama, má benda á tvær tvær ferðasögur í félagsblaðiðnu CQ TF um sýninguna í Friedrichshafen sem voru farnar árin 2008 og 2019. Þá birtist mjög fróðleg yfirlitsgrein um sýningarnar í blaðinu árið 2018.

Stjórn ÍRA.

CQ TF, 3. tbl. 2009, bls. 29. https://tinyurl.com/CQTF-3-2009
CQ TF, 4. tbl. 2019, bls. 25. https://tinyurl.com/CQTF-4-2019
CQ TF, 3. tbl. 2018, bls. 33. https://tinyurl.com/CQTF-3-2018

Myndin sýnir hluta sýningarsvæðisins sem hýsir flóamarkaðinn í Friedrichshafen. Þar koma leyfishafar alls staðar að úr Evrópu með eldri (eða jafnvel nýjan búnað) og bjóða til sölu. Ljósmynd: TF3JB.

23. júní – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í Skeljanesi fimmtudaginn 23. júní.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Guðjón Egilsson TF3WO og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Ljósmynd: TF3PW.

Fjörugar umræður voru um áhugamálið, m.a. um heimaloftnet og fæðilínur. Einnig hafa margir áhuga á að taka þátt í VHF/UHF leikunum sem fram fara helgina 1.-3. júlí.

Benedikt Guðnason TF3TNT, Haukur Konráðsson TF3HK og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: TF3PW.

Alls mættu 12 félagsmenn og 2 gestir þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

24. júní – Millifundur IARU Svæðis 1 2022.

Eins og samþykkt var á stjórnarfundi nr. 2/19. maí tók Kristján Benediktsson, TF3KB NRAU/IARU tengiliður ÍRA þátt í millifundi IARU Svæðis 1 árið 2022 fyrir okkar hönd. Fundurinn var haldinn samhliða Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen að þessu sinni.

Hann hófst 22. júní og lauk 24. júní. Kristján tók þátt þátt í fundinum yfir netið, samanber meðfylgjandi skjáskot sem hann sendi félaginu. Bestu þakkir til Kristjáns fyrir þátttökuna. Hann gerir grein fyrir fundinum annars staðar í blaðinu.

Þess má geta til fróðleiks, að á milli ráðstefna IARU svæðis 1 [sem eru haldnar á 3 ára fresti] eru haldnir svokallaðir „millifundir“ (*e. interim meetings*). Þeir hafa yfirleitt verið haldnir í Vínarborg í Austurríki og var síðasti fundur haldinn þar 26.-28. apríl 2019. Kristján sótti þann fund fyrir okkur (án kostnaðar



Skjáskot frá upphafi fundarins 22. júní. Mynd er af Kristjáni uppi í horninu til vinstri. Ljósmynd: TF3KB.

fyrir félagssjóð ÍRA) samanber greinargóða skýrslu hans í 3. tbl. CQ TF 2019, bls. 28.

Vefslóð: https://tinyurl.com/CQTF-3-2019

24. júní – DL1HBT í Skeljanesi.

Thomas Milde, DL1HBT hafði ætlað sér að heimsækja Skeljanes fimmtudagskvöldið 23. júní, en seinkun á flugi Icelandair frá Hamborg til miðnættis í stað síðdegis, kom í veg fyrir það. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW hafði verið í sambandi við Tom áður en hann kom til landsins og þegar ljóst var, að hann mundi missa af því að hitta félagana á opnunarkvöldi var ákveðið að TF3CW og TF3JB mundu hitta hann síðar í Skeljanesi. Af því varð svo síðdegis 24. júní.

Thomas Milde DL1HBT og Sigurður Jakobsson TF3CW hressir fyrir utan Skeljanes 24.6. Ljósmynd: TF3JB.

Siggi sótti hann á hótelið á tilsettum tíma og var boðið í kaffi og kex í salnum. Tom var mjög hrifinn af aðstöðunni og nefndi m.a. svart/hvítu myndirnar í salnum, sem segja hluta af sögu félagsins. Þar sem hann er mánaðarlegur pistlahöfundur í CQ DL (félagsblað DARC sem er stærsta landsfélag radíóamatöra í Evrópu) var gaman að geta bent honum á myndina af Sigurbirni Þór Bjarnasyni, TF3SB þar sem hann er [á einni myndinni] að „operera“ frá TF7V leiðangrinum í Vestmannaeyjum. Skýrt var fyrir honum að þetta væri ritstjóri blaðsins okkar, CQ TF – og um leið var honum rétt prentað eintak af blaðinu. Tom varð afar hrifinn. Og eftir að aftur var sest í leðursófasettið – og flett



Tom hafði sambönd frá IC-7300 stöðinni og 5-BTV stangarloftnetinu. Ljósmynd: TF3JB.

Útsýnið úr vél Icelandair skömmu eftir flugtak frá München heim til Íslands í frábæru sumarveðri. Ljósmynd: TF1A.

blaðinu fram og til baka, bað hann fyrir kveðjur til ritstjórans með þeim orðum að það væri stórkostlegt að svo fámennt félagi gæti gefið út 4 félagsblöð af þessum gæðum á ári – og án allra auglýsinga.

Eftir kaffið var honum sýnt QSL herbergið og hann þurfti margs að spyrja. Honum leist mjög vel á QSL skápinn, QSL skilagreinarnar og aðstöðu QSL stofunnar.

Þá var opnað inn í fjarskiptaherbergið. Tom sagðist ekki hafa búist við svo glæsilegri aðstöðu. Og hans fyrstu orð voru hvað öllu væri vel fyrir komið. Hann var mjög hrifinn að aðgreiningunni á milli HF stöðvanna og aðstöðunnar fyrir gervihnattastöðina vegna fjarskipta um QO-100 gervitunglið.

Í framhaldi hafði hann nokkur sambönd á morsi á 20m sem TF/DL1HBT við kunningjana í Hamborg og nágrenni.

Tom bað að lokum fyrir góðar kveðjur til félagsmanna og sagðist ætla að ræða við konu sína um að koma sem fyrst aftur til landsins.

26. júní – Ham Radio sýningunni lokið.

Ham Radio sýningunni 2022 í Friedrichshafen lauk sunnudaginn 26. júní. Þegar þetta er skrifað var áætlaður gestafjöldi um 17 þúsund. Eftir því næst verður komist sóttu alls 12 Íslendingar sýninguna, þ.e. 9 leyfishafar og 3 makar.

Sumir félaganna birtu myndir á FB síðum frá sýningunni. Þar má m.a. sjá að í sýningarhöll 1 (þar sem aðstaða er fyrir framleiðendur) var nokkuð af ónotuðu sýningarrými. Hvorki Yaesu né Kenwood voru t.d. með sýningarbása að þessu sinni. Í sjálfu sér sumpart óvænt hvað varðar Yaesu sem var með stóran bás á Dayton Hamvention í síðasta mánuði – en síður óvænt með Kenwood sem ekki var heldur með bás á Dayton. Til skýringar er, að DARC staðfesti mjög seint að sýningin yrði haldin þar sem heimild frá stjórnvöldum á staðnum barst aðeins með mánaðar fyrirvara.

Það, að Kenwood var einnig fjarverandi í FDH, mun trúlega styrkja orðróm á netinu þess efnis, að JVC hafi lítinn áhuga á að sinna framleiðslu á tækjum fyrir radíóamatöra og að þeir séu byrjaðir að „fasa“ framleiðsluna út.

Borðað saman í FDH: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og XYL Vilborg. Erling Guðnason TF3E. Guðmundur Sigurðsson TF3GS. Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG. Rúnar Þór Valdimarsson, TF3RJ. Valtýr Einarsson, TF3VG og Þórður Adolfsson TF3DT og XYL Sigrún. Ljósmynd: TF3E.

27. júní – TF/DL1HBT/P QRV

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW og Tom, DL1HBT fóru í SOTA ferð upp á Úlfarsfell að morgni 27. júní. Þeir eru báðir áhugamenn um SOTA verkefnið (*Summits On The Air*) og Tom hefur m.a. haft sambönd við Sigga þegar hann hefur virkjað fjallatinda hér á landi og á Spáni. Úlfarsfell er í 295m hæð yfir sjávarmáli og hefur SOTA númerið er TF/SV-041. Alls náðust 28 QSO á morsi á 20m.

Tom notaði stöð og búnað TF3CW, þ.e. 3-banda Mountain Topper MTR-3B stöð frá LNR Precision fyrir 40/30/20m böndin. Sendiafl er mest 5W. Loftnet var tvípóll sem var reistur á 6m rápstöng og strekktur út í náttúruna. Ljósmynd: TF3CW.

27. júní – TF1OL á ferð um landið.

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL var á ferðalagi um landið í sumar og 27. júní var hann staddur í ágætu veðri við vitann í Dyrhólaey sem er í um 120m hæð yfir sjávarmáli.

Óli ferðast með „sjakkinn“ með sér, þ.e. hann er með vel útbúna fjarskiptabifreið sem er með innbyggða tjakkstöng sem hækka má upp í allt að 12,6m hæð. Þar getur getur hann sett upp stefnuvirk loftnet t.d. á 6 og 4m og verið í DX þegar skilyrðin leyfa. Þegar tíðindamaður ræddi við hann um kaffileytið [þann dag] var hann í „pile-up“ við Japan frá Dyrhólaey á 15m og var mjög ánægður með skilyrðin.

Fjarskiptabifreið TF1OL. Myndin var tekin í VHF/UHF leikunum í fyrra (2021). Þarna er mastrið í fullri hæð (i 12,6 metrum) yfir þaki bílsins. Ljósm.: TF1OL.

Hann notar Icom IC-7100 stöð í bílnum og 8m hátt stangarloftnet (skipanet) á HF, sem hann fæðir á móti bílnum. Hann sagði að það væri gott samband við félagana í bænum og nágrenni gegnum 2m endurvarpann í Bláfjöllum.

28. júní – Viðtækið í Perlunni QRV á ný.

VHF/UHF viðtæki Karls Georgs Karlssonar, TF3CZ í Perlunni varð virkt á ný 28. júní. Það hafði verið úti um nokkurn tíma vegna bilunar í nettengingu.

Hlusta má á tækið yfir netið. Um er að ræða Airspy R2 SDR viðtæki fyrir 24-1800 MHz (á VHF og UHF). Loftnet er Diamond D-190 sem er fyrir þetta tíðnisvið. QTH er Perlan í Öskjuhlíð í Reykjavík.

Hvíta örin bendir á loftnet viðtækisins. Ljósmynd: Karl Georg Karlsson TF3CZ.

Vefslóð á viðtækið: http://perlan.utvarp.com

Önnur viðtæki yfir netið hér á landi:

Bjargtangar (10 kHz-30 MHz): http://bjarg.utvarp.com/
Galtastaðir í Flóa (10 kHz-30 MHz): http://floi.utvarp.com/
Raufarhöfn (10 kHz-30 MHz): http://raufarhofn.utvarp.com/

Þakkir til Karls Georgs, TF3CZ fyrir verðmætt framlag. Viðtækið er mikilvægt fyrir radíóamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radíóbylgna.

30. júní – Frá opnun í Skeljanesi 30. júní.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 30. júní fyrir félagsmenn og gesti.

Sigmundur Karlsson TF3VE, Heimir Konráðsson TF1EIN, Mathías Hagvaag TF3MH, Þórður Adolfsson TF3DT, Jón G. Guðmundsson TF3LM og Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður á báðum hæðum. TF3IRA var sett í loftið á morsi í ágætum skilyrðum á 7 MHz. Mikið var rætt um skilyrðin. Menn voru einnig mjög áhugasamir um VHF/UHF leikana sem byrja föstudaginn 1. júlí kl. 18:00.

Jón G. Guðmundsson TF3LM og Óðinn Þór Hallgrímsson. Óðinn Þór fékk loksins afhentan verðlaunagrip fyrir 3. sætið í Páskaleikum félagsins í fyrra (2021). Afhending verðlauna og viðurkenninga vegna fjarskiptaviðburða ársins 2021 seinkaði vegna Covid-19 faraldursins og fór formlega fram á aðalfundi ÍRA 2022 þann 20. febrúar s.l.

Einnig var rætt um Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen um síðustu helgi. Eftir því sem næst verður komist var íslenski hópurinn a.m.k. 11 manns (þ.e. 8 leyfishafar og 3 makar).

Kristján Benediktsson TF3KB, Björgvin Víglundsson TF3BOI, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Bernhard M. Svavarsson TF3BS.

Töluvert hafði borist af ágætu radíódóti í Skeljanes fyrir opnun, sem gekk vel út.

Úr fundarsal: Nýtt radíódót hefur bæst við. Myndir: TF3JB.

Vel heppnað fimmtudagskvöld í mildu sumarveðri í vesturbænum í Reykjavík. Alls 26 félagar og 1 gestur í húsi.

2. júlí - VHF/UHF leikarnir á fullu.

VHF/UHF leikar ÍRA byrjuðu 2. júlí kl. 18. Aðaldagurinn var á laugardag, en viðburðurinn verður í gangi til kl. 18:00 á sunnudag.

19 kallmerki voru skráð til þátttöku þegar þetta var skrifað – en hægt er að skrá sig alla dagana. Vefslóð: http://leikar.ira.is/2022

Icom IC-7300 HF/VHF stöð TF3IRA var mest notuð á 4m SSB. Jón G. Guðmundsson TF3LM virkjaði stöðina í VHF/UHF leikunum 2. júlí. TF3MH fylgist með.

TF3IRA var QRV frá Skeljanesi laugardaginn 2. júlí frá kl. 09-18. Þeir sem virkjuðu stöðina: Jónas Bjarnason, TF3JB, Jón G. Guðmundsson, TF3LM og Mathías Hagvaag, TF3MH. Félagsaðstaðan var opin

Icom IC-7610 HF/VHF stöð TF3IRA var mest notuð á 100W á 50 MHz SSB. Mathías Hagvaag TF3MH virkjaði stöðina í VHF/UHF leikunum 2. júlí. Ljósmyndir: TF3JB.

á sama tíma fyrir félagsmenn og gesti og mættu alls 11 félagar og 1 gestur á staðinn.

3. júlí – Nýtt CQ TF komið út.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Ágætu félagsmenn!

Mér er ánægja að tilkynna um útkomu félagsblaðsins okkar, CQ TF 3. tbl. 2022.

Það kemur út á stafrænu formi hér á heimasíðunni í dag, sunnudaginn 3. júlí.

Vefslóð: https://tinyurl.com/CQTF-3-2022

73,

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB
ritstjóri CQ TF

5. júlí – Opið í Skeljanesi 7. júlí.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verður opin fimmtudaginn 7. júlí frá kl. 20 til 22 fyrir félaga og gesti. Kaffiveitingar.

Dagskrá kvöldsins:

Afhending verðlauna og viðurkenninga í Páskaleikunum 2022 (TF8KY).

Kynning á uppbyggingu TF3D við Stokkseyri (TF3T).

Verið velkomin í Skeljanes!

Verðlaunagripir til afhendingar fyrir fyrstu þrjú sætin í Páskaleikum ÍRA 2022. Ljósmynd: TF3JB.

Mynd frá glæsilegri uppbyggingu TF3D við Stokkseyri. Ljósmynd: TF3T.

6. júlí – IARU HF Championship keppnin.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

IARU HF Championship keppnin hefst laugardaginn 9. júlí kl. 12 á hádegi. Þetta er sólarhringskeppni sem lýkur á hádegi sunnudaginn 10. júlí.

Markmiðið er að hafa sambönd við eins margar stöðvar radíóamatöra eins og frekast er unnt um allan heim á 160, 80, 40, 20, 15 og 10 metrum.

Keppnisflokkar eru tveir: Einmenningsstöðvar og fleirmenningsstöðvar. Í flokki einmenningsstöðva eru í boði 3 undirflokkar, þ.e. á tali, morsi og hvoru tveggja. Valið er um þátttöku á háafli, lágafli eða QRP. Í flokki fleirmenningsstöðva með einn sendi, er einn flokkur í boði, þ.e. á tali og morsi (Mixed mode).

Með ósk um gott gengi!

http://www.arrl.org/iaru-hf-world-championship



Heimskort yfir ITU svæðin í heiminum. Í IARU HF Championship keppninni þarf að gefa upp ITU svæði (ITU zone). Fyrir TF er ITU svæðið nr. 17 og erum við eina DXCC einingin í því svæði. Höfundur korts: EI8IC.

7. júlí – Opið í Skeljanesi.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verður opin fimmtudaginn 7. júlí frá kl. 20 til 22. Kaffiveitingar.

Dagskrá kvöldsins hefst stundvíslega kl. 20:30.

- Afhending verðlauna og viðurkenninga í Páskaleikunum 2022 (TF8KY).
- Kynning á uppbyggingu TF3D við Stokkseyri (TF3T).

Verið velkomin í Skeljanes!

Stjórn ÍRA.

Verðlaunagripir, bæði fyrir Páskaleikana 2022 og einnig fyrir VHF/UHF leikana 2021. Ljósm. TF3JB.

7. júlí – Opið í Skeljanesi 7. júlí.

Opið var í Skeljanesi fimmtudaginn 7. júlí. Á dagskrá var flutningur erinda og afhending verðlauna og viðurkenninga fyrir páskaleikana 2022, auk og viðurkenninga frá síðasta ári.

Jónas Bjarnson, TF3JB formaður ÍRA setti dagskrána kl. 20:30 og bauð menn velkomna. Hann lýsti yfir ánægju fyrir hönd stjórnar félagsins að á ný var boðað til dagskrár með erindum í félagsaðstöðunni eftir u.þ.b. tveggja og hálfs árs hlé vegna Covid-19 faraldursins.

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA setti dagskrá formlega.. Hann gat þess ennfremur, að vetrardagskrá félagsins mundi hefjast á ný í október.

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY umsjónarmaður Páskaleika ÍRA flutti skemmtilegt og afar fróðlegt yfirlit um leikana sem fram fóru 15.-17. apríl s.l.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY flutti skemmtilegt og afar fróðlegt yfirlit um Páskaleikana 2022.

Þátttaka var ágæt og var 21 TF kallmerki skráð og dagbókarupplýsingar sendar inn fyrir 18 kallmerki.

Næst fór fram afhending verðlauna og viðurkenninga sem Georg Magnússon, TF2LL varaformaður ÍRA annaðist.

Verðlaunagripir og viðurkenning voru afhent vegna Páskaleika ÍRA 2022. Verðlaunahafar: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY fyrir 1. sæti; Andrés Þórarinsson TF1AM fyrir 2. sæti og Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN fyrir 3. sæti. Óðinn Þór fær ennfremur sérstakt viðurkenningarskjal fyrir fjölda sambanda í páskaleikum ársins.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, 1. sæti í Páskaleikum ÍRA 2022.

Andrés Þórarinsson TF1AM, 2. sæti í Páskaleikum ÍRA 2022.

Verðlaunagripir og viðurkenningar vegna VHF/UHF leika ÍRA 2021 voru jafnframt afhentir. Verðlaunahafi: Magnús Ragnarsson TF1MT fyrir 2. sæti. Magnús fær ennfremur sérstök viðurkenningarskjöl fyrir bestu ljósmyndina og skemmtilegustu færsluna á Facebook í leikunum í fyrra. Þá voru einnig afhentar viðurkenningar vegna TF útileika ÍRA 2021. Verðlaunahafi: Einar Kjartansson TF3EK fyrir 2. sæti.

Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, 3. sæti í Páskaleikum ÍRA 2022. auk viðurkenningarskjals fyrir fjölda sambanda í leikunum.

Einar Kjartansson TF3EK, 2. sætið í TF útileikum ÍRA árið 2021.

Ástæða þess að eldri verðlaunagripir og viðurkenningaskjöl eru til afhendingar nú, er að vegna Covid-19 stóð til að afhending færi fram á aðalfundi félagsins 20. febrúar s.l. Slæmt veður og færð þann dag voru þess hins vegar valdandi að ekki gátu nema hluti verðlaunahafa mætt á fundarstað þá.



Benedikt Sveinsson TF3T sýndi fjölmargar glærur með erindi sínu, þ.á.m. þessa þar sem heildarplan fyrir TF3D er teiknað upp.

Að lokum flutti Benedikt Sveinsson, TF3T frábært erindi um uppbyggingu stöðvar þeirra Guðmundar Sveinssonar, TF3SG (bróður hans) TF3D, sem er staðsett við Stokkseyri.

Benedikt hreif viðstadda með sér inn í heim loftnetahönnunar, loftnetasmíða og uppbyggingar nútíma keppnisstöðvar í alþjóðlegum keppnum. Stór skemmtilegt, fróðlegt og eftirminnilegt erindi.

Að lokinni dagskrá kvöldsins. Frá vinstri: Benedikt Sveinsson TF3T, Georg Magnússon TF2LL, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Yngvi Harðarson TF3Y og Jónas Bjarnason TF3JB. Þakkir til Kristjáns Benediktssonar TF3KB fyrir ljósmyndir.

Skemmtilegt kvöld. Bestu þakkir til fyrirlesara, félagsmanna og gesta. Alls mættu 30 félagar og 2 gestir í Skeljanes þetta rokmikla sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

7. júlí – Loftnet og loftnetsefni frá TF3IT.

Ársæll Óskarsson, TF3AO færði félaginu að gjöf loftnet og álrör frá Jónasi Þ. Artúrssyni, TF3IT 7. júlí.

Félagarnir Bjarni Magnússon TF3BM, Jónas Þ. Artúrsson TF3IT og Reynir Björnsson TF3RL í Skeljanesi. Mynd: TF3JB.

Moonraker GP2500 stangarnetið sundurtekið á stóra fundarborðinu í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

Í dótinu er m.a. loftnet frá Moonraker af gerðinni GP2500. Það er 7.13 metra hátt stangarnet fyrir 80-6 metra böndin sem er gert til að nota án radíala eða mótvægis. Það er gefið upp fyrir 250W, er 3.8 kg að þyngd og er gert fyrir að festa á rör sem er frá 25-42mm í þvermál.

Þakkir til Jónasar, TF3IT fyrir að hugsa til félagsins og til Sæla, TF3AO fyrir að flytja dótið í Skeljanes.

7. júlí – Gögn sem varða áhugamálið.

Haukur Þór Haraldsson, TF3NA hafði samband við félagið skýrði frá því að hann hafi undir höndum gögn sem félagið mundi líklega vilja varðveita. Hann sendi meðfylgjandi ljósmyndir. Haukur fékk svar um hæl þar sem honum var sagt að svo væri. Þakkir til Hauks fyrir að hugsa til félagsins.



Bréf frá Póst- og símamálastjórninni til Magnúsar Blöndal TF3MB dags. 19.5.1947. og félagatal ÍRA árið 1973 (fyrir 49 árum).

9. júlí – TF3HQ í IARU HF Championship keppninni 2022.

Kallmerki félagsins, TF3HQ var virkjað frá Skeljanesi á 20m SSB laugardaginn 9. júlí. Alls voru höfð 162 QSO í þokkalegum skilyrðum, aðallega til Evrópu og N-Ameríku. TF3JB var á hljóðnemanum. Notað var 100W sendiafl. Loftnet var Hustler 5-BTV stangarloftnet félagsins.



ICOM IC-7610 stöð félagsins var notuð í IRAU HF Championship keppninni. Ljósmynd: TF3JB.

9. júlí – HB9RYV í Skeljanesi.

Peter Ens, HB9RYV kíkti við í Skeljanesi laugardaginn 9. júlí. Hann sagðist hafa heyrt TF3HQ í loftinu í HF stöð í bifreið sinni. Peter hefur áður komið í heimsókn í Skeljanes, en þetta er 6. ferð hans til landsins. Hann hefur m.a. farið á fjöll til SOTA fjarskipta með Yngva Harðarsyni, TF3Y og áður heimsótt félagsaðstöðuna ásamt honum. Hann segist líka

Peter Ens HB9RYV í fjarskiptaherbergi IRA 9. júlí. Ljósm. TF3JB.

alltaf koma við hjá Billa, TF5B á Akureyri þegar hann er á ferð norðanlands. Að þessu sinni dvelur hann á landinu fram í september og ætlar að kíkja við aftur eitthvert næstu fimmtudagskvölda. Eftir að hann hafði haft samband við kunningja sinn heima í Sviss á SSB á 20 metrum, var boðið upp á kaffi og kex í salnum.

11. júlí – Leki í Skeljanesi.

Þegar stjórnarmenn áttu leið um félagsaðstöðuna í Skeljanesi sunnudaginn 10. júlí mátti sjá að vatn hafði lekið úr loftinu í salnum á tveimur stöðum.

Lekinn fyrir ofan bókahillurnar. Greinilega má sjá hvar flísin hafði losnað sem lá á gólfinu.

Annars vegar hafði lekið fyrir ofan tímaritahillurnar (sjá efri mynd) og lá ein loftflísin í heilu lagi á gólfinu, vel blaut. Og hins vegar, bendir til að eitthvað hafi lekið fyrir ofan stóra fundarborðið. Skemmdin í loftinu fyrir ofan borðið er þó gömul, líklegast frá árinu 2016 eða 2017.

Loftið fyrir ofan stóra fundarborðið er búið að bera þess merki í nokkur ár að þar hafi lekið. Óvíst er hvort þarna hefur lekið að þessu sinni, en a.m.k. þyrfti að mála yfir loftið til að þetta líti betur út, þ.e.a.s. ef umhverfið er þurrt.

Fylgst verður sérstaklega með ástandi loftsins í salnum næstu daga. Líklegt er, að skoða þurfi þak hússins.

Nokkuð af tímaritum félagsins blotnaði. Ljósmyndir: TF3JB.

14. júlí – OptiBeam loftnet TF3IRA.

Um nokkurn tíma hefur 4 elementa OptiBeam OB4-2Ø OWA loftnet TF3IRA verið í ólagi. Menn töldu líklegt að hluti fæðilínunnar – þ.e. RG-213 „skott“ sem tengt er við „Hardline 1/2“ kapalinn frá Andrews – væri „sökudólgurinn“.

Greinilega má sjá skemmdina á kóaxkápunni og að skermingin er sködduð og lituð af spansgrænu. Ljósmynd: TF3T.

Benedikt Sveinsson, TF3T fór upp í turninn 14. júlí og niðurstaða hans var eftirfarandi: „*Ég kíkti upp í turn og coaxinn er skemmdur, nagast í sundur - líklega fullur af vatni…best væri að skipta um hann alveg út við loftnet. Næst best að klippa þarna og tengja nýtt skott*“.

Líklega verður klippt á kapalinn og tengt nýtt skott til bráðabirgða en ljóst er að skipta þarf um kapalinn (frá tengingunni við Hard-line kapalinn) fyrir veturinn. Og um leið að gæta að lagningu hans svo ekki komi til skemmd á ný. Þakkir til Benedikts fyrir að hafa klifið turninn og skoðað kapalinn.

15. júlí – SAC keppnunum 2022 aflýst.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Scandinavian Activity keppnunum 2022 á morsi og tali hefur verið aflýst. Tilkynning þessa efnis birtist frá keppnisstjórn á heimasíðu keppninnar í dag, 15. júlí.

Keppnisnefnd SAC nefnir sem ástæðu yfirstandandi stríðsátök í Evrópu.

Þessum upplýsingum er hér með komið á framfæri.

Stjórn ÍRA.

15. júlí – TF1A verður QRV „/P“ um QO-100.

DXTO M4-EX er nýr tíðnibreytir (*e. transverter*) fyrir Es'hail 2 / QO-100 gervitunglið. Tækið er hannað af tveimur indverskum leyfishöfum, VU2XTO og VU2KGB og framleitt þar í landi.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A tekur við DXTO M4-EX tíðnibreytinum á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen 25. júní s.l. Mynd: Ham Photos.

Tækið vinnur sjálfstætt og breytir merkjum á 28 MHz upp á 2.4 GHz þannig að tölva er óþörf. Útgangsafl er mest 10W á CW. Tækinu fylgir breytt LNB og GPS loftnet. Það eina sem þarf að bæta við er loftnetsdiskur og henta gervihnattadiskar sem eru seldir hér á landi. Innkaupsverð er 990 evrur (um 138.000 krónur), auk flutningskostnaðar til landsins.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A fékk sýningareintakið lánað í Friedrichshafen í síðasta mánuði til kynningar hér á landi. Hann hyggst m.a. taka það með sér í sumarfríið og vera QRV um gervitunglið frá mismunandi reitum á landinu, auk þess sem hann mun sýna félagsmönnum tækið í félagsaðstöðunni í Skeljanesi síðar í sumar. Vefslóð á upplýsingar: https://hamphotos.com/DXTO

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A var síðast QRV sem /P, þ.e. sem TF1A/LH við Knarrarósvita 17. ágúst 2020. Úlpan kom í góðar þarfir enda nokkur næðingur við ströndina að sögn Ara, þrátt fyrir sólríkt veður. Ljósmynd: TF3AB.

Ari reiknar með að verða á ferðinni umhverfis landið seinni hluta júlímánaðar, m.a. til að vera QRV um Es'hail 2 / QO-100 gervitunglið. Margir leyfishafar bíða [erlendis] eftir ferðalaginu til að geta haft samband við Ara frá mismunandi reitum.

16. júlí – Nýir leyfishafar í Skeljanesi.

Í skipulagi vornámskeiðs ÍRA 2022 sem lauk með prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis 21. maí s.l. var gert ráð fyrir sérstökum degi (eftir prófið) í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi. Þar segir m.a.: „*Farið í félagsaðstöðu ÍRA og fjarskiptaherbergi og loftnet skoðuð. Nemendur gera prufuútsendingar undir nafni TF3IRA með stöðvarstjóra. Útfært síðar með tíma*".

Jónas Bjarnason TF3JB fór yfir helstu þætti í starfsemi félagsins.

Af ýmsum ástæðum frestaðist þessi sérstaki dagur þar til laugardaginn 16. júlí kl. 10:00. Sendur var tölvupóstur á þá sem stóðust próf (alls 11 manns) með viku fyrirvara – með boði um að mæta í Skeljanes. Svör bárust frá 6 sem ýmist voru erlendis eða í sumarfríi innanlands þannig að ljóst var að mest 5 mundu geta mætt. Engu að síður var ákveðið að halda sig við auglýstan dag og mættu tveir nýir leyfishafar í Skeljanes.

Við byrjum daginn á að fá okkur morgunkaffi í salnum þar sem farið var yfir helstu þætti í starfsemi ÍRA og var byggt á nýju ávarpsbréfi og kynningarriti félagsins. Fjallað var m.a. um félagsstarfið undir „eðlilegum kringumstæðum"; nú þegar Covid-19 faraldurinn er frá. Vakin var athygli á vor- og vetrardagskrám sem í boði eru á tímabilinu febrúar-maí og í október-desember.

Stuttlega var skýrt frá fjarskiptaviðburðum á vegum ÍRA, þ.e. Páskaleikunum, VHF/UHF leikunum og TF útileikunum. Einnig var skýrt frá útgáfustarfseminni, þ.e. félagsblaðinu CQ TF, ársskýrslu og heimsíðu og vakin athygli á heimasíðu félagsins og undirsíðu CQ TF, þar sem lesa má öll félagsblöðin frá upphafi. Einnig var farið yfir framboð endurvarpa í VHF og UHF tíðnisviðunum, vakin athygli á viðtækjunum fjórum yfir netið og radíóvitunum tveimur á 50 og 70 MHz. Einnig var almennt rætt um HF tíðnisviðin og bandplön þar að lútandi.

Í fjarskiptaherbergi TF3IRA var forprentuðum fjarskiptadagbókum TF3IRA dreift og farið yfir skráningu í „logg". Síðan voru útskýrðar hefðir í fjarskiptum radíóamatöra [og farið yfir] hvernig kallað er CQ og CQ DX. Þátttakendur spurðu spurninga og var nokkrum sinnum æft hvernig QSO fara fram.

Ekki voru skilyrðin beint fýsileg; K-gildi var hátt og fá merki á 20m SSB nema nokkur rússnesk, en Russian Radio Team keppnin stóð yfir frá kl. 07-15 í dag. Í ljósi þessa var kallað CQ en ekkert svar. Við svo búið mátti ekki standa og því gripið til þess ráðs að hringja í Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN sem kom strax á bandið og hafði samband, bæði við Antoniu (TF3ST) og Guðmund (TF3VL).

TF3ST í fyrsta QSO'i við TF2MSN.

Þegar samböndunum við TF2MSN var að ljúka kom á tíðnina hollenskur leyfishafi sem var /P og var rúmlega S9 á mæli og töluðu þau bæði við hann. Segja má að fyrstu QSO þeirra beggja – hvorutveggja

TF3VL í fyrsta QSO'i við TF2MSN.

við íslenskan leyfishafa og DX stöð hafi gengið prýðilega. Þar fyrir utan var Óðinn Þór mjög hvetjandi; bauð þau velkomið í loftið og sagði sína reynslu frá því þegar hann byrjaði sjálfur fyrst í loftinu árið 2011.

Þrátt fyrir lítt spennandi skilyrði, voru þau bæði ánægð. Það var því gerð tillaga um að þau mæti í Skeljanes eitthvert fimmtudagskvöld á næstunni og þá verði þau æfð í að fara í loftið. Þau tóku vel í það. Í framhaldi færðum við okkur yfir í herbergi QSL stofunnar og var virkni QSL Bureau'sins skýrð út.

Í salnum í Skeljanesi skömmu áður en staðurinn var yfirgefinn kl. 13:30. Frá vinstri: TF3PW, TF3VL, TF3JB og TF3ST. Þakkir til Kristjáns Benediktssonar TF3KB fyrir ljósmyndir.

Að lokum var aftur farið niður í sal og mikið rætt. Þegar klukkan var að verða 13:30 var húsið yfirgefið. Þakkir til Jóns Björnssonar, TF3PW umsjónarmanns námskeiða ÍRA og Kristjáns Benediktssonar NRAU/IARU tengiliðar ÍRA fyrir að mæta á staðinn, hjálpa til og vera til svara. Sérstakar þakkir til Óðins Þórs Hallgrímssonar, TF2MSN fyrir að koma á 20m og ræða við nýju leyfishafana. Síðast en ekki síst þakkir til þeirra Antoniu Sabrinu Stevens, TF3ST og Guðmundar Veturliða Einarssonar, TF3VL fyrir að mæta í Skeljanes. Skemmtilegur og vel heppnaður laugardagur!

17. júlí - VHF/UHF leikar ÍRA 2022, úrslit.

VHF/UHF leikar félagsins fóru fram 1.-3. júlí. Alls var 21 kallmerki skráð til leiks en 19 sendu inn dagbókarupplýsingar. Niðurstöður voru eftirfarandi:

1. sæti Andrés Þórarinsson, TF1AM – 139.440 stig.
2. sæti Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY – 64.125 stig.
3. sæti Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN – 55.440 stig.
4. sæti Eiður Kristinn Magnússon, TF1EM – 19.619 stig.
5. sæti Sigmundur Karlsson, TF3VE – 15.540 stig.
6. sæti Benedikt Sveinsson, TF3T – 9.870 stig.
7. sæti Jón Óskarsson, TF1JI – 7.500 stig.
8. sæti Erling Guðnason, TF3E – 6.642 stig.
9. sæti Jón Guðmundsson, TF3LM – 5.985 stig.
10. sæti Smári Hreinsson, TF8SM – 3.838 stig.
11. sæti Íslenskir radíóamatörar, TF3IRA – 3.696 stig.
12. sæti Heimir Konráðsson, TF1EIN – 2.676 stig.
13. sæti Georg Magnússon, TF2LL – 2.611 stig.
14. sæti Jónas Bjarnason, TF3JB – 2.124 stig.
15. sæti Björn Þór Hrafnkelsson, TF8TY – 1.428 stig.
16. sæti Mathías Hagvaag, TF3MH – 800 stig.
17. sæti Guðmundur Sveinsson, TF3SG – 36 stig.
18. sæti Kristján Benediktsson, TF3KB – 6 stig.
19. sæti Jón Þ. Jónsson, TF3JA – 4 stig.

Hamingjuóskir til TF1AM, TF8KY og TF2MSN fyrir verðskuldaðan árangur í fyrstu þremur sætunum. Þeir hljóta verðlaunagripi félagsins að launum.

Í ár eru einnig veittar viðurkenningar til þeirra þriggja þátttakenda sem höfðu fyrir flest sambönd í leikunum. Niðurstöður voru eftirfarandi:

1. Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN – 171 QSO.
2. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY – 140 QSO.
3. Eiður Kristinn Magnússon, TF1EIM – 121 QSO.

Hamingjuóskir til TF2MSN, TF8KY og TF1EM fyrir verðskuldaðan árangur í fyrstu þremur sætunum. Þeir hljóta viðurkenningar félagsins að launum.

Sérstakar þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY, umsjónarmanns VHF/UHF leikanna fyrir vel heppnaðan viðburð, frábæran gagnagrunn og framúrskarandi gott utanumhald. Síðast en ekki síst, bestu þakkir til félagsmanna fyrir góða þátttöku.

Loftnet TF1AM í VHF/UHF leikunum 2022. Ljósmynd: TF1AM.

17. júlí – Radíódót frá TF1A.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A færði félaginu töluvert af radíódóti 17. júlí, m.a. mælitæki frá Rohde & Schwarz samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Þakkir til Ara fyrir hugulsemina.

Að ofan: Rohde & Schwarz Directional Power Meter · NA5

Í körfunni er margskonar radíódót, m.a. mörg LNB, skiptibox og fleira. Ljósmyndir: TF1A.

17. júlí – IARU HF Championship keppnin 2022.

Keppnin fór fram helgina 9.-10. júlí. Kallmerkið félagsins, TF3HQ var QRV frá Skeljanesi laugardaginn 9. júlí á 20m SSB. Alls voru höfð 65 QSO. Hustler 5-BTV stangarloftnet félagsins var notað. TF3JB var á hljóðnemanum. Þakkir til TF3VS fyrir aðstoð við rafræna innsetningu gagna fyrir TF3HQ.

A.m.k. 9 TF kallmerki tóku þátt í keppninni, á SSB og/eða CW. Dagbókum var skilað til keppnisstjórnar fyrir þessi TF kallmerki þegar skilafrestur gagna var úti: TF2LL, TF3D, TF3DC, TF3HQ, TF3JB, TF3VS og TF8KY.



Kallmerkið TF3HQ var sett í loftið frá Skeljanesi í IARU HF Championship keppninni 2022.

18. júlí – Erindi sent til Fjarskiptastofu.

ÍRA sendi erindi til Fjarskiptastofu 18. júlí með ósk um tímabundna heimild til handa íslenskum leyfishöfum um að mega nota allt að 100W á 60 metra bandi í útileikunum 2022. Jákvætt svar barst við erindinu frá FST.

Um er að ræða samskonar tímabundna heimild og félagið fékk árin 2019, 2020 og 2021.

20. júlí – YOTA keppnin 2022; 2. hluti.

Innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður:

„Yongsters On The Air“ verkefnið í IARU Svæði 1 gengst fyrir þremur YOTA keppnum á ári á HF. Markmiðið stuðla að virkni ungra leyfishafa um allan heim. Allir leyfishafar eru velkomnir að taka þátt, burtséð frá aldri. Þrír keppnisdagar eru á ári og er hver keppni 12 klst.

1. hluti fór fram 21. maí s.l.

2. hluti fer fram laugardaginn 23. júlí kl. 10:00 til 21:59.

3. hluti fer fram 30. desember n.k.

Keppnin fer fram á SSB og CW á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Skilaboð: RS(T) + aldur leyfishafa.

YOTA verkefnið „Youngsters On The Air“ er sameiginlegt verkefni landsfélaga radíóamatöra innan IARU. Verkefnið hófst árið 2018 og hefur ÍRA hefur tekið þátt frá upphafi. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ er ungmennafulltrúi ÍRA og YOTA verkefnisstjóri og Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN, aðstoðarverkefnisstjóri YOTA.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ og Árni Freyr Rúnarsson TF8RN í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: TF3JB.

26. júlí – TF útileikarnir 2022.

Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður TF útileikanna sendi stjórn félagsins erindi þann 17. júlí með tillögum um breytingu á reglum leikanna.

Þær eru svohljóðandi: „Ég legg til að textinn „eða breidd og lengd, í heilum gráðum, t.d. 6421“ í 4. grein verði felldur á brott. (þetta ákvæði hefur aldrei verið notað). Meginbreytingin felst í því að stytta tímabilið

úr þremur í tvo sólarhringa og að afnema takmörk á fjölda sambanda. Breytingarnar voru samþykktar formlega [eftirá] á 3. fundi í stjórn félagsins 10. ágúst.

Tilkynnt var um uppfærðar reglur leikanna á heimasíðu og FB síðum 24. júlí ásamt upplýsingum um tímabundna heimild til að nota allt að 100W á 60 metra bandi í leikunum. Degi síðar, 25. júlí voru kynnt sérstök dagbókareyðublöð til nota í leikunum á heimasíðu og FB síðum með vefslóð til útprentunar.

29. júlí – Frá opnun í Skeljanesi 28. júlí.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 28. júlí fyrir félagsmenn og gesti.

Mathías Hagvaag TF3MH, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Smári Hreinsson TF8SM, Benedikt Sveinsson TF3T, Björgvin Víglundsson TF3BOI og Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður á báðum hæðum. Mikið var rætt um tæki og búnað, m.a. nýju K4D stöðina frá Elecraft, en hugsanlega er eintak á leiðinni til landsins á næstu vikum. Einnig var rætt um stóru heimastöðvarnar frá FlexRadio, Icom, Kenwood og Yaesu. Menn voru ennfremur áhugasamir um TF útileikana sem byrja á hádegi laugardaginn 30. júlí.

Smári Hreinsson, TF8SM færði félaginu töluvert magn af radíódóti sem verður til afhendingar frá og

Sigurður Smári Hreinsson TF8SM ásamt Jóni E. Guðmundssyni TF8KW í ganginum í Skeljanesi eftir að þeir höfðu borið dótið í hús.

Frá vinstri: Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33 og Benedikt Sveinsson TF3T (standandi). Við borðið: Mathías Hagvaag TF3MH, Valtýr Einarsson TF3VG, Jón E. Guðmundsson TF8KW, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA.

með næsta opnunarkvöldi. Vel heppnað fimmtudagskvöld í mildri léttrigningu í vesturbænum í Reykjavík. Alls 24 félagar og 1 gestur í húsi.

30. júlí – TF útileikarnir eru um helgina.

Innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður:

TF útileikarnir byrja í dag, laugardag 30. júlí – á hádegi. Leikarnir standa í tvo sólarhringa og lýkur á hádegi á mánudag.

Reglur hafa verið uppfærðar. Megin breytingin felst í því að stytta tímabilið úr þremur í tvo sólarhringa og að afnema takmörk á fjölda sambanda. Einar Kjartansson, TF3EK, umsjónarmaður leikanna, veitir allar upplýsingar: einar52hjágmail.com

Félagsstöðin TF3IRA verður virkjuð frá Skeljanesi a.m.k. á laugardag, frá kl. 12-18 og verður félagsaðstaðan opin á sama tíma. Félagsmenn eru hvattir til að líta við og hjálpa við að setja félagsstöðina í loftið og taka í hljóðnema og/eða morslykil. Heitt verður á könnunni.

Vefslóð á keppnisreglur:
http://www.ira.is/tf-utileikar/
Vefslóð á heimasíðuna fyrir leikana:
http://eik.klaki.net/cgi-bin/utileikar
Vefslóð á erindi TF3EK um útileikana:
http://eik.klaki.net/tmp/utileikar18.pdf
Slóðin á innsláttarforrit er
https://eik.klaki.net/cgi-bin/utileikar
Dagbókareyðublað á Word-sniði:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/07/Loggur-TF-utileikar-2022.docx
Dagbókareyðublað á PDF-sniði:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/07/Loggur-TF-utileikar-2022.pdf
Sýnishorn af útfylltri keppnisdagbók:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/07/Loggur-TF-utileikar-synishorn.pdf

Þetta er úr dagbók TF3IRA frá 2020, til glöggvunar fyrir þá sem ekki þekkja vel til.

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt!

31. júlí – TF útileikarnir hálfnaðir.

Innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður:

TF útileikarnir eru hálfnaðir á hádegi í dag, sunnudag. Virkni hefur verið góð og skilyrði ágæt um allt land. Leikunum lýkur á morgun (mánudag) á hádegi.

Uppfærðar reglur hafa komið vel út, en megin breytingin felst í því að stytta tímabilið úr þremur í tvo sólarhringa og að afnema takmörk á fjölda sambanda.

Jónas Bjarnason TF3JB á hljóðnemanum frá TF3IRA í TF útileikunum. Ljósm. TF3KB.

Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð frá Skeljanesi í gær, laugardag á 40, 60, 80 og 160 metrum. Góð sambönd náðust m.a. við Kristján TF4WD á Sauðárkróki, Andrés TF1AM í Þingvallasveit, Einar TF3EK á Svalbarðseyri, Ólaf Örn TF1OL fyrir utan Stykkishólm – auk margra góðra samanda við aðra leyfishafa sem voru staddir nær.

Erling Guðnason TF3E á hljóðnemanum frá TF3IRA í TF útileikunum. Ljósm. TF3JB.

Loftnetið okkar á 160 metrum kom vel út. Það var notað á 160, 60 og 80m en Hustler 5-BTV stangarnetið á 40m. Ekkert CW samband var haft frá Skeljanesi að þessu sinni.

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt!

2. ágúst – TF útileikunum lokið.

TF útileikunum 2022 lauk á hádegi 1. ágúst. Viðburðurinn gekk með ágætum í þokkalega góðum skilyrðum.

Yfir 20 TF kallmerki voru í loftinu um allt land á 160, 60, 80 og 40 metrum. Reglur voru uppfærðar fyrir leikana í ár og fólst meginbreytingin í því að

Meðal félagsmanna sem litu við í Skeljanesi 30. júlí: Erling Guðnason TF3E, Kristján Benediktsson TF3KB og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósm. TF3JB.

stytta tímabilið úr 3 í 2 sólarhringa og að afnema takmörk á fjölda sambanda. Menn eru sammála um að breytingin hafi komið vel út.

Sérstakar þakkir til Einars Kjartanssonar, TF3EK fyrir gott utanumhald og til félagsmanna fyrir góða þátttöku.

Andrés Þórarinsson, TF1AM setti skemmtilegan texta og mynd inn á FB síðu félagsins í útileikunum.

„Einar, TF3EK, umsjónarmaður útileikanna, er hér í leiðangursbíl sínum við Gásir í Eyjafirði í síðustu viku. Þar var hann að fínpússa tækin sín og loftnet fyrir komandi útileika. Þá fór hann um og það heyrðist í honum við Húsavík, í Vaglaskógi og víðar og hann sópaði inn samböndum þrátt fyrir vegalengd. Takk fyrir leikana, Einar".

6. ágúst – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (*e. cluster*) vikuna 30. júlí til 5. ágúst 2022.

Alls fengu 17 íslensk kallmerki skráningu að þessu sinni á FT4, FT8, tali (SSB) og morsi (CW) á 6, 10, 15, 17, 20 og 80 metrum.

Upplýsingarnar eru fengnar á http://www.dxsummit.fi/#/ Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund-/ir útgeislunar og band/bönd:

TF1EIN	FT8 á 6 metrum.
TF1EM	FT8 á 6, 17 og 40 metrum.
TF1OL/P	FT8 á 15, 17 og 20 metrum.

TF1VHF/B	CW á 6 metrum.
TF2CT	FT8 á 17 metrum.
TF2MSN	FT4, FT8 og SSB á 6, 17 og 20 metrum.
TF3D	CW á 15, 20, 40 og 80 metrum.
TF3JB	CW á 6, 15, 17, 20 og 30 metrum.
TF3MH	FT8 á 10 metrum.
TF3PPN	FT8 á 20 metrum.
TF3SG	CW á 6 og 17 metrum.
TF3VE	FT4 og SSB á 20 og 80 metrum.
TF3VS	FT4 og FT8 á 17, 20 og 40 metrum.
TF4M	CW á 30 metrum.
TF5B	FT8 á 17 og 20 metrum.
TF7DHP	SSB á 80 metrum.
TF8KY	SSB á 6 metrum.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

Daggeir Pálsson TF7DHP var virkur á tímabilinu á SSB á 80 metrum. Myndin er af glæsilegri fjarskiptaaðstöðu hans á Akureyri. Ljósmynd: TF7DHP.

8. ágúst – WAE keppnin 2022 á morsi.

Innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður:

Ein af stóru keppnum ársins er Worked All Europe (WAE) keppnin. Morshlutinn verður haldinn helgina 13.-14. ágúst. Þetta er 48 klst. keppni, en þátttaka er leyfð samanlagt í mest 36 klst.

Markmiðið er að hafa sambönd við stöðvar utan Evrópu, þ.e. sambönd innan Evrópu gilda ekki í keppninni. Skilaboð: RST+raðnúmer. QTC skilaboð gefa punkta aukalega.

Sambönd við hverja nýja DXCC einingu (e. entity) gilda sem margfaldarar, auk sambanda við hvert nýtt kallsvæði í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Nýja Sjálandi, Suður-Afríku, Japan og Brasilíu, auk kallsvæðanna RA8 og RA9.

Margfaldarar hafa aukið vægi eftir böndum; á 80 metrum fjórir, á 40 metrum þrír og á 20/15/10 metrum tveir. WAE er haldin á vegum landsfélags radíóamatöra í Þýskalandi.

Vefslóð á keppnisreglur:

https://www.darc.de/der-club/referate/conteste/wae-dx-contest/en/wae-rules/

9. ágúst – Sumarbúðir YOTA í 10 ár.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA ferðaðist til Króatíu frá Hollandi 6. ágúst til að taka þátt í sumarbúðum „*Youngsters On The Air*“ verkefnisins, en þetta er 10. árið sem efnt er til sumarbúða á vegum YOTA í IARU Svæði 1.

Sérstök kallmerki eru virkjuð frá sumarbúðunum; m.a. 9A22YOTA, 9A1YOTA, 9A2YOTA, 9A3YOTA, 9A4YOTA, 9A5YOTA og 9A100QO. Sjá nánar vefslóðina: https://www.ham-yota.com/9a-summer-camp-award/

Elín ætlar að reyna vera sem mest í loftinu og sagðist vonast til að hafa sambönd við sem flestar TF stöðvar eftir því sem skilyrði leyfa.

Mynd frá fjarskiptaaðstöðu 9A22YOTA í sumarbúðunum. Yfirleitt eru 3 stöðvar í gangi samtímis. Ljósmynd: YOTA

U.þ.b. 80 þátttakendur eru í sumarbúum YOTA í Króatíu. Búðunum verður formlega slitið laugardaginn 13. ágúst.

11. ágúst – QSO við TF2EQ í Króatíu.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA náði sambandi við Ara Þórólf Jóhannesson, TF1A um gervitunglið QO-100 þegar hann var staddur á Akureyri (IPØ5wp) með ferðastöð sína til fjarskipta um tunglið. Ari sagði að hún hafi náð flott í gegnum mikla kös á bandinu (*e. „pile-up“*).

Elín Sigurðardóttir TF2EQ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A á góðri stundu í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

Daggeir Pálsson TF7DHP og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A. Myndin var tekin 11. ágúst við ferðaloftnet TF1A á Akureyri. Mynd: XYL TF1A.

Kallmerki Elínar var 9A1ØØQO. Ari Þórólfur sagði að Elín hafi beðið fyrir góðar kveðjur til félaganna heima á Íslandi. Elín ætlar að reyna að vera sem mest í loftinu og sagðist vonast til að hafa sambönd við sem flestar TF stöðvar.

Önnur kallmerki í sumarbúðunum eru m.a. 9A22YOTA, 9A1YOTA, 9A2YOTA, 9A3YOTA, 9A4YOTA, 9A5YOTA og 9A100QO. Sjá nánar vefslóðina: https://www.ham-yota.com/9a-summer-camp-award/

13. ágúst – DXCC skráning TF kallmerkja.

Uppfærð DXCC staða TF kallmerkja er miðuð við 13. ágúst 2022. Upplýsingar liggja fyrir um a.m.k. 23 íslensk kallmerki sem hafa sótt um og fengið DXCC viðurkenningar til þessa dags.

Líkur benda til, að DXCC viðurkenning Einars Pálssonar, TF3EA hafi verið sú fyrsta sem gefin var út til íslensks leyfishafa. Einar virðist hafa verið virkur strax/fljótlega eftir útgáfu leyfisbréfs, en fyrsta reglugerðin um starfsemi radíóamatöra var gefin út af Póst- og símamálastjórninni 7. febrúar 1947. Til marks um virkni Einars, geta heimildir m.a. um að hann hafi tekið þátt í fyrstu CQ World Wide DX keppninni árið 1948 (bæði í tal- og morshlutanum). Einar Pálsson, TF3EA var handhafi leyfisbréfs nr. 1 á Íslandi, fyrsti formaður ÍRA og fyrsti heiðursfélagi ÍRA.

TF kallmerki með DXCC skráningu: *Virk skráning (15):* TF1A, TF2LL, TF3DC, TF3DT, TF3EK, TF3G, TF3IRA, TF3JB, TF3MH, TF3SG, TF3VS, TF3Y, TF4M, TF5B og TF8GX. *Óvirk skráning (3):* TF3IM, TF3SV og TF2WLC. *Eldri kallmerki með óvirka skráningu (5):* TF3AR, TF3EA, TF3SG, TF3ZM og TF5TP.

14. ágúst – Uppfærsla hjá Kortastofu ÍRA.

Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri kortastofu ÍRA lauk við árlega uppfærslu á merkingum QSL hólfa stofunnar sunnudaginn 14. ágúst.

Mathías sagði, að nú væru 142 félagar með merkt hólf fyrir QSL kort. Þar sem nýlega hafi bæst við fjöldi nýrra leyfishafa kvaðst hann vilja benda á að nýtt kallmerki fái sérmerkt hólf um leið og kort byrja að berast. Eftir að samband er haft, megi gera ráð fyrir að fyrstu kortin taki að berast um bureau'ið 6-18 mánuðum síðar.

Mathías Hagvaag TF3MH QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau í Skeljanesi 14. ágúst. Ljósmynd: TF3JB.

Mathías nefndi, að félagsmenn geti gengið að því sem vísu þegar þeir koma í félagsaðstöðuna á fimmtudagskvöldi, að ný kort bíði á staðnum – að því gefnu að kort hafi borist daginn áður. En vitjað er um kortasendingar erlendis frá í pósthóf ÍRA hvern miðvikudag og eru sendingar flokkaðar sama dag. Þakkir til Mathíasar fyrir vel unnin störf.

16. ágúst – Fundur SYLRA 2022 í Finnlandi.

Fundur *Scandinavian Young Lady Radio Amateurs (SYLRA)* 2022, fer fram í borginni Turku í Finnlandi dagana 18.-21. ágúst.

Búist var við um 30 YL's á fundinn, auk kvenamatöra frá öðrum Evrópulöndum. Íslensku fulltrúarnir eru þær Anna Henriksdóttir, TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD.

Þátttakendur áforma að virkja kallmerkið OH1SYL dagana 21.-23. ágúst frá Katanpää eyju, IOTA EU-096. QSL via OH5KIZ.

Anna Henriksdóttir TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD. Myndin var tekin í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

16. ágúst – Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2022.

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin verður haldin helgina, 20.-21. ágúst. Vefslóð viðburðarins: https://illw.net/index.php/entrants-list-2022

Tveir íslenskir vitar höfðu verið skráðir 19. ágúst. Það eru Knarrarósviti (IS-0001) austan við Stokkseyri og Garðskagaviti (IS-0002) á Reykjanesi.

Svanur Hjálmarsson, TF3AB mun virkja Knarrarósvita á HF og Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A um QO-100 gervihnöttinn.

Svanur TF1AB.

Ari TF1A.

Á sunnudag mun Ari Þórólfur flytja sig um set og virkja Garðskagavita (einnig um QO-100). Bestu þakkir til þeirra Svans og Ara Þórólfs fyrir fyrir gott framtak.

18. ágúst – Arngrímur Jóhannsson TF5AD fór á kostum.

Arngrímur Jóhannsson, TF5AD var sérstakur gestur ÍRA í Skeljanesi 18. ágúst. Hann sagði frá flutningi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og hans á sinfóníunni SOS eftir Jón Hlöðver Áskelsson sem fram fór í menningarhúsinu Hofi á Akureyri í febrúar s.l.

Hann sýndi okkur mynd frá viðburðinum. Afar áhrifamikið var að sjá og heyra flutning verksins og hóflega háa tóna morsmerkjanna hljóma í bakgrunni – og í innskotsmynd – sást Arngrímur senda morsið og neðst birtust stafirnir á „rúllandi“ textaskrá.



Arngrímur Jóhannsson TF5AD skýrði frá undirbúning flutnings Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og hans á sinfóníunni SOS eftir Jón Hlöðver Áskelsson sem fram fór í menningarhúsinu Hofi á Akureyri í febrúar s.l. Ljósm.: TF3JON.

Arngrímur sagðist vilja þakka þeim Sigurði Harðarsyni, TF3WS sem var honum til aðstoðar og lánaði m.a. M.P. Pedersen handmorslykilinn. Einnig, Hrafnkeli Sigurðssyni, TF8KY sem smíðaði tækið sem þýðir merkin frá morslyklinum og sendir áfram til

Arngrímur skýrði frá tækinu sem Hrafnkell Sigurðsson TF8KY smíðaði og þýddi morsmerkin sem hann sendi frá Pedersen lyklinum og birtust á "rúllandi" textaskrá á tónleikunum. Ljósm.: TF3JON.

birtingar. Arngrímur gat þess, að hann hafi í hyggju að færa ÍRA eintak af heimildarmynd frá tónleikunum sem er í vinnslu.

Arngrímur byrjaði þó erindi sitt mun framar í tíma, eða upp úr árinu 1961 þegar hann gekkst undir próf til amatörleyfis og sagði að sér væri sérstaklega minnisstætt smíðaprófið sem Ríkharður Sumarliðason, TF3RS annaðist á Sölvhólsgötunni fyrir hönd Landssímans. Hann sagði að amatörprófið hafi verið góður undirbúningur undir loftskeytaprófið sem hann tók árið 1968.

Hann sagði okkur einnig fá öðru áhugamáli sínu, sem er flugið. Hann tók flugmannspróf árið 1966 og sýndi okkur m.a. stutta mynd af flugi á svifflugvél sinni. Að lokum fengu viðstaddir að spreyta sig á að senda merki á morsi frá handlyklinum gegnum "morsvélina" frá TF8KY og birtust stafirnir samtímis á tjaldinu.

TF5AD í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Arngrímur var mjög hrifinn af aðstöðunni og hafði hug á að "taka í lykil" á 20 metrunum – en eins og sjá má á skjánum (hægra megin á myndinni) voru ekki mörg merki á bandinu enda K-gildið um 5. Hann ætlar því að taka nokkur sambönd frá félagsstöðinni næst þegar hann kemur í heimsókn í Skeljanes. Ljósm.: TF3JON.

Sérstakir þakkir til Arngríms fyrir að heimsækja okkur í Skeljanes. Erindið var mjög áhugavert, vel flutt og veitti góða innsýn í umfjöllunarefnið. Hann er hress og spaugsamur og segir afar skemmtilega frá.

Í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Frá vinstri: Sigurður Harðarson TF3WS, Arngrímur Jóhannsson TF5AD, Jónas Bjarnason TF3JB og Hrafnkell Sigurðsson TF8KY. Ljósm.: TF3JON.

Það kunnu menn vel að meta og var lengi klappað þegar hann lauk máli sínu.

Alls mættu 27 félagar í Skeljanes þetta milda síðsumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

18. ágúst – Málað í fundarsal.

Eins og sagt var frá að framan (11. júní) hafði vatn lekið úr loftinu í salnum í mikilli rigningartíð í byrjun þess mánaðar. Lekið hafði fyrir ofan tímaritahillurnar. Ennfremur var önnur eldri lekaskemmd fyrir ofan stóra fundarborðið. Sá leki hefur líklega orðið 2016 eða 2017.

Fyrir hádegi þann 18. ágúst var drifið í að mála yfir loftið í sama lit og er á loftflísunum.

Farið var í málningarverslun Flügger í Reykjavík með eina flísina (sem fallið hafði í gólfið vegna lekans í júní). Þar var flísin skönnuð og blandaður réttur litur. Í framhaldi var málað yfir „skemmdirnar“ í loftinu.





Myndirnar sýna útlitið á loftinu yfir tímaritahillunum í salnum áður og eftir að búið var að

Nú lítur þetta betur út en áður, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Þakkir til Baldvins Þórarinssonar, TF3-Ø33 og Jónasar Bjarnasonar, TF3JB.

21. ágúst – Orgelkvartettinn Apparat.

Innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður:

Eftirfarandi erindi hefur borist til ÍRA sem hér með er komið á framfæri við félagsmenn. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband og senda tölvupóst á ira@ira.is

-

Okkur í Orgelkvartettinum Apparat langaði að athuga hvort það væri áhugi hjá ykkar félögum að taka þátt í smá orgel-radíóamatörabræðingi.

Þegar hljómsveitin var að stíga sín fyrstu skref fyrir rúmum tuttugu árum héldum við tónleika ásamt TF3IRA í Hafnarhúsinu. Þar spiluðum við á stór orgel og fjórir meðlimir ykkar komu með sínar græjur, settu heljarinnar loftnet upp á þak ef ég man rétt og reyndu að ná sambandi á meðan tónleikunum stóð.

Þetta heppnaðist einstaklega vel og eitt lagið sem þarna var flutt, Charlie Tango #2 endaði á plötunni Apparat Organ Quartet sem er nú verið að endurútgefa á vinyl.

Þann 26. október ætlum við að halda tvenna tónleika, kl.18 og 21 og spila plötuna í heild sinni. Okkur langaði að vita hvort það væri áhugi fyrir því að endurtaka leikinn frá árinu 2000 og fá ykkur til að koma inn í þessu lagi á tónleikunum.

Hér er linkur á lagið:

https://open.spotify.com/track/6w4Awf0y2iDVovAMKmx14z?si=65d4a350534140f6

Umfjöllun um tónleikana árið 2000:

https://www.mbl.is/greinasafn/grein/563767/

Frá tónleikum Orgelkvartettsins Apparats árið 2020. Frá vinstri: Ársæll Óskarsson TF3AO, Haraldur Þórðarson TF3HP, Bjarni Sverrisson TF3GB og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

22. ágúst – Heimasíða uppfærð.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Unnið er að uppfærslu efnis á heimasíðu ÍRA. Áhersla er lögð á efni á undirsíðum sem þarfnast viðhalds og leiðréttinga, en jafnframt eru uppi áform um innsetningu á nýju efni sem varðar áhugamálið.

Opnunarsíða (fréttasíða) var uppfærð 21. ágúst. Þegar síðan opnast birtast efnisdálkar til hægri með þessum fyrirsögnum:

- SDR VIÐTÆKI YFIR NETIÐ
- ÁRSSKÝRSLUR ÍRA
- FÉLAGSBLAÐ ÍRA, CQ TF
- FUNDARGERÐIR STJÓRNAR

Liðurinn „Fundargerðir stjórnar“ er nýr á þessum stað á heimasíðunni. Um er að ræða gerðir frá starfsárunum 2018/19, 2019/20, 2020/21, 2021/22 og 2022/23. Nýjustu fundargerðirnar eru efst.

Fleiri breytingar og uppfærslur eru í vinnslu.

22. ágúst - TF3D tekur þátt í WSPRnet verkefninu.
WSPRnet upplýsingakerfið er rekið af radíóamatörum sem nota „MEPT_ JT“ forrit K1JT fyrir stafrænar sendingar til að kortleggja skilyrði til fjarskipta um heiminn. Kerfið notar merki frá radíóvitum radíóamatöra sem senda út allan sólarhringinn, allt árið um kring á QRP/QRPp afli á tilgreindum tíðnisviðum á 80, 40, 20, 15 og 10 metra böndunum. Þótt WSPRnet sé næsta nýlegt verkefni (stofnað 17. maí 2021) er fyrsti áfanginn í þróun þess langt kominn.



Kort sem sýnir útbreiðslu WSPR merkja frá TF3D 16. ágúst. Kort: TF3T.

TF3D er fyrsta íslenska kallmerkið sem gerist þátttakandi í WSPRnet kerfinu og varð radíóvitinn virkur 16. ágúst 2022 á 80, 40, 20, 15 og 10 metrunum. QTH er við Stokkseyri, reitur HP93lu. Sendir er 200mW Zachtek 80-10 WSPR Desktop Transmitter. Loftnet er EFHW stangarloftnet. Benedikt Sveinsson, TF3T er ábyrgðarmaður. Fjarskiptastofa hefur veitt sendingum vitans heimild.

Þakkir til Benedikts fyrir uppsetningu búnaðarins. WSPRnet kerfið veitir íslenskum sem og erlendum leyfishöfum sem áhuga hafa á útbreiðslu radíóbylgna mikilvægar upplýsingar sem nýtast í fjarskiptum radíóamatöra um allan heim.

Slóðir: https://tinyurl.com/wzxpf26p og http://wspr.rocks/

22. ágúst – Vegleg gjöf til ÍRA.
Benedikt Sveinsson, TF3T gaf félaginu 12 metra háan loftnetsturn þann 22. ágúst. Um er að ræða fjórar þrístrendar þriggja metra áleiningar með sæti fyrir rótor og sérsmíðuðu botnstykki.

Benedikt Sveinsson TF3T.

Georg Kulp, TF3GZ hafði verið í sambandi við Benedikt og varð úr að

Georg Kulp TF3GZ kominn í Skeljanes með farminn 22. ágúst.

þeir fóru upp í Álfsnes eftir vinnu mánudaginn 22. ágúst, skrúfuðu turninn í sundur og flutti Georg einingarnar í Skeljanes.

Georg raðar einingunum upp við húsið í Skeljanesi þar sem þær verða geymdar um sinn. Ljósmyndir: TF3JB.

Benedikt ætlar að smíða nýja botneiningu á næstunni og hafa þeir Georg Magnússon, TF2LL verið í sambandi um verkefnið.

Stjórn ÍRA þakkar Benedikt Sveinssyni, TF3T fyrir frábært framlag í þágu félagsins.

24. ágúst – Orgelkvartettinn Apparat, fyrirhuguð þátttaka „söltuð“.
Georg Magnússon, TF2LL varaformaður var í sambandi við Orgelkvartettinn Apparat fyrir hönd félagsins vegna boðs þeirra til ÍRA um þátttöku í fyrirhuguðum tónleikum 26. október. Eftirfarandi póstur barst frá hljómsveitinni 24. ágúst:

> Takk fyrir póstinn og áhugann.
> Það var að koma í ljós að við höfum mjög takmarkaðan tíma í uppsetningu fyrir tónleikana þar sem salurinn (Tjarnarbíó) en mjög umsetinn.
> Því held ég að það sé kannski of mikil fyrirhöfn að gera þetta eins og ég sá fyrir mér, að þið komið inn í einu lagi. Hins vegar væri gaman að endurtaka gjörninginn einhvern tíma með sama fyrirkomulagi og um árið. Við myndum þá vera í sambandi með góðum fyrirvara. En ég held að við söltum þetta í bili.
> Kærar þakkir, yfir og út, Sighvatur.

24. ágúst – Gjafir til félagsins.

ÍRA bárust góðar gjafir 24. ágúst:

» 2 stk. Linksys Cisco SR2024 24-port 10/100/1000 Gigabit Switch.

Gefandi: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.

Gjöf frá Ara Þórólfi Jóhannessyni TF1A: 2 stk. Linksys Cisco SR2024 24-port 10/100/1000 Gigabit Switch.

» Kenwood TR-7625 144-146 MHz 5/25W FM sendistöð.

» Kenwood RM-76 utanáliggjandi eining fyrir 6 minnisrásir og leitara (*e. scanner*).

Gefandi: Daggeir H. Pálsson, TF7DHP.

Gjöf frá Daggeiri H. Pálssyni TF7DHP: Kenwood TR-7625 144-146 MHz 5/25W FM sendistöð og RM-76 utanáliggjandi einingu fyrir 6 minnisrásir og leitara (e. scanner). Ljósmyndir: TF3JB.

Stjórn ÍRA þakkar nytsamar gjafir og hlýjan hug til félagsins.

25. ágúst – Opið hús í Skeljanesi.

Góð mæting var í Skeljanesi 25. ágúst eða 24 félagar og 4 gestir.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA mætti á staðinn, nýkomin í stutt frí til landsins. Einnig Kristján J. Gunnarsson, TF4WD sem býr á Sauðárkróki. Kiddi lauk prófi 21. maí s.l. og hefur verið hvað virkastur þeirra sem náðu prófi til amatörleyfis í vor.

Skeljanesi 25. ágúst. Heimir Konráðsson TF1EIN, Sigurður Elíasson TF3-Ø44, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Kristján Gunnarsson TF4WD, Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Ljósmynd: TF3PW.

HB9GKR sýnir VE3RXH og syni hans SOTA eitt af þeim loftnetum sem hann notar í SOTA vinnu á fjöllum. Ljósmynd: TF3JON.

Auk þeirra, voru erlendir gestir félagsins þeir Ralf Doerendahl, HB9GKR frá Zürich í Sviss og Robert Haddow, VE3RXH ásamt syni sínum John, frá Ontario í Kanada.

Ralf heimsótti okkur tvisvar sinnum í fyrra (2021). Fyrst ásamt Yngva Harðarsyni, TF3Y 10. september og aftur 17. september, en þeir Yngvi hafa unnið saman í SOTA.

Ralf mikill áhugamaður um SOTA (*Summits On The Air*) verkefnið. Í ljós kom þetta kvöld, að Ralf og Robert eru báðir áhugamenn um verkefnið og á meðfylgjandi mynd er Ralf að sýna Robert, VE3RXH og syni hans SOTA loftnet sem hann notar til fjarskipta á fjöllum.

Jón Björnsson TF3PW, Robert Haddow VE3RXH og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA. Robert færði ÍRA nokkur eintök af kanadíska félagsblaðiðnu TCA. Ljósmynd: John (sonur Robs).

Rob færði ÍRA nokkur eintök af *The Canadian Amateur Magazine, TCA,* sem er félagsblað landsfélags radíóamatöra í Kanada, Radio Amateurs of Canada (RAC).



Benedikt Sveinsson, TF3T kleif turninn þetta fimmtudagskvöld og klippti inn [og lóðaði] nýjan kóax í skottið sem fæðir OptiBeam Yagi loftnet TF3IRA. Þakkir til Benedikts fyrir góða aðstoð. Myndin er af honum þar sem hann undirbjó viðgerð á kóaxinum. Ljósmynd: TF3PW.

1. september – Opið hús í Skeljanesi.

Ágæt mæting var á opið hús í Skeljanesi fimmtudaginn 1. september, 18 félagar og 2 gestir. Meðal gesta var Roman Bratchyk, UT7UA sem var í stuttri heimsókn hjá vini sínum, Alex Senchurov, UT4EK sem flutti til Íslands fyrr á þessu ári og hefur heimsótt Skeljanes nokkrum sinnum síðan. Roman er mikill áhugamaður um alþjóðlegar keppnir og notar þá kallmerkið UW1U. Hann hefur m.a. verið í loftinu frá rannsóknastöð Úkraínu á Suðurheimskautinu, *Academician Vernadsky,* auk þess að hafa verið QRV víðar frá í heiminum, samanber kallmerki hans EM1UA, EM1U, VP8CTR (Winter Isl.), 4K2OT (Franz Josef Land), XY0RR og 9D0RR.

Roman var mjög hrifinn af aðstöðu félagsins og nefndi sérstaklega fjarskiptaaðstöðu TF3IRA.

Í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi 1. september. Alex Senchurov UT4EK, Jónas Bjarnason TF3JB og Roman Bratchyk, UT7UA. Ljósmynd. TF3MH.

Alex virkjaði TF3IRA á morsi til að prófa loftnetið eftir viðgerð TF3T. Hann sagði að loftnetið væri fyrsta flokks, enda tók ekki langan tíma að fá kös (*e. pile-up*) eftir að kallað var CQ á 20 metrunum – en Alex er afbragðsgóður CW maður!

28. ágúst – 75 ára afmælisfagnaður ÍRA var haldinn 28. ágúst.

Félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA var stofnað í Reykjavík 14. ágúst 1946. 75 ár voru liðin frá stofnun þess í fyrra (2021). Vegna Covid-19 faraldursins var veisluhöldum frestað þar til sunnudaginn 28. ágúst.

Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA bauð gestum að gjöra svo vel þegar hann skar fyrstu sneiðina af tertunni. Ljósmynd: TF3JON.

Þann dag var opið hús í Skeljanesi og var félagsmönnum og fjölskyldum þeirra boðið að líta við og þiggja heitt súkkulaði, kaffi og gosdrykki, íslenskar pönnukökur og vöfflur með þeyttum rjóma og marsípan rjómatertu, auk fleira góðgætis.

Alls mættu 57 félagsmenn og gestir þennan ágæta sunnudag í hæglætis sumarveðri í vesturbænum í Reykjavík. Að auki barst fjöldi af kveðjum frá félagsmönnum sem annaðhvort voru staddir erlendis eða í sumarfríi innanlands, auk samstarfsaðila.

Sjá sérstaka umfjöllun um viðburðinn ásamt ljósmyndum annars staðar í blaðinu.

1. september – stjórnarfundur í ÍRA.

Fjórði fundur í stjórn ÍRA 2022/23 var haldinn í Skeljanesi 1. september. Á fundinum var m.a. gerð samþykkt um kaup á nýju loftneti og rótor fyrir félagsstöðina TF3IRA.

Yagi lofnetið er frá OptiBeam, gerð OBDYA9-A og er fyrir fjögur bönd, 17, 15, 12 og 10 metra. Rótorinn er frá Pro.Sis.Tel. af gerð PST-2501D.

OptiBeam OBDAA9-A er níu elementa Yagi loftnet fyrir 17/15/12/10 metra böndin.

Fram kom á fundinum, að húseigandi hefur staðfest fyrri heimild til uppsetningar á turni fyrir nýtt loftnet í austurhluta portsins í Skeljanesi (við enda gömlu skemmunnar). Notaður verður 12 metra hár turn sem félagið fékk nýlega að gjöf frá Benedikt Sveinssyni, TF3T.

Báðir framleiðendur veita ÍRA bestu afsláttarkjör. Heildarverð á loftneti, balun, rótor og stýrikapli er um 450 þúsund krónur komið til landsins. ÍRA mun á móti selja búnað í eigu félagsins á flóamarkaði sem haldinn verður í Skeljanesi 9. október. Reiknað er með að nettókostnaður félagssjóðs muni nema um 200 þúsund krónum.

Þetta fyrirkomulag tryggir áframhaldandi nýtingu á Yagi loftneti félagsins á 20 metrum, auk þess sem við bætist nýtt Yagi loftnet fyrir 17, 15, 12 og 10 metrana. Fyrr á árinu var lokið við uppsetningu loftnets fyrir 160 metra og í framhaldi verður sett upp vírloftnet

fyrir 80 metrana (sem keypt var árið 2019). Stefnt er að því að koma nýjum loftnetum upp fyrir veturinn.

Áætlun um heildaruppbyggingu félagsstöðvarinnar verður síðan til kynningar á sérstökum fundi í Skeljanesi í nóvember. Dagsetning verður birt í nýrri vetraráætlun fyrir tímabilið október-desember n.k. sem kynnt er í þessu blaði.

Sérstakur gestur stjórnarfundarins var Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA sem var fulltrúi okkar í sumarbúðum IARU Svæðis 1 sem haldnar voru í borginni Karlovac í Króatíu 6.-13. ágúst s.l. Um var að ræða 10. sumarbúðir „Youngsters On The Air“ verkefnisins. Í lok dvalar var fulltrúum 25 landsfélaga IARU Svæðis 1 sem viðstaddir voru í Karlovac, afhent vegleg gjöf til ungmennastarfs í löndunum, Dell Vostro 15 3510 ferðatölva. Elín tók við gjöfinni fyrir hönd ÍRA.

Skeljanesi 1. september. Elín Sigurðardóttir TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA heldur á nýju Dell Vostro fartölvunni. Ljósmynd: TF3JB.

Það er systurfélag okkar í Króatíu, Hrvatski Radioamaterski Savez (HRS) sem afhenti gjöfina og er formlega skráð sem gefandi. Elín mætti síðan á stjórnarfund í ÍRA þann 1. september með tölvuna ásamt sérstöku gjafabréfi HRS til félagsins.

Stjórnin ÍRA samþykkti sérstakar þakkir til HRS fyrir veglega gjöf til ungmennastarfs félagsins á fundi sínum þann 1. september. Ennfremur voru samþykktar sérstakar þakkir til Elínar fyrir að takast á hendur ferðalagið til Króatíu án aðkomu félagssjóðs.

3. september – Skemmtilegur laugardagur í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A var með frábæra kynningu á Es'hail 2 / QO-100 gervitunglinu í Skeljanesi laugardaginn 3. september.

Ari kom með eigin ferðastöð sem var sett upp innanhúss og sýndi hve einfalt það er að hafa fjarskipti um tunglið, en 90 cm diskloftneti var komið upp á standi við glugga (í austurhluta salarins) og fljótlega voru merkin frá QO-100 farin að heyrast.

Ari kynnti m.a. Adalm-Pluto SDR 10 mW sendi-/viðtækið sem er fyrir 60 MHz til 3,8 GHz. Margir nota það til til fjarskipta um QO-100. Þá er notaður RF magnari sem gefur út allt að 20W á 2,4 GHz.

Hann flutti síðan fróðlegan inngang um búnaðinn og reynslu sína af að stunda fjarskipti um tunglið, en hann er nýkominn úr hringferð um landið þar sem hann hafði yfir 1000 QSO með þeim búnaði sem hann kom með í Skeljanes. Hann kynnti m.a. það nýjasta, sem er DXTO M4-EX transverter fyrir QO-100 gervitunglið, en hann fékk sýningareintakið lánað á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen 2022.

Þegar hér var komið sögu var búið að "finna" QO-100 og merkin tekin að streyma inn á fartölvuna hjá Ara.

Eftir kaffihlé færðu menn sig upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA þar Kenwood TS-2000 stöð félagsins var sett í loftið um QO-100 gervitunglið.

Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA tók nokkur sambönd um QO-100. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG fylgist með.

Bestu þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir afar áhugaverðan, fróðlegan og skemmtilegan laugardag í Skeljanesi. Alls mættu 12 félagsmenn og 1 gestur á kynninguna þennan sólríka síðsumardag í vesturbænum í Reykjavík.

6. Unnið utandyra í Skeljanesi.

Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Skeljanes 6. september.

Verkefni dagsins var að festa upp á ný fæðilínur og stýrikapla fyrir M^2 VHF og UHF Yagi loftnet félagsins, formagnarana frá SSB-Electronic og Yaesu G-5400B rótorinn.

Verkið u.þ.b. hálfnað. Kaplarnir voru skoðaðir gaumgæfilega áður en þeir voru festir upp á ný og var ekki annað að sjá en þeir væru óskemmdir.

Þessir kaplar höfðu samám saman verið að losna úr festingunum við þakrennuna á húsinu og lágu undir skemmdum ef ekkert hefði verið að gert, en flutningslínurnar voru settar upp fyrir 12 árum þannig að í raun hafa festingarnar staðið sig vel.

Í leiðinni var skipt um plastpoka sem er til verndar LNB búnaðinum við gervihnattadiskinn. Ljósmyndir: TF3JB.

Georg mætti með stóran stiga á staðinn síðdegis. Veður var eins og best verður á kostið, logn og 14°C hiti og tókst að ljúka verkefninu skömmu fyrir kl. 18. Í leiðinni var skipt um plastpoka sem er utan um LNB á gervihnattadiski félagsins til bráðabirgða, en þessi hluti búnaðarins verður uppfærður fljótlega.

Bestu þakkir til Georgs fyrir vel unnið verk.

Verkið nánast í höfn. Sjá má á myndinni hvar kaplarnir eru teknir inn í fjarskiptaherbergi TF3IRA á hæðinni fyrir ofan.

7. september – Flóamarkaði ÍRA frestað.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 7. september.

Ákveðið hefur verið að fresta flóamarkaði ÍRA sem halda átti í Skeljanesi sunnudaginn 11. september. Í ljós hefur komið að þessi dagsetning hentar ekki vel.

Flóamarkaðurinn verður þess í stað haldinn sunnudaginn 9. október n.k.

Fyrir félaga sem eru búsettir úti á landi eða eiga ekki heimangengt í Skeljanes, verður viðburðinum einnig streymt yfir netið. Notkun ZOOM forritsins verður kynnt með góðum fyrirvara.

Stjórn ÍRA.

8. september – Vísbendin um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) vikuna 1.-7. september 2022.

Alls fengu 18 TF kallmerki skráningu. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8 og FT4), en einnig á morsi (CW), tali (SSB), fjarritun (RTTY) og um QO-100 gervitunglið á 2.4 GHz. Bönd: 12, 15, 17, 20, 30, 40, 80, 160 metrar og 70cm.

Kallmerki fær skráningu þegar leyfishafi [eða hlustari] hefur haft samband við [eða heyrt í] TF kallmerki. Upplýsingarnar eru fengnar á http://www.dxsummit.fi/# Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar.

Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund/-ir útgeislunar og band/bönd sem kallmerki fær skráningu á:

TF1A	SSB á 80 m.
TF1EIN	FT8 á 15 m.
TF1EM	FT8 á 40 m.
TF2CT	FT4 á 17 m.
TF2MSN	FT4 og FT8 á 17 og 30 m og FM á 70cm.
TF3AO	RTTY á 20 m.
TF3DX/P	CW á 20 m.

TF3IRA	CW á 20 m og um QO 100 á 2.4 GHz,
TF3JB	CW og FT8 á 30 m.
TF3PPN	FT8 á 20 m.
TF3VS	FT8 á 12 m.
TF4WD	SSB á 160 m.
TF5B	FT8 á 17 og 40 m.
TF8KY	FT8 á 20 m.
TF/HB9YV/P	SSB á 20 m.
TF/OE9OBV	SSB á 20 m.
TF/K4EU	CW á 17 og 20 m.
TF/K5KG	CW á 15, 17, 20 og 30 m.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

Kristján Gunnarsson TF4WD var virkur vikuna 1.-7. september. Myndin sýnir skemmtilega fjarskiptaaðstöðu hans heima á Sauðárkróki. Ljósmynd: TF4WD.

8. september – Frá opnun í Skeljanesi 8. september.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 8. september fyrir félagsmenn og gesti.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður á báðum hæðum. Sérstakir gestir okkar voru Wesley M. Baden, NA1ME frá Maine í Bandaríkjunum og Peter Ens, HB9RYV frá Sursee í Sviss.

Ágúst H. Bjarnason TF3OM, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Mikið var rætt um loftnet. Ágúst H. Bjarnason, TF3OM sagði okkur m.a. frá reynslu sinni af að fjarstýra HF loftnetum frá sumarbústað í Haukadal, en Guðlaugur Ingason, TF3GN hefur einmitt hug á að setja upp loftnet við sinn bústað í Svínadal. Einnig var mikið rætt um skilyrðin á böndunum, QO-100 gervihnöttinn og nýju Yaesu FT-710 SDR 100W HF/50

Guðlaugur Ingason TF3GN og Georg Kulp TF3GZ.

MHz stöðina. Það er einmitt komið verð á hana; €840 frá EU og $1000 frá NA.

Wes NA1ME hefur verið leyfishafi frá árinu 1957 og er mikill CW maður. Hann sagði að það væri alltaf jafn góð tilfinning að taka í lykil. Hann hafði nokkur sambönd á morsi frá TF3IRA.

Peter HB9RYV sagði skilyrðin á böndunum á uppleið, en þau hafi ekki verið sérstök að undanförnu.

Vel heppnað fimmtudagskvöld í mildu haustveðri í vesturbænum í Reykjavík. Alls 19 félagar og 3 gestir í húsi.

Sigurður Harðarson TF3WS færði okkur búnað til tengingar við skjávarpa félagsins þannig að nú fást aukin myndgæði á tjaldið. Þakkir til Sigurðar. Ljósmyndir: TF3JB.

14. september – TF útileikar ÍRA 2022, úrslit.

TF útileikarnir fóru fram um verslunarmannahelgina samkvæmt venju, dagana 30. júlí til 1. ágúst. Í þetta sinn var tímabil keppninnar stytt úr þremur í tvo sólarhringa, þannig að hægt var að hafa sambönd frá hádegi á laugardegi til hádegis á mánudegi. Á móti var afnumið hámark á fjölda sambanda á sama bandi milli sömu stöðva.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY sigraði í TF útileikunum 2022 með yfirburðum. Hér má sjá heimasmíðaða loftnetsfestingu hans á bílnum. Á festingunni er CG-3000 sjálfvirk loftnetsaðlögunarrás þar sem hann tengir við 8,5 m. hátt [útdraganlegt] stangarloftnet. Staðsetning: Fyrir ofan golfvöllinn í Garði. Ljósmynd: TF8KY.

Alls voru 17 kallmerki skráð til leiks en sendar voru inn dagbókarupplýsingar fyrir 15. Niðurstöður voru eftirfarandi:

1. sæti Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	1800 stig.
2. sæti Einar Kjartansson, TF3EK	1182 stig.
3. sæti Eiður Kristinn Magnússon, TF1EM	867 stig.
4. sæti Andrés Þórarinsson, TF1AM	774 stig.
5. sæti Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN	720 stig.
6. sæti Kristján J. Óskarsson, TF4WD	591 stig.
7. sæti Jónas Bjarnason, TF3JB	321 stig.
8. sæti Georg Magnússon, TF2LL	228 stig.
9. sæti Íslenskir radíóamatörar, TF3IRA	171 stig.
10. sæti Erling Guðnason, TF3E	168 stig.
11. sæti Heimir Konráðsson, TF1EIN	132 stig.
12. sæti Valtýr Einarsson, TF3VG	126 stig.
13. sæti Jón Þ. Jónsson, TF3JA	15 stig.
14. sæti Ársæll Óskarsson, TF3AO	15 stig.
15. sæti Mathías Hagvaag, TF3MH	15 stig.

Hamingjuóskir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY fyrir verðskuldaðan árangur í fyrsta sætinu. Viðurkenningar í TF útileikunum eru tvennskonar. Annars vegar er vandaður verðlaunaplatti, ágrafinn á viðargrunni fyrir bestan árangur og hins vegar eru skrautrituð viðurkenningarskjöl fyrir fyrstu fimm sætin.

Sérstakar þakkir til Einars Kjartanssonar, TF3EK umsjónarmanns TF útileikanna fyrir vel heppnaðan viðburð, gagnagrunn og framúrskarandi gott utanumhald. Síðast en ekki síst, þakkir til félagsmanna fyrir góða þátttöku.

TF3ØIRA Í ÞJÓRSÁRDAL 1976

Í tilefni þess að nýlega var haldið upp á 75 ára afmæli ÍRA má rifja upp, að haldið var upp á 30 ára afmæli félagsins árið 1976. Sérstök afmælisnefnd var skipuð af stjórn þess tíma til að gera tillögur um á hvern hátt best yrði haldið upp á viðburðinn. Nefndina skipuðu þeir: TF3AC, TF3HP, TF3JB, TF3KM og TF3UA.

Tvennt af því sem nefndin lagði til komst í framkvæmd. Annars vegar afmælishóf sem efnt var til í veitingarhúsinu Glæsibæ í Reykjavík þar félagsmenn og makar mættu til sameiginlegs kvöldverðar. Hápunktur kvöldsins var þegar Þórhallur Pálsson, TF5TP var gerður að heiðursfélaga ÍRA. Hins vegar var farin ferð í sumarbústað í Þjórsárdal með tæki og búnað þar sem kallmerkið TF3ØIRA var sett í loftið. Tæki voru m.a. Heathkit HW-101 sendi-/viðtæki og Heathkit SB-200 RF magnari. Loftnet Hy-gain 12-AVQ og tvípólar á lægri böndunum.

Frá vinstri: Ívar Þórarinsson TF3BV, Sveinn D.K. Lyngmó TF4DLN, Hallgrímur Steinarsson TF3HS, Sigrún Gísladóttir TF3YL, Jónas Bjarnason TF3JB, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Kristinn Daníelsson TF3KD, Kristinn Andersen TF3KX, Stefán Sæmundsson TF3SE og Axel Sölvason TF3AX. Ljósmynd: Kristján Magnússon TF3KM.



VHF/UHF leikar 2022

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY

VHF/UHF leikarnir eru haldnir með það í huga að hafa gaman af áhugamálinu á VHF bandinu og ofar. Hugmyndin er að örva þátttöku á hærri tíðnisviðunum innanlands, reyna búnaðinn og sérstaklega að hvetja þá sem eru nýir til að fara í loftið sem og þá sem hafa verið í dvala um tíma.

Markmið þátttakanda er að ná sem flestum samböndum, yfir sem lengstar vegalengdir og sem víðast um landið. Fyrir þá sem eiga þess kost að vera „færanlegir“, má ná fleiri stigum með að færa sig á milli staða.

Hægt er að taka þátt frá heimahúsum, sumarbústöðum og hjólhýsum, eða með handstöðvum á fjallatoppum (eða annars staðar frá) eða í bílum, mótorhjólum eða (þess vegna) reiðhjólum eða öðrum farartækjum.

VHF/UHF leikarnir 2022.

Leikarnir fóru fram helgina 1.-3. júlí. Þátttaka var góð; alls var 21 kallmerki skráð til leiks en 19 sendu inn dagbókarupplýsingar. Það er einni stöð fleiri en sendu inn gögn í fyrra (2021). QSO voru alls 543 í gagnagrunni og heildarvegalengd var alls 24.975 km.

Virkni í leikunum var mjög góð og dreifing stöðva um landið var frekar mikil og þó nokkuð af löngum samböndum. Ef tekin eru úr gagnagrunni sambönd á milli mismunandi 6 stafa reita á mismunandi böndum sem hafa vegalengdina lengri en 80km (utan endurvarpa). Þá fáum við 50 pör reita. Sama fyrirspurn úr Páskaleikum 2022 (utan endurvarpa og 80m) gefur 20 pör reita.

Rápstöng TF8KY er 10 metra há og heldur uppi dípól á 50 MHz. í 9m hæð. Ljósmynd: TF8KY.

Leikarnir fóru fram á 2, 4, og 6 metrum, á 70 og 23 sentímetrum og endurvörpum. Allar tegundir útgeislunar voru heimilar. Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftar en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda til að fá punkta.

Reitir sem voru virkjaðir í leikunum 2022 eru merktir með grænum lit.

Blásið var til leiks kl. 18:00 föstudaginn 1. júlí og stóðu leikar yfir til kl. 18 sunnudaginn 3. júlí. Þessi tímasetning var fyrst prófuð 2020 og kom þetta breytta fyrirkomulag mjög vel út. Hugmyndin er að sami háttur verði á framvegis í leikunum.

Eins og venjulega var „online“ leikjavefur þar sem þátttakendur gátu skrá sig til leiks. Vefurinn var endurbættur og gengur nú hnökralaust. Hægt var að skrá sig í leikinn allan tímann sem hann stóð yfir.

Umsjónarmaður kynnti leikana á heimasíðu ÍRA og Facebook síðum 19., 26. og 29. júní.

Allar upplýsingar komu einnig fram á netinu, s.s. um leikjavefinn, um reitakerfið, auk snjallsímaforritsins „QTH Locator“ sem má nota til að komast að reitanúmeri sínu.

TF1AM var QRV á öllum böndum í VHF/UHF leikunum. Ljósmynd: TF1AM.

VHF/UHF leikar 2022, úrslit.

Bráðabirgðaniðurstöður leikanna sumarið 2022 voru kynntar á heimasíðu og Facebook, en hér fyrir neðan eru birt heildarúrslit. Bestur árangur í þremur efstu sætunum var sem hér segir:

1. sæti Andrés Þórarinsson, TF1AM – 139.440 stig.
2. sæti Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY – 64.125 stig.
3. sæti Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN – 55.440 stig.

Verðlaun verða veitt í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi í október 2022.

Við sama tækifæri verða afhentar viðurkenningar. Í ár verða einnig veitt viðurkenningaskjöl til þeirra þriggja þátttakenda sem höfðu fyrir flest sambönd í leikunum.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

1. Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN – 171 QSO.
2. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY – 140 QSO.
3. Eiður Kristinn Magnússon, TF1EIM – 121 QSO.

Lengstu QSO vegalengdir eftir böndum (tíðnisviðum):

- 23 cm (1240 MHz) = TF2MSN og TF8KY 40 km.
- 70 cm (430 MHz) = TF1AM og TF8KY 126 km.
- 2 metrar (144 MHz) = TF1JI og TF8KY 145 km.
- 4 metrar (70 MHz) = TF1AM og TF8KY 101 km.
- 6 metrar (50 MHz) = TF1AM og TF1EIN 118 km.
- EV (endurvarpar) = TF1AM og TF1JI 217 km.

Úrslit í VHF/UHF leikunum 2022 samkvæmt heildarstigum.

Nr.	Kallmerki	Nafn	Heildarstig
1.	TF1AM	Andrés Þórarinsson	139.440
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	64.125
3.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	55.440
4.	TF1EM	Eiður Kristinn Magnússon	19.619
5.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	15.540
6.	TF3T	Benedikt Sveinsson	9.870
7.	TF1JI	Jón Óskarsson	7.500
8.	TF3E	Erling Guðnason	6.642
9.	TF3LM	Jón Guðmundsson	5.985
10.	TF8SM	Smári Hreinsson	3.838
11.	TF3IRA	Íslenskir radíóamatörar	3.696
12.	TF1EIN	Heimir Konráðsson	2.676
13.	TF2LL	Georg Magnússon	2.611
14.	TF3JB	Jónas Bjarnason	2.124
15.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkelsson	1.428
16.	TF3MH	Mathías Hagvaag	800
17.	TF3SG	Guðmundur Sveinsson	36
18.	TF3KB	Kristján Benediktsson	6
19.	TF3JA	Jón Þ. Jónsson	4

Undirbúningur VHF/UHF leikanna var einkum í höndum TF8KY og TF2MSN. TF8KY annaðist og endurbætti sérstakan gagnagrunn leikanna (og hjálparsíðu) á netinu vegna innsetningar á sambönd-um. Óðinn Þór, TF2MSN aðstoðaði við kynningu, undirbúning og veitti notendaaðstoð við vefkerfi. Bestu þakkir til stjórnar ÍRA fyrir stuðninginn.

Takk fyrir þátttökuna í VHF/UHF leikunum 2021. Sjáumst í leikunum að ári!

Verðlaun og viðurkenningar í VHF/UHF leikunum 2022 verða afhentar í október í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

Nokkrar myndir úr VHF/UHF leikunum 2022.

Yaesu FT-7900E FM stöð TF3IRA var notuð á 2m og 70cm.

Icom IC-7300 stöð TF3IRA var notuð á SSB á 4m og 6m böndunum.

Jón G. Guðmundsson TF3LM, Mathías Hagvaag TF3MH og Jónas Bjarnason TF3JB virkjuðu TF3IRA í VHF/UHF leikunum 2022.

Jón G. Guðmundsson TF3LM tók þátt í VHF/UHF leikunum úr bílnum síðari daginn á VHF og UHF FM. Ljósmynd: TF3LM.

Fjarskiptaaðstaða TF3JB í VHF/UHF leikunum var Icom IC-9700 á 2m og 70cm og Icom IC-7410 á 6m. Ljósmynd: TF3JB.

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2022

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin var haldin helgina 20.-21. ágúst. Tveir íslenskir vitar höfðu verið skráðir, Knarrarósviti (IS-0001) austan við Stokkseyri og Garðskagaviti (IS-0002) á Reykjanesi.

Svanur Hjálmarsson, TF3AB og Þór Þórsson, TF1GW virkjuðu kallmerkið TF1IRA á HF frá Knarrarósvita á laugardeginum og Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A virkjaði eigin kallmerki um QO-100 gervihnöttinn frá Garðskagavita á sunnudeginum. Ari Þórólfur hafði áformað að mæta að Knarrarósvita á laugardeginum með færanlega gervihnattastöð sína, en sagðist hafa horfið frá því þar sem vindur við vitann var um 20 m/sek.

Hjólhýsi TF3AB og bifreið við Knarrarósvita 20. ágúst. Ljósmynd: TF3GZ.

Við Garðskagavita 21. ágúst. Það var Ari Þórólfur sem virkjaði kallmerkið TF1A/LH. Ljósmynd: TF1A.

Svanur, TF3AB sagði fátt hafa verið um gesti enda „skítakalt“ eins og hann orðaði það og skilyrðin alls ekki góð. Hann pakkaði saman kl. 18 á laugadagskvöld. Ari Þórólfur, TF1A sagði að að það hafi verið hífandi rok á Garðskaga (þótt hann hafi verið skjólmegin við vitann). Hann sagðist hafa haft um 40 QSO þegar hann þurfti að hætta vegna veðurs eftir u.þ.b. 2 klukkustundir.

TF útileikar 2022

Einar Kjartansson, TF3EK

TF útileikarnir fóru fram um verslunarmannahelgina samkvæmt venju og bar leikana upp á dagana 30. júlí til 1. ágúst. Í þetta sinn var tímabil keppninnar stytt úr þremur í tvo sólarhringa, þannig að hægt var að hafa sambönd frá hádegi á laugardegi til hádegis á mánudegi. Á móti var afnumið hámark á fjölda sambanda á sama bandi milli sömu stöðva.

Alls var skilað inn dagbókum fyrir 15 stöðvar, með 578 færslum um sambönd. Samanlagður stigafjöldi var 7115. Þetta er mesta virkni sem hefur verið í leikunum undanfarin 6 ár, síðan núverandi fyrirkomulag á dagbókum og stigagjöf var tekið upp sumarið 2017.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY sigraði í TF útileikunum 2022 með yfirburðum. Hér má sjá heimasmíðaða loftnetsfestinguna á bílnum. Á festingunni er CG-3000 sjálfvirk loftnetsaðlögunarrás þar sem hann tengir við 8,5 m. hátt stangarloftnet. Mynd: TF8KY

Heildarfjöldi stiga í ár var 64% meiri samanborið það sem mest var áður á tímabilinu (árið 2020). Fjöldi sambanda í ár var 578 samanborið við 302 árið 2020, eða 191% meiri. Tvö kallmerki fundust í dagbókum þátttakenda, án þess að dagbókum hefði verið skilað fyrir þau: TF1OL og TF3KB. Umsjónarmaður er Einar Kjartansson, TF3EK.

Taflan sýnir niðurstöður fyrir þær stöðvar sem skiluðu inn dagbókum. TF8KY, Hrafnkell Sigurðsson, fékk flest stig eða 1800.

Taflan sýnir árangur þátttakenda í TF útileikunum 2022.

Kall-merki	QSO fjöldi	QSO stig	Marg-faldarar	Virkur tími	Heildar stig
TF8KY	96	360	5	510	1800
TF3EK	38	197	6	330	1182
TF1EM	98	289	3	510	867
TF1AM	90	258	3	480	774
TF2MSN	76	240	3	330	720
TF4WD	46	197	3	360	591
TF3JB	41	107	3	240	321
TF2LL	17	57	4	150	228
TF3IRA	20	57	3	120	171
TF3E	24	56	3	210	168
TF1EIN	12	33	4	120	132
TF3VG	16	42	3	210	126
TF3JA	1	5	3	30	15
TF3AO	2	5	3	30	14
TF3MH	1	2	2	30	6
Samtals	578	1905	51	3660	7115

Taflan sýnir yfirlit virkni í TF útileikum síðan núverandi fyrirkomulag var tekið upp fyrir 6 árum.

ÁR	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi dagbóka	12	10	11	14	13	15
Færslur í dagbókum (QSO)	122	125	130	302	233	578
Stig fyrir sambönd	384	582	369	1093	905	1905
Meðal margfaldari	3,23	3,53	3,58	4,33	3,69	3,40
Heildarfjöldi stiga	1242	2056	1322	4737	4337	7115
Þáttakandi með flest stig	TF2LL	TF2LL	TF8KY	TF1OL	TF1AM	TF8KY
Mesti stigafjöldi	304	728	425	1386	1284	1800

Þokkaleg skilyrði voru í útileikunum 2022 og voru mörg góð sambönd voru höfð um landið. Skemmtileg sambönd voru m.a. við TF4WD á Sauðárkróki, TF3EK á Svalbarðseyri og TF1OL fyrir utan Stykkishólm. Einnig góð sambönd við félaga sem ekki tóku þátt í útileikunum en létu vita af sér, m.a. TF7DHP á Akureyri, TF5VJN í Fnjóskadal, TF1A og TF3XO í Reykjavík.

Tvennt mætti nefna til viðbótar, annars vegar ánægjulega frammistöðu nýliðanna í TF útileikunum, þeirra TF1EM og TF4WD og hins vegar, að dagbók TF8KY skar sig úr að því leyti að þar fundust engar villur.

Einar Kjartansson TF3EK umsjónarmaður TF útileikanna í ferðabíl sínum við Gásir í Eyjafirði. Einar varð í 2. sæti í leikuum 2022. Ljósmynd: TF1AM.

Andrés Þórarinsson, TF1AM tók myndina hér að ofan. Hann setti hana á Facebook ásamt eftirfarandi texta:

„Einar, TF3EK, umsjónarmaður útileikanna, er hér í leiðangursbíl sínum við Gásir í Eyjafirði í TF útileikunum 2022. Þar var hann að fínpússa tækin sín og loftnet fyrir komandi útileika. Þá fór hann um og það heyrðist í honum við Húsavík, í Vaglaskógi og víðar og hann sópaði inn samböndum þrátt fyrir vegalengd. Takk fyrir leikana, Einar“.

Keppnisreglur 2022

Reglur TF útileikanna fyrir árið 2022 voru breyttar frá því þær voru síðast uppfærðar fyrir leikana 2017. Megin breytingin 2022 fólst í því að stytta tímabilið úr þremur í tvo sólarhringa og að afnema takmörk á fjölda sambanda. Sjá nánar neðar.

Heimilt var að hafa sambönd á 160-10 metrum á tali og morsi (SSB og CW) – en áhersla var lögð á lægri böndin; 160m (t.d. 1845 kHz) 80m (t.d. 3637 kHz), 60m (t.d. 5363 kHz) og 40m (t.d. 7.120 kHz). Fjarskiptastofa féllst á beiðni ÍRA þess efnis, að veita leyfishöfum tímabundna heimild til að nota allt að 100W á 60 metra bandi í leikunum 2022 – án þess að þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar.

1. **Almennt.** TF útileikar eru haldnir um verslunarmannahelgi, hefjast á hádegi á laugardegi og lýkur á hádegi á mánudegi. Markmið er m.a. að auka færni amatöra í fjarskiptum innanlands og þekkingu á útbreiðslu á MF og HF bylgjum milli staða á Íslandi. Radíóamatörar sem staddir eru á Íslandi geta tekið þátt.
2. **Bönd**. Hafa má sambönd á 4 böndum: 160 m, 80 m, 60 m og 40 m. Sambönd á hærri tíðnum teljast eins og sambönd á 40 m. Athugið að Fjarskiptastofa hefur heimilað þátttakendum að nota allt að 100W á 60 metra bandi í leikunum 2022.
3. **Þátttökutímabil.** TF útileikar eru haldnir um verslunarmannahelgina, hefjast á hádegi á laugardegi og lýkur á hádegi á mánudegi. Samkvæmt hefð eru flest sambönd á þessum tímum: 17-19 laugardag; 09-12 sunnudag; 21-24 sunnudag; og 08-10 mánudag. Heildar þátttökutími hverrar stöðvar má ekki fara yfir 9 klst. miðað við höfð QSO. Sé stöð opnuð og samband haft, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálftími til viðbótar reiknast 30 mín. Samband við sömu stöð á sama bandi telst gilt svo fremi að a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sambandi.
4. **Upplýsingar.** Lágmarks upplýsingar sem skipst er á eru hlaupandi númer sambands (QSO) og staðsetning, QTH. Viðbótarstig fæst ef einnig er skiptist á RS(T) og afli. QTH má gefa upp sem sem fjögurra eða sex stafa Maidenhead locator, t.d. HP94bc (sjá t.d. http://www.arrl.org/grid-squares). RS(T) táknar læsileika, styrk og tóngæði merkis (tóngæði eru aðeins notuð á morsi). Afl er frá sendi í wöttum.
5. **Stig.** Stigafjöldi fyrir hvert samband fer eftir staðsetningu í reitum sem skilgreindir eru með 4 stafa Maidenhead locator, t.d. HP94. Eitt eða tvö stig fást fyrir sambönd innan sama reits, fyrir sambönd milli reita bætist við samanlagður mismunur á númerum reita norður og austur, þannig gefur fullt samband milli HP83 og HP94 4 stig en samband milli HP94 og IP04 gefur 3 stig.

   Einn margfaldari, sem fer eftir fjölda reita sem sent er frá, er notaður til að reikna endanlegan stigafjölda. Margfaldarinn er 3 ef öll sambönd eru frá sama reit, ef sent er frá fleiri reitum bætist einn við fyrir hvern reit, þó verður margfaldarinn ekki hærri en 6.
6. **Loggar.** Loggar innihalda dagsetningu, tíma, tíðni (kHz), kallmerki, QSO sent, QTH sent, RS(T) sent, afl sent, QSO móttekið, QTH, RS(T) móttekið og afl móttekið. Loggum má skila með því að fylla út eyðublað á vefnum. Einnig má senda logga í tölvupósti á ira@ira.is Frestur til að ganga frá loggum rennur út á miðnætti næsta mánudag eftir verslunarmannahelgi.
7. **Annað.** Stjórn IRA, eða aðili sem hún tilnefnir, sker úr um vafaatriði varðandi túlkun á þessum reglum. (Reglur voru uppfærðar 24.7.2022).

Vefslóð á keppnisreglur: http://www.ira.is/tf-utileikar/
Heimasíða fyrir leikana: http://eik.klaki.net/cgi-bin/utileikar
Vefslóð á erindi Einars Kjartanssonar, TF3EK um útileikana: http://eik.klaki.net/tmp/utileikar18.pdf

Myndir frá TF útileikunum 2022

Kristján J. Gunnarsson TF4WD á Sauðárkróki var ánægður með þátttökuna á sínum fyrstu TF útileikum. Mynd: TF1AM



Erling Guðnason TF3E var með stöð og rafgeymi í skottinu á bílnum. Búnaður: Yaesu FT-991A 100W HF/50 MHz stöð og Diamond RHM-12 bílnet fyrir 160-6m.. Ljósmynd: TF3E.

Icom IC-7300 stöð TF3IRA var notuð við Hustler 5-BTV stangarloftnet á 40 m. í leikunum og IC-7610 stöðin var notað á 160, 60 og 80 m. Endafædd hálfbylgja (78 metrar að lengd) fyrir 160 m. var notuð fyrir 160, 80 og 60 m. böndin. Ljósmynd: TF3JB.

Fjarskiptaaðstaða TF3JB í TF útileikunum 2022. Icom IC-7700 stöð á 160, 40 og 80 m. Loftnet: AM-PRO bílnet (á 160 m.) og Steppir SmallIR á 80 m. IC-7410 stöð á 40 og 60 m. Loftnet: Endafætt vírnet frá HyEndCompany. Ljósmynd: TF3JB.

Erling Guðnason TF3E aðstoðaði við að virkja TF3IRA í útileikunum laugardaginn 30. júlí. Ljósmynd: TF3JB.

Jónas Bjarnason TF3JB virkjaði TF3IRA í útileikunum laugardaginn 30. júlí. Ljósmynd: TF3KB.

IARU Svæðis 1 viðburðir í Friðrikshöfn 2022

Kristján Benediktsson, TF3KB IARU tengiliður ÍRA

Árleg kaupstefna radíóamatöra í Friedrichshafen, „Friðrikshöfn hinni þýðversku," lá niðri um nokkurra ára skeið vegna Covid. Við enduropnun í júní 2022 sóttu nokkrir Íslendingar hana heim, líkt og venja var orðin mörg undanfarandi ár fyrir lokun.

Ráðstefnur IARU Svæðis 1 og æðsti vettvangur ákvarðana, eru þriðja hvert ár. Á milli ráðstefnanna, hafa verið tveir árlegir Svæðis 1 fundir. Annar er milli- ráðstefnafundur (interim meeting) í apríl í Vínarborg. Þar hafa komið saman vinnunefndir Svæðis 1, rætt mál sem fyrir liggja, og gert samþykktir, þegar svo ber undir, en aðeins til bráðabirgða. Niðurstöður þarf síðan að bera upp á næstu ráðstefnu, sem hefur hið formlega samþykktar- eða synjunarvald.

Annar milli- ráðstefnafundur hefur síðan verið almennur IARU Svæðis 1 fundur á kaupstefnum í Friðrikshöfn. Þeir fundir hafa þó yfirleitt haft annað yfirbragð, verið frekar samráðs- og kynningarfundir, án þess að sérstakar ákvarðanir séu teknar. Þar kynnir framkvæmdastjórn gjarnan þau málefni Svæðis 1, sem efst er á baugi hverju sinni. Fulltrúar landsfélaga segja gjarnan frá nýjustu þróun og stundum uppákomum í sínum löndum og félögum.

Covid setti framangreint fyrirkomulag úr skorðum eins og margt annað. Það leiddi til þeirrar endurskoðunar nú, að Vínarfundurinn var færður til Friðrikshafnar og byrjar degi á undan kaupstefnunni. IARU Svæðis 1 fundurinn var með svipuðu sniði og verið hefur, að þessu sinni með eftirfarandi tengdum viðburðum:

- Neyðarfjarskiptafundur (EMCOM).
- VHF+ verðlaunaafhendingar.
- YOTA fánaviðhöfn – Sumarbúðir í Króatíu.
- YOTA ungmennafundur.
- Skýrsla Stjórnmálatengslanefndar Svæðis 1 (PRC - Political Relations Committee).
- Skýrsla Tíðni- og reglugerðanefndar Svæðis 1 (SRLC - Spectrum Regulation and Liaison Committee).
- Alþjóðlegur EMC fundur um rafsegulsamhæfi.
- Framvinda framtíðarmótunar.

Ennfremur var í fyrsta sinn var boðið upp á tvo valkosti til þátttöku í helstu fundum: Mætingu á staðinn í eigin persónu eða fjarfundaþátttöku, sem höfundur valdi.

Gengið, sem mannaði bás IARU í Friðrikshöfn.

Þar sem ítarleg umfjöllun um alla viðburði yrði ærið viðamikil, verða helstu málefni aðeins tíunduð hér stuttlega í punkta- og fyrirsagnastíl. Ítarlegri upplýsingar um það sem sérstakan áhuga kann að vekja, má síðan finna á netinu.

IARU Svæðis 1 milli- ráðstefnafundur

Hinir þrír hefðbundnu vinnuhópar *HF/*VHF +/*EMC héldu hver sína fundi:

HF mál – Vinnuhópur C4

Fundurinn hófst á inngangi formanns, Tom Kamp, DF5JL og síðan var gengið til dagskrár:

- Skýrsla formanns.
- Yfirlit yfir hlustunarkerfið (IARUMS, IARU Monitoring System), https://tinyurl.com/IARUMON sem hlustar og fylgist með í loftinu og skráir í gagnagrunn ólöglegar útsendingar á amatörböndunum.
- Kynningu á samskiptavettvangi DARC (DARC Chat Platform).
- Handbók HF Stjóranna (HF Managers Handbook).
- Skilgreiningar á bandplaninu.
- Alheims samhæfing á bandinu 1800-2000 kHz.
- Bandplanið í stærri keppnum.
- Ítarlega var rætt um nauðsyn á endurskoðun HF bandplansins í ljósi margvíslegra breytinga, sem eru að verða á notkun bandanna m.a. með tilkomu stafrænna útsendinga, o.fl.
- Þá var einnig rætt um vinnu við einnar síðu bandplan (áður kallað grafískt bandplan), sem unnið er að.

VHF+ mál – Vinnuhópur C5

Fundur hófst á kynningu formanns Dick, DW Harms, PA2DW og síðan var gengið til dagskrár.

- Tíðnimál:
  - ✓ Rætt var um stöðuna í málefnum 23 cm bandsins, 1240-1300 MHz. Fram hafa komið áhyggjur af því, að amatörar, sem hafa þar víkjandi tíðnileyfi, gætu e.t.v. truflað Galíleó gervihnattakerfið, sem hefur forgangsúthlutun á því bandi. Þetta er til skoðunar í tækninefndum og hafa radíóamatörar lagt þar fram viðamikinn rökstuðning studdan útbreiðsluútreikningum. Telja þeir of fáa setja sig vel inn í málið og of mikið úr því gert. Reynt er að ná samkomulagi, fyrir næstu ITU tíðnimálaráðstefnu WRC23 og gæti endað með afltakmörkunum, en engar niðurstöður liggja þó enn fyrir.
  - ✓ Samstarfsnefndir radíóamatöra við aðra notendur tíðnisviðsins. Staða þeirra mála, sem unnið hefur verið að á vegum AC var kynnt.
  - ✓ Upplýsingaöflun um tíðninotkun VHF+ tíðna í hinum ýmsu aðildarlöndum, sem unnið hefur verið að. Staða þess máls kynnt.
- Bandplanið:
  - ✓ Hvernig auka megi rými fyrir nýjar stafrænar útsendingartegundir, sérstaklega á 6, 4 og 2 metra böndunum.
- Keppnismál:
  - ✓ Rætt um möguleika á einföldun aðferða við innsendingu keppnisdagbóka.
- Handbók VHF Stjóranna (VHF Managers Handbook):
  - ✓ Ýmsar breytingartillögur og lagfæringar ræddar.
- Staða tilmæla og ákvarðana 2020 ráðstefnunnar rædd.

EMC mál/rafsegulsamhæfi – Vinnuhópur C7

Engin formleg erindi höfðu borist, en eftirfarandi rætt:

- Staða EMC mála í Sviss.
- Staða ENAMS1, 2 og 3 verkefnanna, sem varða sjálfvirka viðtöku, skráningu og kortlagninu suðs og truflana á stuttbylgju, með það að markmiði m.a. að finna náttúrulegt kliðgólf (*noise floor*) (https://enams.de/index.php/enamssystem).
- Staða EMC mála og truflana kringum ólík sólarrafhlöðukerfi, þar sem mikilla truflana hefur orðið vart, sé ekki vandað til frágangs.

IARU Svæðis 1 fundur

Hinn hefðbundni IARU Svæðis 1 fundur í Friðrikshöfn var að þessu sinni með nýju yfirbragði að því leyti, að nýjir menn eru nú komnir í brúna. Það



Nýir menn í brúnni, frá vinstri, Mats Espling, SM6EAN, ritari og Sylvain Azarian, F4GKR, formaður.

er þeir Sylvain Azarian, F4GKR, formaður og Mats Espling, SM6EAN, ritari.

Fundurinn byrjaði á því, að þátttakendur voru boðnir velkomnir, og síðan var gengið til dagskrár:

- Skýrsla formanns, Sylvain Azarian, F4GKR, um helstu starfsemi IARU Svæðis 1 árin 2021 og fyrri hluta 2022. Í skýrslunni er farið yfir starfsemi þeirra mörgu vinnuhópa og embætta, sem eru starfandi innan Svæðis 1, sem eru eftirfarandi:
  - ✓ ARDF – Refaveiðar (Amateur Radio Direction Finding) - Jirí, OK2BWN.
  - ✓ ARSPEX – Geimrannsóknir (Amateur Radio Space Exploration) - Stefan, ON6TI.
  - ✓ EMCC – Rafsegulsamhæfi (EMC committee (C7)) - Wolf, OE1MHZ.
  - ✓ EMCOMM – Neyðarfjarskipti (Emergency Communications) - Greg, G0DUB.
  - ✓ HF – HF/Stuttbylgjunefndin (HF committee (C4)) - Tom, DF5JL.
  - ✓ HF – HF/radíóvitar Svæði 1 (beacon Region 1) - Dennis, ZS4BS.
  - ✓ HST – Háhraða mors (High Speed Telegraphy) - Oliver, Z32TO.
  - ✓ IARUMS – Hlustunarkerfið (Monitoring System R1)- Gaspar, EA6AMM.
  - ✓ IPDA – Upplýsingamiðlun fyrir fatlaðra radíóamatöra (Information Programme for Disabled Radio Amateurs) - Thomas, HB9FXU.
  - ✓ PRC – Stjórnmálatengslanefnd (Political Relations Committee) - Séamus, EI8BP.
  - ✓ R1 satellite coordinator – Gervihnattaskipuleggjandi Svæðis 1 - Graham, G3VZV.
  - ✓ SRLC – Tíðni- og reglugerðanefnd (Spectrum and Regulatory Liaison Committee) - Barry, G4SJH.
  - ✓ STARS – Stuðningur við amatörradíó (Support to The Amateur Radio Service) - Vacant.
  - ✓ VHF+; – VHF/UHF/SHF nefndin (VHF/UHF/SHF committee (C5)) - Dick, PA2DW.
  - ✓ C5CWG – VHF/UHF/SHF keppnisnefnd (VHF/UHF/SHF Contest Working Group) - Dick, PA2DW.
  - ✓ VHF+; – VHF+ vitar (beacons) - Mathias, DH4FAJ.



Skipulagning 23 cm bandsins skoðuð m.t.t. samkomulags fyrir WRC-23

- ✓ Youth – Ungmennanefnd Svæðis 1 - Philipp, DK6SP.

- Skýrsla formanns Stjórnmálatengslanefndar Svæðis 1, PRC (Political Relations Committee), Séamus McCague, EI8BP.
  - ✓ Nefndin er fulltrúi Svæðis 1 á þeim pólitísku sviðum, sem skipta máli fyrir amatörradíó, svo sem er varðar
    - EMC/rafsegulsamhæfi (Electromagnetic Compatibility),
    - EMC tilskipunina (EMCD, EMC Directive),
    - EGRE, sérfræðihóp um radíótæki (Expert Group on Radio Equipment),
    - RED/radíótækjatilskipuninni (Radio Equipment Directive),
    - RSPG vinnustofa (Radio Spectrum Monitoring Group),
    - Gát með löggjöf og ráðgjafaumleitunum Evrópusambandsins.
- Skýrsla formanns Tíðni- og reglugerðanefndar Svæðis 1, SRLC (Spectrum Regulation and Liaison Committee), Barry Lewis, G4SJH.
  - ✓ Á verksviði nefndarinnar er stuðningur við undirbúning IARU fyrir komandi tíðnimálaráðstefnur ITU, þ.e. WRC-23 (þar á meðal hvað varðar 23cm bandið) og WRC-27,
  - ✓ Að hafa áhrif á og tala máli okkar á svæðisbundnu fjarskiptasamböndunum, þar á meðal því evrópska- CEPT (European Conference of Postal and Telecommunications Administrations), arabíska- ASMG (Arab Spectrum Management Group), afríska- ATU (African Telecommunications Union) og rússneska- RCC (Regional Commonwealth in the Field of Communications).
- Næsta Svæðis 1 ráðstefna 2023.
- Viðurkenning G2BVN.
  - ✓ Fyrir nokkru var ákveðið að veita æðsta heiðursmerki Svæðis 1, viðurkenningu G2BVN til tveggja radíóamatöra, þeirra Hans Blondeel Timmerman, PB2T og Ole Garpestad, LA2RR. Afhending viðurkenninganna hafði dregist þar til nú, er þeim var loks afhentur skjöldurinn.

Æðsta viðurkenning IARU Svæðis 1 var afhent þeim Hans, PB2T og Ole, LA2RR.

Ungmennafundur

Þá var YOTA ungmennadeild IARU Svæðis1 með fund undir stjórn formannsins Philipp Springer, DK6SP.

Frá fundi ungmennadeildar Svæðis 1, undir stjórn formanns hennar Philipp Springer, DK6SP.

Framtíðarmótun

Í CQ TF janúar 2022 í greininni „Vegferð til framtíðar,“ bls. 32-37 voru niðurstöður Málstofu IARU Svæðis 1, sem fram fór 16.-21. október 2021 um framtíð amatörradíós kynntar. Þar voru sett fram 8 höfuðmarkmið til næstu 10 ára. Sérstök vinnuteymi voru síðan sett á fót um hvert af þessum markmiðum og hafa þau verið að störfum síðan.

Á þessum sérstaka framtíðarfundi í Friðrikshöfn, var gerð nokkur grein fyrir framvindu vinnunnar í teymunum. Einna lengst var vinnan komin í Teymi 4, sem fjallar um: *Tilrauna- uppfinninga- og skapandi starfsemi, er meðal mikilvægustu viðfangsefna radíóamatöra, sem almennt verði viðurkennd sem leiðandi forystuafl í þekkingu áhugamanna á þráðlausum fjarskiptum.*

Willi Vollenweider, HB9AMC, formaður USKA, svissneska amatörfélagsins og talsmaður teymisins gerði grein fyrir framvindunni í Teymi 4, eða „helsta áþreifanlega árangri,“ sem hann kallaði svo. Markmið teymisins er „tilraunir, uppfinningar og sköpun,“ Amatörradíó er tilraunastarfsemi, sagði hann. Okkur finnst gaman að gera tilraunir. Venjulega er ekkert vandamál að gera minniháttar tilraunir. Við öll getum smíðað eitt og annað smálegt heima fyrir með góðum árangri. En hvað gerum við, ef verkefnið er stærra? Hvað ef verkefnið tekur nokkra mánuði eða ár og þarfnast þátttöku marga einstaklinga?

Hann gerði síðan ítarlega grein fyrir úthugsuðu skipulagi, sem gerir möguleg hverskonar slík tækni- og smíðaverkefna amatöra, sem aðeins er hér vakin athygli á, en ekki er rúm til að gera fulla grein fyrir. Aðeins skal vísað í frekari upplýsinga á verkefnasíðu hans https://hamprojects.ch þar sem þessu er lýst nánar og sýna hér tvær glærur hans, sem gefa hugmynd um hvaða tækifæri geta í þessu falist fyrir okkur til framtíðar.



Flæðirit til framtíðar fyrir smíða- og önnur verkefni, frá hugmynd til veruleika (með góðfúslegu leyfi Willi, HB9AMC)



Fjölbreyttur fjarskipta-tölvu- og vísindatengdur fókus og þekking radíóamatöra, með margvíslega tengimöguleika til framtíðar við aðra skylda áhugahópa (með góðfúslegu leyfi Willi, HB9AMC).

SYLRA 2022 í Turku – Finnlandi

18. til 24. ágúst 2022

Anna Henriksdóttir, TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD

Loksins, mikið vorum við Vala TF3VD og Anna TF3VB búnar að bíða eftir SYLRA í Turku og nú var komið að því. Marita OH5KIZ sá um allan undirbúninginn og tók á móti 22 amatörum. Turku er fyrrverandi höfuðborg Finnlands, fimmta stærsta borg landsins með 190.000, íbúa. Hún er elsta borgin í Finnlandi og mjög merkileg ekki síst fyrir nýuppgrafnar fornminjar, elsta kastala Finnlands, elstu dómkirkjuna, fyrstu skólana og Síbelíusar safnið og margt fleira. Borgin stendur við mynni Aura árinnar sem áður var mjög mikilvæg verslunarleið. Svo er nú líka Moominlandið á eyju úti fyrir Turku og þangað þarf að komast allavega einu sinni á ævinni.

Þann 18. ágúst var komið að SYLRA stjórnarfundi en hann var haldinn á Radison Blu Marine Hotel. Stjórnarfundurinn var í þrjá tíma með kvöldverði. Í stjórn SYLRA eru YL frá hverju Norðurlandanna ásamt vefstjóra sylra.is

Stjórn SYLRA: Ingrid LA8FOA, Vala TF3VD, Anna TF3VB, Inger OZ7AGR og Marita OH5KIZ. Á myndina vanta Kerstin SM5EUU.

Þátttakendur í SYLRA söfnuðust einnig saman á hótelinu þann 18. ágúst og fengu afhent poka með dagskrá og öðrum upplýsingum og gjöfum.

19. ágúst byrjaði dagskrá SYLRA, þá var safnast saman í rútu og farið í skoðunarferð um Turku með leiðsögn í boði bæjarstjórnar. Leiðsögumaðurinn var ung og spræk kona sem sagði okkur létta útgáfu af sögu borgarinnar um leið og við keyrðum um. Við stoppuðum við Turku kastala og hjá dómkirkjunni en þaðan fórum svo inn í fornminjasafnið þar sem við sáum uppgröftinn sem hefur verið unnið að í nokkur ár og er loks til sýnis. Þar lauk leiðsögninni og við röltum yfir ána í hádegisverð í boði bæjarstjórnar á veitingahúsinu Aabo sem er gamla sænska heitið á Turku. Þetta var þríréttuð máltíð og mjög fallega framsett. Við fengum svo tíma til að skoða okkur um á eigin vegum þar til við söfnuðumst saman í rútu til að fara í radíóhús úti í skógi. Þar tók á móti okkur formaður Radíóklúbbs Turku OH1AA sem heitir Janne OH1SDR. Þar var einnig YL Birgitta OH1YL og eiginmaður hennar Jouni OH1CO til aðstoðar fyrir þá sem höfðu getu og tíma til að fara í stöðina.

Janne OH1SDR

SYLRAfundur var settur í aðalsal klúbbhússins. Eftir ræður og spjall var kallað í mat og við fengum kartöflusalat, salat og grillaðar pylsur. Svo var biðröð í stöðina. Joana DL5YL hélt fyrirlestur með skyggnum þar sem hún sagði frá ferð þeirra hjóna til Norður Finnlands í desember í tilefni stórafmælis Carsten DF1XC, þar rómaði hún móttökur og frábæran jólamat. Við lukum svo fundinum með því að borða vel skreytta Sylrakröku með kaffi. Rúta kom og sótti okkur um kl. 22.45, það voru því heldur þreyttir radíóamatörar sem komu heim á hótel um miðnætti eftir þennan fyrsta dag ráðstefnunnar.

YL þátttakendurnir í SYLRA 2022.

20. ágúst var gengið af stað eftir morgunmat eftir árbakkanum að litlum bát sem flutti okkur út eftir ánni og út á haf. Við sigldum í góðu veðri og sól til Naantali eyju þar sem eru frábærir gamlir veitingastaðir, mjög gamall bær með lágvöxnum húsum sem voru reist um 1880. Þar er kirkja sem gaman er að skoða. Síðast en ekki síst þar er hægt að ganga eftir göngubrú yfir í Múmínlandið.

Höfnin í Naantali, fjöldi veitingastaða er við hafnarkantinn og kirkjan gnæfir yfir.

Radíóamatörarnir gengu um og skoðuðu. Svo var komið að hádegisverði, búið var að sérpanta dýrindis mat fyrir okkur með margra vikna fyrirvara. Rétt áður en eftirrétturinn kom þá ákváðu íslensku YL að fara í Múmínlandið og kanna hvort við fyndum loftnet þar. Aðrir fóru til baka í bátnum en eftir langa skoðun í Múmíndalnum tókum við leigubíl til hótelsins, þreyttar og sælar eftir mikla göngu á eyjunni. Við drifum okkur í sturtu og klæddum okkur upp fyrir hátíðarveislu sem var haldin í sérsal á annarri hæð. Byrjað var á kampavínsdrykk og svo var sest við vel skreytt langborð. Okkur var þjónað til borðs, þríréttað með víni mjög vel valið og gott. Allir voru í sínu fínasta pússi en því miður var þreyta og lasleiki að hrjá þrjá þátttakendur svo illa að einn þurfti frá að hverfa og hinir tveir reyndust vera komnir með covid

Vala TF3VD færði öllum þátttakendum hraunmola úr nýafstöðnu gosi í Merardölum. Við það tækifæri flutti hún gott yfirlit yfir aðsteðjandi hættur við slíka viðburði og mikilvægt hlutverk björgunarsveita í því sambandi.

(en það uppgötvaðist ekki fyrr en þremur dögum seinna). Dregið var úr lottómiðum og kom í ljós að búið var að undirbúa marga vinninga. Mikil gleði ríkti í lottóinu og mikið var um knús. Þegar barinn var opnaður barst á flótti úr samkvæminu enda fólk orðið lúið eftir tvær opnar bátsferðir og margir áttu að fara í flug og ferju snemma næsta dag.

21. ágúst kvöddust amatörarnir sem ekki áttu eftir að fara í aukaferðina sem var í eyjuna Katanpää. Aukaferðin var þriggja daga ferð í eyju sem áður var hernaðarlega mikilvæg. Þar eru herminjar og timburhús frá því um 1900 sem voru byggð af Rússum. Við fórum í rútu heim til Jaakko OH1TX sem tók á móti okkur og sýndi okkur safnið sitt af amatörgræjum og heilan skóg af loftnetum. Hann lánaði okkur loftnet og stöð til að fara með í eyjuna og gaf góð ráð um hvernig væri best að bera sig að á staðnum. Því miður var Jaakko lasinn og gat ekki komið með en áhuginn var til staðar. Við kvöddum og héldum af stað í langa rútuferð. Þegar við

Radíó „safnið“ hans Jaakko OH1TX vakti óskipta athygli og aðdáun en margt þurfti að skoða meðan á dvölinni stóð. Jaakko er lengst til hægri á mydinni.

komum að höfninni þar sem bátur átti að ná í okkur var byrjað að helligrigna. Við fengum að bíða inni í rútu þar til báturinn kom. Svo þurfti að ferja allt dótið og allan matinn yfir í bátinn sem ekki gat tekið alla í sæti. Vala stóð því úti alla siglinguna í hellidembu. Það voru því vel blautir ferðalangar sem skröngluðust uppá bryggju og böggluðu rennblaut-

Eitt af þremur í loftnetaskógi Jaakkos. Óneitanlega tilkomumikil sjón!

um farangri á traktorskerru og fóru svo í fiskisúpu á eina veitingastað eyjunnar sem rétt rúmar 12 manns til borðs. Súpan var merkilega góð, heimabakað brauð og vatn fylgdi með og kaffi á eftir. Við röltum svo í regninu eftir eina vegi staðarins að húsinu sem var byggt 1906 og var með 4,5 metra lofthæð. Mjög rússneskt sumarhús með þremur herbergjum eldhúsgangi og baðherbergi. Sofið var í kojum. Það kom í hlut Rosel DL3KWR og Hardy DL3KWF að sofa í radíó herberginu enda Rosel svo iðin í CW að hún mannar stöðina alltaf þegar gat verður á milli þessa að hún er notuð á SSB. Við Vala gistum í borðstofunni og fórum því yfirleitt síðastar að sofa (enda yngstar). Aðrir í för voru Inger OZ7AGR, Bjarne OZ2UV, Linda G0AJJ, Richard G6VOV, Anita OH5FN og Marita OH7KIZ. Anita sá um matreiðsluna og hún og Marita ákváðu að sofa í næsta húsi sem var án salernisaðstöðu innanhúss (kamar úti í skógi í myrkrinu var ekki mjög fýsilegt).

Þar sem allt hafði blotnað mjög mikið var mikill raki í húsinu og ekki bætti það að hitun var engin. Fúkkalyktin var mikil en við ákváðum að borða inni því ekki var hægt að borða úti í rigningunni og ekki var hægt að grilla. Allir komu sér fyrir og svo var farið í að reyna að koma upp loftneti. Það gekk bæði hægt og illa. Endaði með að það var komið myrkur og allir búnir að reyna að kasta línu upp í tré. Við stoppuðum þegar það sást varla til lengur og höfðum sambönd á því loftneti sem þó náðist upp. Það voru þreyttir ferðafélagar sem skreyddust í háttinn um miðnætti.

Að morgni komu Anita og Marita og þá var búið að hella uppá kaffi og te og leggja á borð. Þær voru hissa á hvað allir voru brattir en sólin var komin hátt á loft og við tilbúin að láta reyna á loftnetið aftur. Eftir morgunmat voru blautu fötin borin út til þerris í sólinni. Hátt jarm heyrðist og flokkur kinda kom að kíkja á nýju sjóræningjana á eyjunni þeirra. Kindurnar áttu eftir að koma mörgum sinnum i heimsókn forvitnar og hortugar að sníkja klór. Anna og Marita fóru í leiðangur að athuga með hvort hægt væri að panta

Höfnin á Katanpää eyju er vinsæll viðkomustaður seglbáta þar sem sæfarendur fara á eina veitingahúsið eftir að hafa farið í gufubaðið sem leigt er út til almennings.

tíma í gufubaði. Þær gengu fram á stýruna á eyjunni sem benti á að á eyjunni væru nýkomnir skógarhöggsmenn sem gætu kannski hjálpað við að koma loftnetinu hærra upp í tréð. Skógarhöggsmaðurinn var varla mínútu að henda grannri línu upp í tré og tryggja loftnetið hátt uppi. Við vorum fegnar að geta byrjað á fullu að hafa sambönd. Eftir hádegismat var skipst á að fara í loftið. Linda, Rosel, Anita og Marita fóru fyrstar í loftið en við Anna og Vala fórum í skoðunarferð um skóginn. Bjarne og Hardy leituðu að sökku sem hafði tapast þegar verið var að henda upp línu í rökkrinu kvöldið áður, Anna fór fljótlega að hjálpa til og eftir hálftíma leit var það Anna sem fann sökkuna þar sem hún var hársbreidd frá því að falla í gjótu í aflögðu hálf föllnu útihúsi. Það var svo um fjögurleytið sem farið var í gufubað. Við borðuðum kvöldmat úti og reyndum að manna stöðina líka á meðan. Setið var lengi fram eftir því þetta var síðasta kvöld Lindu og Richard með okkur.

Slegið var upp veislu eins og efni buðu undir tjaldhimninum sem var fyrir framan húsið okkar. Frá vinstri: Richard G6VOV, Inger OZ7AGR, Linda G0AJJ, Anita OH5FN, Vala TF3VD, Rosel DL3KWR, Hardy DL3KWF og Bjarne OZ2UV. Á myndina vantar Önnu TF3VB sem tók myndina, hi.

Við vöknuðum snemma næsta morgun og það var því tilbúið kaffi, te og morgunmatur sem tók á móti Anitu og Maritu þegar þær komu rétt fyrir kl. 9 úr smáhýsinu þar sem þær höfðu gist ásamt skógarhöggs mönnunum. Þær voru mjög ánægðar og höfðu frá ýmsu að segja, en skógarhöggs mennirnir eru í vinnu hjá ríkinu við að ferðast á milli eyja þar sem hernaðarmannvirki eru og eyða trjám sem eru að byrja að vaxa í rústunum og hreinsa til í skógum til að viðhalda heilbrigði þeirra. Linda og Richard pökkuðu og kvöddu, þau fengu traktorinn til að taka töskurnar niður að höfn þar sem litli báturinn tók þau yfir á fastalandið. Marita, Inger, Vala og Anna tóku góða spretti í stöðinni. Skilyrðin voru nokkuð góð og mörg

Vala TF3VD og Anna TF3VB skiptust á að virkja OH1SYL en mikið kraðak og þykk kös myndaðist oft fljótt.

sambönd náðust. Anna var einstaklega dugleg og átti hún einn þriðja af öllum samböndum sem náðust á SSB þennan dag. Í eftirmiðdaginn fóru Anita, Marita og Anna í gufu og Rosel tók við stöðinni og tók CW sambönd. Svo var slegið upp hátíðarveislu með grilluðum hamborgurum og meðlæti. Svo voru bakaðar pönnukökur og reynt að borða sem mest af öllum mat því við ætluðum ekki að þurfa að bera allan matinn af eyjunni. Við urðum mjög þreytt þegar leið á kvöldið og það var því rétt um kl. 23 sem flestir voru komnir í bólið. Að morgni 24. ágúst í góðu veðri röltum við niður á höfn og fengum fína siglingu með litla bátnum og það var mjög ánægjuleg rútuferð til baka að skila radíódótinu. Við þorðum ekki að stoppa lengi hjá Jaakko þar sem hann var enn svolítið lasinn og við vorum búnar að frétta að Kerstin og Christer frá Svíþjóð höfðu greinst með Covid við komuna heim til Svíþjóðar þann 22. ágúst. Við knúsuðumst því ekki lengi í Turku og Marita hafði samið við rútubílstjórann að Anna og Vala fengu far á lestarstöðina með töskurnar en aðrir fóru út við hótelið þar sem þeirra bílar biðu þeirra. Þar með lauk aukaferðinni og Anna og Vala fóru til Helsinki til að frílista sig í tvo sólarhringa fyrir heimferð þann 26. ágúst.

Nú er bara að bíða eftir tuttugu ára afmæli SYLRA í Kaupmannahöfn þann 19. ágúst 2023 með veglegum kvöldverði. Öllum sem áhuga hafa á þeim viðburði er bent á að fylgjast vel með á sylra.is en þar verða allar upplýsingar um viðburðinn auglýstar.

88 de Anna TF3VB og Vala TF3VD

TF3CW vinnur með ED1R keppnishópnum

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW hefur samþykkt boð þeirra sem standa að keppnisstöðinni ED1R um að

Sigurður R. Jakobsson TF3CW í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: TF3JON.

slást í hópinn. Hann mun því taka þátt í báðum CQ World Wide DX keppnunum 2022 frá stöðinni, þ.e. SSB hlutanum 29.-30. október og CW hlutanum 26.-27. nóvember n.k.

ED1R er staðsett u.þ.b. 90 km fyrir utan Madrid. Stöðin er vel búin lofnetum (eins og sjá má á meðfylgjandi mynd). Þessum loftnetum til viðbótar eru Beverage net fyrir lágu böndin.

ED1R hefur verið í „Topp 10“ hópnum í (multi-two) í CQ WW DX keppnunum og með upp í 10 milljónir punkta á SSB og upp í 18 milljónir punkta á CW (mismunandi eftir árum).

Innilegar hamingjuóskir til Sigga – enda bara spurning um tíma hvenær kæmi að því að Spánverjarnir myndu leita eftir honum í sinn hóp. Það er Tobias, DH1TW sem er „heilinn“ á bak við rekstur stöðvarinnar en hann var búsettur á Spáni um 10 ára skeið þar til nýlega, að hann flutti aftur til Þýskalands.

Þess má geta, að Siggi og XYL Björg, hafa verið búsett í Los Dolses á Spáni (15 km fyrir vestan Torrevieja) frá 2019. Þau eiga jafnframt íbúð á Íslandi og eru yfirleitt á landinu yfir sumartímann.

Frá 75 ára afmæliskaffi ÍRA

Í umsjá stjórnar

Félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA var stofnað í Reykjavík 14. ágúst 1946. 75 ár voru liðin frá stofnun þess í fyrra (2021), en vegna Covid-19 faraldursins var veisluhöldum frestað þar til sunnudaginn 28. ágúst 2022.

Þann dag var opið hús í Skeljanesi og var félagsmönnum og fjölskyldum þeirra boðið að líta við og þiggja heitt súkkulaði, kaffi og gosdrykki, íslenskar pönnukökur og vöfflur með þeyttum rjóma og marsípan rjómatertu, auk fleira góðgætis.

Alls mættu 57 félagsmenn og gestir þennan ágæta sunnudag í hæglætisveðri í vesturbænum í Reykjavík.

Að auki barst mikill fjöldi af kveðjum frá félagsmönnum sem annaðhvort voru staddir erlendis eða í sumarfríi innanlands, auk samstarfsaðila.

Þakkir til allra, og sérstaklega til stjórnarmanna ÍRA sem önnuðust allan undirbúning og framreiðslu þjóðlegra veitinga, þeir Jón Björnsson TF3PW, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Georg Magnússon TF2LL og Jón Svavarsson, TF3JON sem lagaði heitt súkkulaði, einstakt að gæðum. Síðast en ekki síst, þakkir til TF3JON, TF3JB, TF3KB, TF3KX og TF3PW fyrir ljósmyndir.

Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA bauð gestum að gjöra svo vel um leið og hann skar fyrstu sneiðina af tertunni. Ljósmynd: TF3JON.

Mathías Hagvaag TF3MH, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Sigurður Elíasson TF3-044 og Eiður Kristinn Magnússon TF1EM. Ljósmynd: TF3KX.

Stefán Arndal TF3SA og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Ljósmynd: TF3KX.

Ralf Doerendahl HB9GKR, Peter Ens HB9RYV, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Sigurður Smári Hreinsson TF8SM. Ljósmynd TF3KX.

Yngvi Harðarson TF3Y og Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: TF3JON.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ og Erla Halldórsdóttir (XYL TF3KX). Ljósmynd: TF3KX.

Haukur Konráðsson TF3HK og Arnlaugur Guðmundsson TF3RD. Ljósmynd: TF3JON.

Georg Magnússon TF2LL, Svana Björnsdóttir (XYL TF3UA) og Sigurður Smári Hreinsson TF8SM. Ljósmynd: TF3JON.

Kristinn Andersen TF3KX, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Georg Magnússon TF2LL, Jón Svavarsson TF3JON og Jón G. Guðmundsson TF3LM. Ljósmynd TF3PW.

Piotr Ostapiuk og Georg Kulp, TF3GZ. Ljósmynd: TF3JON.

Jón Björnsson TF3PW, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Þór Eysteinsson. Ljósmynd: TF3KX.

Jón G. Guðmundsson TF3LM, Jón E. Guðmundsson TF8KW og Benedikt Sveinsson TF3T.

Tekið á móti góðum gjöfum í fjarskiptaherbergi TF3IRA frá systurfélagi ÍRA í Sviss, USKA í tilefni 75 ára afmælisins. Frá vinstri: Peter Ens HB9RYV, Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA og Ralf Doerendahl HB9GKR. Ljósmynd: TF3JON.

Heimir Konráðsson TF1EIN og Hlynur Heimisson. Ljósmynd: TF3JB.

Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Sigmundur Karlsson TF3VE og Jón Svavarsson TF3JON. Ljósmynd: TF3KB.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Sigurður Smári Hreinsson TF8SM.

Wilhelm Sigurðsson TF3WAS og Bernhard M. Svavarsson TF3BS. Ljósmynd: TF3JON.

Stefán Arndal TF3SA og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG. Ljósmynd: TF3JON.

Gestabókin

TF1A	TF3BS	TF3MH	TF3Y	Erla Halldórsdóttir
TF1EIN	TF3GZ	TF3PW	TF8KW	Hlynur Heimisson
TF1EM	TF3HK	TF3RD	TF8SM	Oddur F. Helgason
TF2EQ	TF3JB	TF3SA	TF3-033	Piotr Ostapiuk
TF3FG	TF3JON	TF3SB	TF3-044	Svana Björnsdóttir
TF2LL	TF3KB	TF3T	HB9GKR	Unnur B. Pálsdóttir
TF2MSN	TF3KX	TF3UA	HB9RYV	Þór Eysteinsson
TF3AWS	TF3LM	TF3VE		

Rótor stýrt með fótstigi

Georg Magnússon, TF2LL

Hugmyndin kviknaði einhvern tímann þegar ég var að brasa með báðar hendur á lyklaborðinu og fipaðist við það að teygja mig í stjórnbox rótorsins til þess að færa til loftnetið. Logger32 forritið sem ég nota dags daglega býður upp á marga möguleika í forstillingu á rótornum þannig að einfalt er að setja inn helstu höfuðáttir, t.d. Japan, Finnland, Mið-Evrópu, Suður Afríku, Suður Ameríku, Bandaríkin suður og norður og Alaska, svo eitthvað sé nefnt. Þá er og einnig hægt að skrifa inn gráðuna á lyklaborðið og síðan ef maður er tengdur við QRZ, er hægt að láta rótorinn snúa loftnetinu í átt að viðkomandi kallmerki um leið og það er slegið inn í „grabb“ gluggann.

Reyndar hef ég lítið notað þann möguleika því þá er loftnetið alltaf á fleygiferð og það gengur ekki upp í praxís, með stórt Yagi loftnet sem snýst hægt en getur örugglega virkað fínt á minni net eins og t.d. Hexbeam og lítil Yagi loftnet.

En víkjum aftur að byrjuninni, jú ég fipaðist og missti úr einhverja stafi við að teygja mig í rótorinn til þess að stilla inn og breyta innstilltri vísun loftnetsins. Og þá kviknaði hugmyndin, hvers vegna ekki að stýra rótornum með fætinum rétt eins og maður er með PTT fótstig? Ef menn skoða t.d. hljóðfæraleikara á sviði, sérstaklega gítarleikara, eru þeir með ógrynni – a.m.k. sumir hverjir, af rofaboxum á gólfinu, hvert box eða hver takki hefur áhrif á það hvað kemur út úr hátalara viðkomandi gítars. Undantekningin er að vísu Keith Richards, gamli Stones „kakkalakkinn“ en hann er með rótara í þessu hlutverki fyrir sig sem er nú full mikið í lagt fyrir einyrkja radíóamatör uppi í sveit! Það gæti varla verið mikið mál að útbúa fótrofa til þess að stjórna rótornum!

Ég er með rótor frá Ítalska fyrirtækinu PRO.SIS.TEL og framan á stjórnboxinu eru handrofar, annar merktur CCW og hinn CW. Merkingin er „*Counter Clock Wise*“ og „*Clock Wise*“, þ.e. snúningur til vinstri og til hægri, sbr. mynd 1.

Mynd 1. PRO.SIS.TEL stjórnkassinn.

Pro.Sis.Tel. stjórnkassinn er ólíkur mörgum öðrum rótor stjórnkössum að því leytinu til, að ekki er framan á því gráðukvarði með stjórnhnapp þar sem hægt er að stilla beint á áttina sem maður vill að loftnetið stefni. Heldur er þarna stafrænn skjár og hnappur sem þarf að snúa í nokkra hringi þar til ætlaðri innstilltri gráðu er náð á skjánum. Þetta hefur með uppbyggingu stjórnkassans að gera, hvernig viðnám eru notuð í rótorinn sjálfan o.s.frv. Þessi útfærsla er seinlegri en að hafa hnapp sem er hægt að snúa beint á viðkomandi átt og því kemur fótstig sér vel!

Næst var að skoða inn í boxið og sjá hvort möguleiki væri að tengja víra inn á handvirku stillirofana.

Mynd 2. Tengt við rofa inni í stjórnkassanum.

Lítið mál var að gera það, sbr. mynd 2. Síðan var að koma fyrir tengjum í bakhlið stjórnkassans. Ég nota RCA tengi í þetta, (ættað úr Góða hirðinum en þar má oft finna allskonar nýtilegar snúrur). Göt voru boruð í bakið, tengin sett í og lóðaður gamall hátalaravír úr tengjunum í rofana, sbr. mynd 3.

Mynd 3. Tengi að aftan.

Þá var að athuga hvort einhverjir heppilegir rofar í fótstigið væru til, jú svo reyndist vera. Gamlir flautuhnappar úr Nefndinni, en fyrir þá sem ekki vita hvað átt er við með „Nefndinni“ er það stytting á Sölunefnd Varnaliðseigna. Það var stofnun sem sá um að selja allskonar gamalt og nýtt afgangsdót frá varnarliðinu í Keflavík. Aðsetur Nefndarinnar var lengi við Grensásveginn í Reykjavík, á efri og neðri hæð. Þarna voru seld ýmis tæki og tól, bílar, jarðýtur, flugvélar, þvottavélar, rafeindatæki, varahlutir í allt mögulegt og ómögulegt en síðustu árin breyttist Nefndin í allsherjar „sjoppu“ þar sem söluvaran varð aðallega Ceríós og rusl því tengdu, en samt mátti lengi finna allskonar nýtilegt dót innan um morgunkornið í kössum og hillum. Þar á meðal flautuhnappana sem nú komu í góðar þarfir. Embætti forstjóra Nefndarinnar var pólitískt skipað enda vel „feitt“ ef

svo má að orði komast. En það er nú reyndar önnur saga og kemur fótstiginu hreint ekkert við!

Spýta, krossviður og lamir, skrúfur og smá föndur, meiri hátalaravír og svo snúra úr Góða hirðinum með RCA tengjum, sbr. mynd 4. Á myndinni má sjá hvernig flauturofarnir eru settir í lista (en nokkuð góðir gormar eru í rofunum) og svo lamirnar, sem eru einfaldar blaðlamir úr kaupfélaginu.

Mynd 4. Fótstig, lamir og rofar.

Á mynd 5 má sjá fótstigið tilbúið, en ég lagði tommustokka langs og þvers fyrir myndatökuna svo menn geti gert sér grein fyrir stærðinni.

Á mynd 6 má sjá hnattmyndina með gráðuskalanum í ytri hring. Myndin er tekin úr Logger32 handbókinni. Þarna er kallmerki inn á myndinni, gulur ferningur, svarta línan er síðan stefna frá því QTH sem notandi L32 hefur skráð inn. Rauða línan fylgir tölvumúsinni og sýnir hvert loftnetið muni snúast ef smellt er á kortið.



Mynd 6. Hnattmynd í Logger32.

Mynd 5. Fótstig, lengd og breidd.

Logger32 býður upp á nokkrar útfærslur, svo sem dag og nótt, sól og tunglstöður, DX punkta, IOTA punkta o.fl. Þá er og einnig möguleiki að hafa eingöngu gráðuskjá. Þetta má síðan staðsetja hvar sem er á tölvuskjánum með loggforritinu og öðru því sem maður vill hafa uppi við, á sama skjá eða hliðarskjá.

Eftir að hafa notað svona fótstig til þess að stjórna rótornum í einhver ár finnst mér bara ómögulegt að hafa það ekki! Kannski verður næst að færa „páfagaukinn“ af lyklaborðinu og niður á gólf, hver veit...

73 de TF2LL
Georg.

TF3AM í CQ WPX SSB keppninni 29.–30. mars 2008.

Eftir að Fjarskiptastöðin á Rjúpnahæð hætti starfsemi var byggingin rifin haustið 2008. Stöðin, þakin möstrum, línum og lögnum, var reist af Bretum á hæðinni ofan og utan við höfuðborgina snemma í seinni heimsstyrjöldinni.

Andrés Þórarinsson, TF1AM skrifaði áhugaverða grein um fjarskiptastöðina undir heitinu „Rjúpnahæð kveður“ í 2. tbl. CQ TF 2009. Meðfylgjandi mynd var tekin af Andrési í kjallara stöðvarhússins á Rjúpnahæð þegar hann tók þátt í CQ WPX SSB keppninni 2008.

Andrés skrifaði: „Þór, TF3GW var mjög huggulegur og hafði útvegað aðgang að gardínum til vesturs og norðurs, IACO breiðbandsdípól og tveimur breiðbandsmonopólum. Í kjallaranum var aðgangur að kóöxum út í þessi loftnet en þeir voru afsagaðir, notaðar voru þvingur til að festa RG213 skottin við. Alls náðust 710 sambönd og 340þ stig þá tvo dagparta sem setið var við, m.a. á 20m og 40m við TF3CW sem sat á AO8A keppnisstöðinni suður á Canary. Það hefðu náðst mun fleiri stig ef höfundur hefði mætt fyrr báða morgna því samband var ágætt á 40m snemma morguns og loftnetið frábært. Besta loftnetið var hinn svo kallaði IACO breiðbandsdípóll sem sneri því sem næst norður-suður og

besta merkið því í austur-vestur. Aflið var 300W og það nægði með þessu loftneti til að halda tíðninni talsverðan tíma“. Lesa má ágæta grein um Rjúpnahæð á vefsíðunni https://ferlir.is/loftskeytastodin-a-rjupnahaed/

Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2022/23

Á fundi í stjórn ÍRA þann 10. ágúst 2022 var samþykkt starfsáætlun fyrir starfsárið 2022/23. Það er í samræmi við ákvæði í 9. gr. laga félagsins, þar sem segir m.a. að „varaformaður sinni starfsáætlun og framkvæmd hennar“. Áætlunin er birt hér á eftir.

1. Rekstur.
Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundi samkvæmt áætlun sem samþykkt var á fyrsta fundi stjórnar, þ.e. 7-8 fundi á starfsárinu. Fundargerðir verða birtar á heimasíðu, hengdar upp á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi og birtar í félagsblaðinu CQ TF. Heimasíða verður áfram miðpunktur í miðlun upplýsinga til félagsmanna og annarra.

2. Samskipti.
Áfram verðu lögð áhersla á fagleg samskipti við Fjarskiptastofu sem viðheldur því trausti sem félagið nýtur hjá stjórnvöldum. Það sama gildir um samstarf við aðildarfélög IARU og NRAU og annað alþjóðlegt samstarf.

3. Félagsaðstaðan.
Félagsaðstaðan og rekstur hennar er mikilvægur þáttur í starfi félagsins, þ.e. samkomusalur, fjarskiptaherbergi, kortastofa og smíðaaðstaða ásamt geymsluherbergi í kjallara. Almenn opnunarkvöld eru á fimmtudögum en til greina kemur að staðið verði fyrir viðburðum á öðrum vikudögum sem þá verða auglýstir sérstaklega.

4. Félagsstöðin TF3IRA.
Markmiðið er að félagsstöðin sé þannig búin að hún geti svarað þörfum félagsins með því að hægt sé að stunda fjarskipti í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra og á sem flestum tegundum útgeislunar. Áfram verður unnið að uppbyggingu stöðvarinnar og viðhaldi og uppsetningu loftneta, ásamt því að einfalda skipulag og aðgang félagsmanna. Stuðlað verður að þátttöku í helstu alþjóðlegum keppnum og í fjarskiptaviðburðum félagsins og að stöðin sé opin og virk á opnunarkvöldum.

5. Fræðsludagskrá.
Fræðsludagskrár á haustmisseri og síðar vormisseri verða í boði og kynntar með góðum fyrirvara í CQ TF. Viðburðir verða einnig kynntir jafnóðum á heimasíðu. Líkt og var fyrir Covid-19 faraldurinn verður stefnt að framboði viðburða á laugardögum og sunnudögum um sértæk málefni. Kannað verði með fjaraðgang félaga að fræðsluerindum og fundum félagsins í takt við almenna þróun á því sviði.

6. Miðlar.
Heimasíðan og samfélagsmiðlar verða áfram nýttir til upplýsingamiðlunar og samskipta við félagsmenn. CQ TF kemur áfram út á rafrænu formi (PDF) á heimasíðu félagsins og er miðað við að gefin verði út 4 tölublöð á starfsárinu. Einnig er miðað er við að ársskýrsla komi út og verði til afhendingar á aðalfundi félagsins 2023.

Glæsilegt 4 staka OptiBeam OB4-20OWA loftnet TF3IRA.

7. Kynningarmál.
Áfram verður unnið að því kynna félagið fyrir almenningi. Heimasíða, blaðaútgáfa og samfélagsmiðlar sem lýst er að framan nýtast til kynningar fyrir áhugasama, auk kynningarefnis sem stjórn félagsins hefur útbúið (fjórblöðungar). Stjórnin vill efla stefnumótun og kynningarstarf sem unnið verður að á starfsárinu, eftir því sem kostur er á. Sérstakt samráð verður haft við ungmennafulltrúa ÍRA og aðra embættismenn félagsins.

8. Námskeið.
Námskeiðshald til undirbúnings fyrir próf til amatörleyfis, hefur ávallt tilheyrt kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við prófnefnd félagsins, umsjónarmann námskeiða og Fjarskiptastofu. Námskeiði er einmitt nýlokið (í maí 2022) sem lauk með prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis þann 21. maí. Áfram verður unnið að mótun stefnu um námskeiðshald, þ.m.t. uppfærslu námsefnis.

9. Endurvarpar / stafvarpar / radíóvitar / viðtæki yfir netið.
ÍRA mun áfram styðja við uppbyggingu og viðhald endurvarpa í samráði við VHF stjóra félagsins og vaxandi hóp félagsmanna með áhuga á þeim sviðum. Ennfremur verður unnið að því að styðja við rekstur viðtækja yfir netið eftir því sem kostur er.

10. Tíðnimál og önnur réttindi radíóamatöra.
Stjórn ÍRA mun áfram huga að núverandi réttindum okkar og verndun þeirra, auk þess að sækja um rýmri tíðnisvið og heimildir í góðri samvinnu við stjórnvöld.

4U1ITU í Genf 60 ára

Jónas Bjarnason, TF3JB

Þann 10. júní 2022 voru liðin 60 ár frá því kallmerkið 4U1ITU var fyrst virkjað í aðalbyggingu Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) í Genf í Sviss.

Það var þáverandi aðalframkvæmdastjóri ITU, Gerald C. Gross, W3GG sem setti kallmerkið í loftið og hafði fyrsta sambandið kl. 11:30 að staðartíma, sunnudaginn 10. júní 1962. Sambandið var á morsi við DL4VK í Vestur-Þýskalandi. Aðrir leyfishafar tóku við og voru höfð alls um 1300 sambönd þennan dag um allan heim, bæði á tali og morsi samkvæmt fjarskiptadagbók 4U1ITU.

Formlega var stofnað til stöðvarinnar nokkru áður eða 5. maí 1962 með stuðningi U Thant, þáverandi

U Thant, þáverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna og Gerald C. Gross W3GG þáverandi aðalframkvæmdastjóri Alþjóðafjarskiptasambandsins 5. maí 1962. Ljósmynd: IARC.

aðalritara Sameinuðu þjóðanna og Gerald C. Gross, W3GG þáverandi aðlframkvæmdastjóra ITU.

Það er *Internatinal Amateur Radio Club (IARC)* sem annast daglegan rekstur stöðvarinnar og ber ábyrgð gagnvart Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðafjarskiptasambandinu. Þess má geta, að sambönd við

Gerald C. Gross W3GG þar sem hann hefur fyrsta sambandið frá 4U1ITU á morsi 10. júní 1962. Ljósmynd: IARC.

Mynd frá aðalstöðvum ITU í Genf prýðir QSL kort 4U1ITU.

kallmerkið 4U1ITU hafa verið skilgreind sem sérstök DXCC eining frá febrúar 1964.



Jón Sigurðsson TF3JS

Þess má geta, að allmargir íslenskir leyfishafar hafa virkjað 4U1ITU í gegnum áratugina. Það eru einkum radíóamatörar sem hafa átt erindi á fundi hjá ITU eða hafa starfað hjá stofnuninni.

Nefna má Jón Sigurðsson, TF3JS (handhafa leyfisbréfs nr. 58) sem var lengi búsettur í Genf og var m.a. stöðvarstjóri 4U1ITU í nokkur ár og Harald Sigurðsson, TF3NA (síðar TF3A). Báðir höfðu gjarnan sambönd frá stöðinni heim til Íslands.

IARC efndi til kvöldverðar í tilefni 60 ára afmælis 4U1ITU. Þátttakendur (í stafrófsröð samkvæmt forskeytum kallmerkja): CX2AL/HB9IBG, F5OWB, F6IFY, G4SJH, HB9/DH9MBR, HB9ACA, HB9AJU, HB9BKT, HB9BOU, HE9AJU, PB2T, LA2RR, OD5BF, OD5BF XYL, OM1AM, PY2ZX, SV3SJ, VE3ICV, VK1DSH, VK1DSH XYL OG WB3ERA.

Ný heimasíða 4U1ITU *var tekin í notkun 9. ágúst 2022:* https://life.itu.int/radioclub/

Þakkir til Sigurbjörns Þórs Bjarnasonar, TF3SB fyrir aðstoð við efnisöflun.

Bókahorn ÍRA

Óskar Sverrisson, TF3DC

Til umfjöllunar: ARRL Antenna Book.
Ritstjórn: R. Dean Straw, KB0PEM.
Útgefandi: American Radio Relay League (ARRL).
Útgáfa: 24. útgáfa 2019.
Blaðsíðufjöldi: 1024.
Brot: 20.8 x 27.4 cm.
Verð: £42.49 (fyrir félagsmenn RSGB).

ARRL handbókin er sú bók sem flestir íslenskir radíóamatörar þekkja og eiga, enda var hún framan af helsta lesefnið sem notað var til undirbúnings prófs til amatörleyfis hér á landi. Þótt framboð af námsefni fyrir verðandi leyfishafa hafi aukist mikið, er handbókin enn í fullu gildi enda uppfærð reglulega frá árinu 1926.

En ARRL gefur út fleiri áhugaverðar bækur og margar sérhæfðar um áhugamálið. Ein þeirra er The ARRL Antenna book sem fyrst kom út árið 1939 og hefur síðan verið uppfærð reglulega. Segja má, að bókin innihaldi allt sem radíóamatörar þurfa að vita um útbreiðslu radíóbylgna, hvernig loftnet virka og hvernig hanna má og setja upp eigin loftnet.

Markmiðið með þessari stuttu umfjöllun er fyrst og fremst að vekja athygli nýrra leyfishafa á bókinni, enda eru margir þeirra að koma sér upp stöð og loftnetsbúnaði um þessar mundir eftir prófið í vor. Loftnetabókin er fjárfesting til framtíðar (ef þannig má að orði komast) þar sem hún veitir svör við mörgum áhugaverðum spurningum um loftnet og virkan þeirra í öllum tíðnisviðum radíóamatöra.

Bókin er aðgengileg. Hún er í stóru broti og fylgja greinargróðar skýringarmyndir, bæði teiknaðar og ljósmyndir. Það er til dæmis auðvelt að nýta sér hana út frá því sjónarmiði að skoða loftnetalausnir á tilteknu tíðnisviði eða tilteknum tíðnisviðum – sem hafa verið prófaðar og virka. Þá kemur nefnilega í ljós, að úr mörgu er að velja, t.d. tvípólum (*e. dipole*), stangarnetum (*e. vertical*), lykkjum (*e. loops*), vírnetum (*e. long wire*), stefnuvirkum loftnetum (Yagi, Quad) o.fl.



ARRL gefur handbók sína um lotfnet út í tveimur útfærslum, skipt í 4 bindi, saman í öskju eins og sést á myndinni hér til hliðar en einnig í einu stóru bindi. Rafbók og ýtarefni auk tölvuforrita fylgir báðum gerðunum.

Fyrir þá sem eru áhugasamir um fræðin, er mjög góður kafli um útbreiðslu radíóbylgna og nýjunga í þeim fræðum, auk umfangsmikillar umfjöllunar um loftnetafræðina. Praktíski hluti (meirihluti bókarinnar) er einnig greinargóður og því eru margir sem nota hana því sem handbók, til að byrja með. Kannski vegna þess að það er komið inn á margskonar lausnir sem geta hentað við mismunandi aðstæður hvers og eins, enda er þægilegt að geta flett upp og leitað allra upplýsinga á sama stað um tiltekið eða tiltekin loftnet.

Það er reynsla margra, að þegar frá líður, vaxi áhugi á loftnetafræðinni enda er hún vettvangur sem heillar marga. Og markmiðið er ávallt það sama, að koma upp loftneti sem virkar vel í móttöku og sendingu – með sem minnstum tilkostnaði.

Ólíkt öðrum áhugamálum, þá geta radíóamatörar smíðað eigin tæki og búnað og þar á meðal loftnet. Vissulega er gott framboð á markaði af öllu sem til þarf, en því fylgir líka ánægja að gera hlutina til sjálfur og sjá þá virka. Líklega er auðveldast að byrja á loftnetinu og það þarf ekki að kosta mikið að koma upp loftneti og DX'inn liggur inni.

73 de Óskar / TF3DC.

Höfundur ásamt TF2LL og TF3GS við uppsetningu á Hustler 5-BTV stangarloftnetifyrir TF3IRA í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

Viðurkenningar radíóamatöra

Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA

Félag radíóamatöra á Möltu, Malta Radio Amateur League (MARL) býður þrjár áhugaverðar viðurkenningar. Þetta eru Maltaward, Mediterranean Award og All Malta Award. Eins og nöfn þeirra bera með sér, er markmiðið að hafa sambönd við amatöra þar í landi. Maltverjar eru eyjaskeggjar líkt og við, en landið er kletta-eyja í Miðjarðarhafinu ásamt Gozo eyju. Eyjaklasinn liggur suður af Sikiley og norðan við Líbíu. Þeir eru nokkru fleiri en Íslendingar, ríflega hálf milljón, en fjöldi radíóamatöra er svipaður og hér á landi. MARL var stofnað árið 1922 og þá því 100 ára afmæli á þessu ári.

Hin fornfræga höfuðborg Möltu heitir Valletta.

MALTAWARD

Hafa þarf staðfest sambönd við 8 stöðvar radíóamatöra á Möltu á 8 af eftirfarandi böndum: 160m, 80m, 40m, 30m, 20m, 17m, 15m, 12m, 10m, 6m og 2m. Tvö af samböndunum þurfa að vera við kallmerkið 9H1MRL eða 9H1MRL/P sem er kallmerki klúbbstöðvar MARL.

MEDITERRANEAN AWARD

Hafa þarf staðfest sambönd við alls 30 stöðvar radíóamatöra í sérhverju eftirfarandi landa sem liggja að Miðjarðarhafinu:

1. Albania 2. Algeria 3. Balearic Isl. 4. Bosnia 5. Ceuta & Melilla 6. Corsica 7. Crete 8. Croatia 9. Cyprus 10. Dodecanese Isl. 11. Egypt 12. France 13. Gibraltar 14. Greece 15. Israel 16. Italy 17. Lebanon 18. Libya 19. Malta 20. Morocco 21. Monaco 22. Montenegro 23. Palestine 24. Sardinia 25. Sicily 26. Slovenia 27. Spain 28. Syria 29. Tunisia 30. Turkey.

ALL MALTA AWARD

Hafa þarf staðfest sambönd við 8 kallmerki með mismunandi 9H forskeytum:

FORSKEYTI	SKÝRING	QSO FJÖLDI
9H1	A-leyfishafi (á Möltu)	2 sambönd
9H3 eða 9H4/	Erlendur leyfishafi með CEPT leyfi	1 samband
9H4	QTH er á eyjunni Gozo	1 samband
9H5	B-leyfishafi (á Möltu)	1 samband
9H9 eða 9HØ	Sérstakt kallmerki MARL	1 samband
9H1MRL	Klúbbstöð MARL	1 samband
9H1MRL/P	Klúbbstöð MARL /P	1 samband

Viðurkenningarnar eru auðkenndar fyrir sambönd á CW, SSB eða RTTY. Ljósrit/myndrit af QSL kortum þurfa ð fylgja með umsókn. Skjölin eru öll í stærðinni A4. Sambönd eftir janúar 1990 gilda. Gjald er €12 en €15 fyrir Mediterranean Award. Sendingarkostnaður til Íslands er innifalinn. Vefslóð fyrir umsóknareyðublöð: www.9h1mrl.org/awards.htm

Með ósk um gott gengi, 73 de TF5B

Íslenskir radíóamatörar; starfstímabilið 2022/23

Fundur nr. 3 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 10. ágúst 2022 kl. 18:00.
Mættir: TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF1EIN varamaður. Gestir: TF3KX og TF3JON.

Tillaga að dagskrá.
1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 2. fundi 19. maí s.l.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
   - **10.06.2022...***Erindi frá:* Andrési, TF1AM þar sem hann tilkynnir að þau Vala Dröfn, TF3DV muni standa fyrir JOTA virkni á Úlfljótsvatni 14.-16. október n.k.
   - **10.06.2022...***Erindi til:* TF1AM þar sem þeim Völu er óskað góðs árangurs að virkja TF1JAM í Jaboree-On-The-Air viðburðinum í október.
   - **12.06.2022...***Erindi frá:* Formanni IARU Svæðis 1; upplýsingar úr skýrslu formanns sem verður flutt á formannafundi svæðisins í Friedrichshafen 25. júní.
   - **14.06.2022...***Erindi til:* Eiðs Kristins, TF1EM með sérstöku þakklæti stjórnar ÍRA fyrir styrk að fjárhæð kr. 22.000 sem renni til ungmennastarfs félagsins.
   - **18.06.2022...***Erindi frá:* Herbert, OE3KJN vegna heimsóknar hans til landsins 5.-12. ágúst; spyr um hvort í lagi sé að taka með sér Yaesu FT-100 HF stöð.
   - **18.06.2022...***Erindi til:* OE3KJN þar sem erindinu er svarað og hann boðinn velkominn í Skeljanes ef hann hefur tíma.
   - **20.06.2022...***Erindi frá:* Ritara IARU Svæðis 1; upplýsingar um að hægt verði að fylgjast með erindum á formannafundi svæðisins í Friedrichshafen 25. júní.
   - **23.06.2022...***Erindi frá:* WARCA, World Amateur Radio Contesting Association; röðun leyfishafa í alþjóðl. keppnum 2021/22; vefslóð: https://warca.org/21-22
   - **25.06.2022...***Erindi frá:* Ritara IARU svæðis 1; tilkynning um fjaraðgang að umræðum á formannafundi undir dagskrárliðnum "Shaping the Future"
   - **29.06.2022...***Erindi frá:* Olaf, DO1OP þar sem hann óskar upplýsinga um að setja QRP stöð í loftið frá TF; þau hjón eru væntanleg til TF í ágústmánuði.
   - **29.06.2022...***Erindi til:* DO1OP þar sem leitast var við að svara spurningum m.a. um helstu áfangastaði og QRP búnað sem hyggst taka með sér hingað til lands.
   - **05.07.2022...***Erindi frá:* ZS4BS ritara SARL; erindi í tilefni 75 ára afmælis SARL.
   - **17.07.2022...***Erindi frá:* Csaba, HA6PX [hjá MRASZ]. Vekur athygli á YOTA keppnunum og að ÍRA kynni þær (næsta keppni er 23. júlí; „*Round-2*").
   - **17.07.2022...***Erindi til:* HA6PX þar sem skýrt er frá því að ÍRA muni skýra frá keppninni á heimasíðu og FB síðu félagsins.
   - **18.07.2022...***Erindi til:* Fjarskiptastofu með ósk um tímabundna heimild fyrir leyfishafa til að mega nota allt að 100W á 60M bandi í útileikunum 2022.
   - **18.07.2022...***Erindi frá:* Fjarskiptastofu þar sem umbeðin heimild er veitt.
   - **20.07.2022...***Erindi frá:* Rick, W1HZ þar sem hann skýrir frá því að þau hjón muni ekki ná að heimsækja ÍRA að þessu sinni í ágúst n.k.
   - **20.07.2022...***Erindi til:* W1HZ þar sem honum er þakkað fyrir upplýsingarnar og þeim hjónum óskað góðrar ferðar um Ísland.
   - **23.07.2022...***Erindi til:* Ölvis Styrrs, TF3WZ vefstjóra ÍRA vegna vandræða með að ræsa heimsíðu félagsins.
   - **24.07.2022...***Erindi frá:* Formanni IARU Svæðis 1; tilkynning þess efnis að umsókn SARU (landsfélag radíóamatöra í Súdan) hafi verið formlega samþykkt.
   - **29.07.2022...***Erindi frá:* Jack, G8DX sem hyggur á heimsókn til Íslands í nóvember. Spyr um gistingu og opnunartíma félagsins í Skeljanesi.
   - **29.07.2022...***Erindi til:* G8DX, erindinu svarað og hann og XYL boðin velkomin í heimsókn í félagsaðstöðuna.
   - **29.07.2022...***Erindi frá:* Jack, WA6CR; fyrirhugar heimsókn til TF 2023; er íslenskur ríkisborgari og hefur áhuga á að taka amatörpróf og fá íslenskt kallmerki.
   - **29.07.2022...***Erindi til:* WA6CR. Hann boðinn velkominn til landsins næsta sumar. Boðið að hafa samband aftur þegar hann veit dagsetningar.
   - **02.08.2022...***Erindi frá:* Rob, VE3RXH; kemur til landsins og dvelur dagana 21.-27. ágúst. Spyr um SOTA.
   - **02.08.2022...***Erindi til:* VE3RXH; Rob boðinn velkominn til landsins og mælt með að spyrja TF3EK um SOTA spurningar (tölvupóstfang hans gefið upp).
   - **06.08.2022...***Erindi frá:* Jesper, OZ1XB; spyr hvort við þekkjum tvípól loftnet í Vestmannaeyjum sem 80 ára vinur hans sá í ferð þar um slóðir í sumar.
   - **06.08.2022...***Erindi til:* OZ1XB; erindinu svarað um að okkur sé ekki kunnugt um hver á loftnetið; giskað á að það gæti verið fyrir fjarskipti við fiskveiðiflotann.
   - **Maí...***Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 22., 23., 24., 25., 26., 30. og 30. maí (7 orðsendingar).
   - **Júní...***Erindi frá:* Formanni til stjórnar: 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 9., 10., 11., 13., 14., 15., 16., 18., 19., 21., 22., 23., 24., 25., 26., 27., 28. og 29. júní (alls 25 orðs.).

- **Júlí...***Erindi frá:* Formanni til stjórnar: 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 8., 9., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18, 19., 20., 26., 27. og 31. júlí (alls 22 orðsendingar).
- **Ágúst...***Erindi frá:* Formanni til stjórnar: 2., 4. og 5. Ágúst (alls 3 orðsendingar).

4. Skýrsla gjaldkera. Staða félagssjóðs og innheimta félagsgjalda.
5. Námskeið ÍRA til amatörprófs vorið 2022.

a. Umræður um hvernig til tókst með verkefnið. b. Heimsókn þátttakenda sem náðu prófi til amatörleyfis í Skeljanes 16. júlí.

c. Framhaldið.

6. Millifundur IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 22.-24. júní.
7. Starfsáætlun stjórnar 2022/23 lögð fram til samþykktar.
8. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

a. Kallmerkið TF3IRA var virkjað í VHF/UHF leikunum 1.-3. júlí. b. Kallmerkið TF3IRA var virkjað í TF útileikunum 30. júlí til 1. ágúst.

9. TF útileikarnir 2022.

a. Tillaga um breytingar á keppnisreglum. b. Tímabundin heimild FST fyrir allt að 100W á 60M í leikunum 2022, barst 18. júlí.

10. CQ TF, 3. tbl. 2022 kom út 3. júlí á heimasíðu.

Sent til Norðurlandafélaganna 11. júlí – kom úr prentun 12. júlí – og var póstlagt innanlands 13. júlí.

11. Afmælisfagnaður í tilefni 75 ára afmælis ÍRA [2021] sunnudaginn 14. ágúst.
12. Flóamarkaður ÍRA sunnudaginn 11. september.
13. Vetrardagskrá ÍRA 2022; hefst 7. október og lýkur með jólakaffi 15. desember.
14. Ástand OptiBeam OB5-20 loftnets TF3IRA var skoðað 13. júlí.

a. Tillaga TF1EIN um kaup á nýju loftneti fyrir TF3IRA. b. Sjónarmið TF3Y dags. 5.8. og TF2LL 6.8. c. Upplýsingar um loftnet.

15. Fækkun opnunarkvölda í Skeljanesi.
16. Endurskoðun á embættismannakerfi félagsins.
17. Aðgangur félagsmanna að fjarskiptabúnaði ÍRA yfir netið.
18. Önnur mál.

a. Upplýsingar um ÍRA og opnunartíma settar upp við inngang/útidyr í Skeljanesi (23. maí).

b. Félagatal uppfært á heimasíðu í kjölfar endurinnsetningar TF3WZ á síðuna (25. maí).

c. Móttekið radíódót að gjöf til félagsins frá TF3WS (23. maí).

d. Móttekið sýningargjald að gjöf til félagsins frá NN (23. maí).

e. Móttekið radíódót að gjöf til félagsins frá TF3FG (19. maí).

f. Stærstur hluti heimasíðu félagsins uppfærður sem er á ensku (25. maí).

g. Móttekið radíódót (rafhlöður) að gjöf til félagsins frá TF1A (25. maí).

h. Járndót í portinu á bak við Skeljanes fjarlægt af TF2LL (31. maí og 3. júní).

i. Móttekið radíódót að gjöf til félagsins frá NN; 192 kristallar (4. júní).

j. Móttekin gjöf til félagsins frá TF3TD; vefmyndavél til vöktunar (7. júní).

k. Málað yfir veggjakrot á langa bárujárnsveggnum; TF1JI og TF3JB unnu verkið (30. júní).

l. Móttekið radíódót móttekið að gjöf til félagsins frá NN (30. júní).

m. Eldri félagsgögn móttekin frá TF3NA; félagatal 1973 og bréf frá PFS 1947 til TF3MB (6. júlí).

n. Móttekin gjöf til félagsins úr dánarbúi TF3GB; loftnetaefni sem TF3AO færði í Skeljanes (7. júlí).

o. Móttekið radíó- og tölvudót að gjöf til félagsins frá TF1A (14. júlí).

p. Vandræði með heimasíðu félagsins.

19. Næsti fundur stjórnar.
20. Fundarslit.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð lögð fram frá 2. fundi þann 19. maí s.l.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Skýrsla gjaldkera. Staða félagssjóðs og innheimta félagsgjalda.

Innheimta gengur vel, greidd hafa verið 153 félagsgjöld en ógreitt eru 27. Fjárhagsstaða félagssjóðs er jákvæð um 2.375.127 krónur.

5. Námskeið ÍRA til amatörprófs vorið 2022.

Kristinn Andersen, TF3KX formaður prófnefndar ÍRA mætti á fundinn.

a. Umræður um hvernig til tókst með verkefnið.

Í inngangi kynnti formaður, TF3JB efnisatriði í grein sinni: „Tímamót í námskeiðshaldi til amatörprófs; nýr ágangi í sögu námskeiða og prófa“ sem birtist í 3. tbl. CQ TF sem kom út 3. júlí. Niðurstaða var að námskeiðið tókst með ágætum og vel gekk að fá fólk til að leiðbeina. Bæði var um stað- og fjarnám í boði í Háskólanum í Reykjavík sem gekk mjög vel. Alls voru 14 skráðir til prófs, 12 mættu í prófið og 11 náðu ýmist N- eða G-leyfum.

b. Heimsókn þátttakenda sem náðu prófi til amatörleyfis í Skeljanes 16. júlí.

Í skipulagi vornámskeiðs ÍRA 2022 sem lauk með prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis 21. maí var gert ráð fyrir sérstökum degi (eftir prófið) í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi. Þar segir m.a.: „Farið í félagsaðstöðu ÍRA og fjarskiptaherbergi og loftnet skoðuð. Nemendur gera prufuútsendingar undir nafni TF3IRA með stöðvarstjóra. Útfært síðar með tíma“.

Af ýmsum ástæðum frestaðist þessi sérstaki dagur þar til 16. júlí kl. 10:00. Sendur var tölvupóstur á þá sem stóðust próf (alls 11 manns) með boði um að mæta í Skeljanes með viku fyrirvara. Svör bárust frá 6 sem ýmist voru erlendis eða í sumarfríi innanlands þannig að ljóst var að mest 5 mundu geta mætt. Engu að síður var ákveðið að halda sig við auglýstan dag og mættu tveir nýir leyfishafar í Skelja-

nes, Antonia Sabrina Stevens, TF3ST og Guðmundar Veturliða Einarssonar, TF3VL.

Jón Björnsson, TF3PW umsjónarmaður námskeiða félagsins og Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA tóku á móti nýjum leyfishöfum með dagskrá dagsins, auk þess sem Kristján Benediktsson mætti á staðinn og tók ljósmyndir. Skemmtilegur og vel heppnaður laugardagur!

c. Framhaldið.

Skoða þarf kosti og galla við stað- og fjarkennslu í ljósi reynslunnar. Menn eru sammála um, að stefna að næsta námskeiði vorið 2023. Prófnefnd mun nota tímann og yfirfara námsefni til þess tíma. Fara þarf yfir lista leiðbeinenda með hliðsjón af því að sumir vilja hætta og því þarf að finna nýja til að fylla upp í skarðið. Frábært var að fá Kristinn Andersen, TF3KX formann prófnefndar til skrafs og ráðagerða um námskeiðin, fyrirkomulag og námsefnið og þakkaði formaður, Kristni TF3KX fyrir að koma á fundinn.

6. Millifundur IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 22.-24. júní.

Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengiliður ÍRA tók þátt í millifundi IARU Svæðis 1, sem haldinn var 22.-24. júní samhliða Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen. Fundurinn var hvorutveggja haldinn sem stað- og fjarfundur og tók Kristján þátt í fundinum yfir netið. Hann mun gera grein fyrir helstu niðurstöðum í 4. tbl. CQ TF 2022.

7. Starfsáætlun stjórnar 2022/23 lögð fram til samþykktar.

Farið var yfir framlagða tillögu varaformanns, TF2LL að starfsáætlun stjórnar á nýju starfsári, 2022/23. Tillagan var samþykkt samhljóða. Áætlunin er með hefðbundnum hætti og verður til kynningar í 4. tbl. CQ TF 2022.

8. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

a. Kallmerkið TF3IRA var virkjað í VHF/UHF leikunum 1.-3. júlí.

Félagsstöðin TF3IRA var í loftinu frá Skeljanesi laugardaginn 2. júlí. Þeir sem virkjuðu stöðina: Jónas Bjarnason, TF3JB, Jón G. Guðmundsson, TF3LM og Mathías Hagvaag, TF3MH. Félagsaðstaðan var opin á sama tíma fyrir félagsmenn og gesti og mættu alls 11 félagar og 1 gestur á staðinn.

b. Kallmerkið TF3IRA var virkjað í TF útileikunum 30. júlí til 1. ágúst.

Félagsstöðin TF3IRA var í loftinu í TF útileikunum laugardaginn 30. júlí. Þeir sem virkjuðu stöðina: Erling Guðmundsson, TF3E og Jónas Bjarnason, TF3JB. Samhliða var auglýst opið hús í félagsaðstöðunni og mættu alls fimm félagar á staðinn.

9. TF útileikarnir 2022.

a. Tillaga um breytingar á keppnisreglum.

Tillaga Einars Kjartanssonar, TF3EK umsjónarmanns TF útileikanna dags. 7. júlí samkvæmt tillögu Andrésar Þórarinssonar, TF1AM að breytum reglum leikanna hvað varðar tímabil og fjöldi sambanda – var samþykkt samhljóða. Efnisatriði eru eftirfarandi: Textinn „eða breidd og lengd, í heilum gráðum, t.d. 6421“ í 4. grein verði felldur á brott, keppnistímabil verði stytt úr þremur í tvo sólarhringa og að afnumin verði takmörk á fjölda sambanda.

b. Tímabundin heimild FST fyrir allt að 100W á 60M í leikunum 2022, barst 18. júlí.

Formaður, TF3JB skýrði frá erindi sem sent var til Fjarskiptastofu með beiðni ÍRA um tímabundna heimild fyrir að nota allt að 100W á 60 metra bandi í TF útileiknum. Stofnunin kom til móts við beiðni félagsins og heimilaði umbeðið afl á nefndu bandi í leikunum 2022.

10. CQ TF, 3. tbl. 2022 kom út 3. júlí á heimasíðu.

Blaðið kom út sunnudaginn 3. júlí á heimasíðu og FB síðum. Í framhaldi voru sendir tölvupóstar á alla félagsmenn með vefslóð á blaðið, sem var alls 52 síður að stærð. Höfundar efnis í blaðinu voru níu talsins: TF1AM, TF3DC, TF3GS, TF3KX, TF3JB, TF3SB, TF3VS, TF5B og TF8KY. Það var sent til Norðurlandafélaganna á rafrænu formi 11. júlí, kom úr prentun 12. júlí og var póstlagt á móttökuaðila innanlands degi síðar.

11. Afmælisfagnaður í tilefni 75 ára afmælis ÍRA [2021] sunnudaginn 14. ágúst.

Jón Svavarsson, TF3JON var mættur á fundinn til að taka ljósmynd af stjórn félagsins 2022/23. Hann tók þátt í umræðum og bauðst til að aðstoða við útfærslu verkefnisins, m.a. að sérlaga heitt súkkulaði. Tilboði hans var tekið með þökkum. Undir dagskrárliðnum var samþykkt að fresta viðburðinum til sunnudagsins 28. ágúst m.a. vegna Covid-19 veikinda stjórnarmanna að undanförnu.

12. Flóamarkaður ÍRA sunnudaginn 11. september.

Flóamarkaður ÍRA fer fram 11. september. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS mun sjá um uppboðshlutann og Hinrik Vilhjálmsson, TF3VH mun annast tæknihliðina.

13. Vetrardagskrá ÍRA 2022.

Dagskrá hefst á ný 6. október og lýkur með jólakaffi 15. desember.

14. Ástand OptiBeam OB4-20OWA loftnets TF3IRA var skoðað 13. júlí.

Benedikt Sveinsson, TF3T klifraði upp turninn í Skeljanesi fimmtudaginn 13. júlí. Eftir samráð var ákveðið að velja „bráðabirgðaleið“ í viðgerð sem er að skeyta inn nýjum kapli, en í ljós kom að „skottið“ frá „Hard-line“ kaplinum upp í fæðingu loftnetsins er skemmt og að „nagast“ í sundur og er líklega fullt af vatni.

a. Tillaga TF1EIN um kaup á nýju loftneti fyrir TF3IRA.

Tillaga Heimis Konráðssonar, TF1EIN er þess efnis, að OB4-20OWA netið verði tekið niður og keypt þess í stað OptiBeam OB9-5 sem er 9 elementa Yagi loftnet fyrir 20/17/15/12/10 metra böndin. Málið var rætt án niðurstöðu.

b. Sjónarmið TF3Y dags. 5.8. og TF2LL 6.8.

Framlagðar upplýsingar voru kynntar með áliti þeirra Yngva Harðarsonar, TF3Y og Georgs Magnússonar, TF2LL sem fjalla um heppileg Yagi loftnet fyrir ÍRA og jákvæðar og neikvæðar hliðar slíks „loftnetabúskapar“.

c. Upplýsingar um loftnet.

Málinn voru rædd og skoðuð fram og til baka. M.a. var kynnt framlagt samantektarblað um fjögur loftnet: OptiBeam OB9-5, OB15-7, SteppIR DB18 og Steppir 2EL. Niðurstaða umræðna var, að finna þurfi raunkostnað við uppsetningu á nýju loftneti. Samþykkt að fresta málinu til

næsta fundar, en upplýsingaröflun muni fara fram í millitíðinni.

15. Fækkun opnunarkvölda í Skeljanesi.
Formaður, TF3JB kynnti samantektarblað um fjölda opnunarkvölda á fimmtudögum á árinu 2022. Hugmyndin er að fækka opnunarkvöldum í Skeljanesi. Samþykkt að fresta umræðunni.

16. Endurskoðun á embættismannakerfi félagsins.
Heyra þarf í núverandi embættismönnum og taka stöðuna á þeim og verkefnum þeirra. Rætt um að senda þeim tölvupóst með nokkrum spurningum og halda svo fundi með þeim. Útbúa þarf formleg embættisbréf sem eru ekki lengri en um hálf A4 síða að stærð.

17. Aðgangur félagsmanna að fjarskiptabúnaði ÍRA yfir netið.
Afla þarf upplýsinga um fyrirkomulag, s.s. um tækjabúnað og reglur um notkun. Stjórnin hvetur félagsmenn til að nýta aðstöðuna á fimmtudagskvöldum og á öðrum skipulögðum opnunartímum. Samþykkt að fresta málinu á meðan öflun gagna fer fram.

18. Önnur mál.
a. Upplýsingar um ÍRA og opnunartíma settar upp við inngang/útidyr í Skeljanesi (23. maí).
Stjórn lýsir yfir ánægju með að þetta hefur verið gert.
b. Félagatal uppfært á heimasíðu í kjölfar endurinnsetningar TF3WZ á síðuna (25. maí).
Stjórn þakkar Ölvi Styrr Sveinssyni, TF3WZ vefstjórna ÍRA fyrir góða aðstoð.
c. Móttekið radíódót að gjöf til félagsins frá TF3WS (23. maí).
Stjórn þakkar Sigurði Harðarsyni, TF3WS fyrir velvild í garð félagsins.
d. Móttekið sýningargjald að gjöf til félagsins frá NN (23. maí).
Stjórn þakkar NN fyrir velvild í garð félagsins.
e. Móttekið radíódót að gjöf til félagsins frá TF3FG (19. maí).
Stjórn þakkar Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG fyrir velvild í garð félagsins.
f. Stærstur hluti heimasíðu félagsins uppfærður sem er á ensku (25. maí).
Stjórn fagnar því að þetta hefur verið gert.
g. Móttekið radíódót (rafhlöður) að gjöf til félagsins frá TF1A (25. maí).
Stjórn þakkar Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A velvild í garð félagsins.
h. Járndót í portinu á bak við Skeljanes fjarlægt af TF2LL (31. maí og 3. júní).
Stjórn þakkar Georg Magnússyni, TF2LL fyrir gott frumkvæði í málinu.
i. Móttekið radíódót að gjöf til félagsins frá NN; 192 kristallar (4. júní).
Stjórn þakkar NN fyrir velvild í garð félagsins.
j. Móttekin gjöf til félagsins frá TF3TD; vefmyndavél til vöktunar (7. júní).
Stjórn þakkar Stefáni Stefánssyni, TF3TD velvild í garð félagsins.
k. Málað yfir veggjakrot á langa bárujárnsveggnum; TF1JI og TF3JB unnu verkið (30. júní).
Stjórn þakkar Jóni Ingvari Óskarssyni, TF1JI og Jónasi Bjarnasyni, TF3JB vel unnið verk.
l. Móttekið radíódót móttekið að gjöf til félagsins frá NN (30. júní).
Stjórn þakkar NN fyrir velvild í garð félagsins. M.a. er um að ræða mælitæki og vandað dót.
m. Félagsgögn móttekin frá TF3NA; félagatal 1973 o bréf frá PFS 1947 til TF3MB (6. júlí).
Stjórn þakkar Hauki Haraldssyni, TF3NA fyrir að hugsa til félagsins með eldri félagsgögn.
n. Móttekin gjöf til félagsins frá TF3IT; loftnetaefni sem TF3AO færði í hús (7. júlí).
Stjórn þakkar TF3IT og Ársæli Óskarssyni, TF3AO fyrir að flytja dótið í Skeljanes.
o. Móttekið radíó- og tölvudót að gjöf til félagsins frá TF1A (14. júlí).
Stjórn þakkar Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A fyrir velvildina.
p. Vandræði með heimasíðu félagsins.
Stjórn þakkar Ölvi Styrr Sveinssyni, TF3WZ vefstjóra ÍRA fyrir góða aðstoð.
q. Tillaga um að setur verður upp varasjóður félagsins til að taka á óvæntum útgjöldum.
Tillaga ritara, TF3GS um að setja upp varasjóð til að mæta óvæntum útgjöldum samþykkt samljóða.
r. Ljósmynd var tekin af stjórn í tilefni nýs starfsárs, 2022/23.
Jón Svavarsson, TF3JON ljósmyndari félagsins tók árlega ljósmynd af stjórn félagsins. Stjórn þakkar Jóni Svavarssyni, TF3JON fyrir að koma á fundinn og annast verkefnið.

19. Næsti fundur stjórnar.
Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði haldinn fimmtudaginn 18. september kl. 18:00 í Skeljanesi.

20. Fundarslit.
Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 21:00.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

Helstu DX keppnir í október 2022– janúar 2023

Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu október-desember 2022 og í janúar 2023. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér. Nánar er vísað á heimasíðu WA7BNM: *Contestcalendar.com* þar sem finna má tæmandi upplýsingar um keppnirnar. Vefslóð: https://www.contestcalendar.com/contestcal.html

Dagsetn.	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð (fyrir TF)
		OKTÓBER 2022			
1.-2. okt.	06:00-06:00	Oceania DX Contest, Phone	SSB	160-10m	RS + raðnúmer
8.-9. okt.	06.00-06:00	Oceania DX Contest, CW	CW	160-10m	RST + raðnúmer
9.-10. okt.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest	SSB	80-10m	**hætt við keppnina 2022**
15.-16. okt.	15:00-14:59	WAG; Worked All Germany	CW/SSB	80-10m	RS(T) + raðnúmer
22.-23. okt.	15:00-15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160m	RST + 4stafa hnit tala
29.-30. okt.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest, SSB	SSB	160-10m	RS + CQ svæði (TF=40)
		NÓVEMBER 2022			
6.-7. nóv.	12:00-12:00	Ukranian DX Contest	CW/SSB	160-10m	Hætt við keppnina 2022
12.-13. nóv.	00:00-23.59	WAE DX Contest	RTTY	80-10m	RST + raðnúmer
12.-13. nóv.	12:00-12:00	OK/OM DX Contest	CW	160-10m	RST + raðnúmer
19.-20. nóv.	12:00-12:00	LZ DX Contest	CW/SSB	80-10m	RS(T) + ITU svæði (TF=17)
26.-27. nóv.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest	CW	160-10m	RST + CQ svæði (TF=40)
		DESEMBER 2022			
2.-4. des.	22:00-16:00	ARRL 160 Meter Contrest	CW	160m	RST
10.-11. des.	00:00-23:59	ARRL 10 Meter Contest	CW/SSB	10m	RS(T) + raðnúmer
17. des.	00:00-24:00	OK DX RTTY Contest	RTTY	80-10m	RST + raðnúmer
17.-18. des.	14:00-14:00	Croatian CW Contest	CW	160-10m	RST + raðnúmer
17.-18. des.	15:00-15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160m	RST + 4stafa hnit tala
		JANÚAR 2023			
7.-8. jan.	20:00-07:00	EUCW 160 Meter Contest	CW	160m	RST+ nafn + NM [1]
21.-22. jan.	12:00-12:00	Hungarian DX Contest	CW/SSB	160-10m	RS(T) + raðnúmer
27.-29. jan.	22:00-21:59	CQ 160 Meter CW Contest	CW	160m	RST + CQ svæði (TF=40)
28.-29. jan.	06:00-18:00	REF Contest	CW	80-10m	RST + raðnúmer

[1] NM = „Non member" ella er gefið upp félagsnúmer í EUCW (The European CW Association)

QSL kort frá TF3MB, TF5TP, TF5AS og TF5SV.



Kort Magnúsar Blöndal, TF3MB í Reykjavík (leyfisbréf nr. 3) er fyrir QSO við W8JJW 30.1.1949.
Kort Þórhalls Pálssonar, TF5TP á Akureyri (leyfisbréf nr. 20) er fyrir QSO við DL1XX 21.2.1950.
Kort Eggerts Steinsen, TF5AS á Akureyri (leyfisbréf nr. 22) er fyrir QSO við G3BJF 18.2.1951.
Kort Inga Sveinssonar, TF5SV á Sauðárkróki (leyfisbréf nr. 25) er fyrir QSO við W7PGZ 2.7.1953.

DXCC skráning TF kallmerkja

Kallmerki með virka skráningu á DXCC lista ARRL 30. september 2022; yfirlitsblað.[1]

DXCC MIXED

344	TF3Y
326	TF3DC
318	TF4M
309	TF8GX
295	TF5B
274	TF2LL
261	TF3JB
253	TF3SG
228	TF3VS
221	TF3IRA
191	TFDT
187	TF3G
180	TF1A
153	TF3MH
116	TF3EK

DXCC PHONE

290	TF8GX
283	TF5B
238	TF4M
185	TF3IRA
179	TF3JB
157	TF3SG
145	TF1A
140	TF3DT
133	TF3G
104	TF3VS

DXCC CW

324	TF3Y
316	TF3DC
305	TF4M
242	TF3SG
239	TF8GX
238	TF3JB
195	TF3IRA
161	TF3VS
141	TF3G

DXCC RTTY/DIGITAL

216	TF5B
213	TF3VS
204	TF3JB
174	TF3DC
168	TF3DT
163	TF1A
148	TF3MH
143	TF3Y
114	TF3EK
112	TF3IRA
108	TF4M

160 METRAR

240	TF4M
156	TF3SG

DXCC 80 METRAR

229	TF3SG
134	TF4M
117	TF3DT
109	TF3JB
108	TF1A

DXCC 40 METRAR

202	TF3SG
185	TF4M
167	TF2LL
165	TF5B
143	TF3VS
133	TF3DT
130	TF8GX
126	TF3JB
108	TF1A

DXCC 30 METRAR

196	TF3DC
179	TF3JB
168	TF3Y
162	TF4M
150	TF5B
149	TF3VS
119	TF1A
115	TF3DT
105	TF3MH

DXCC 20 METRAR

277	TF5B
275	TF8GX
251	TF4M
238	TF3JB
235	TF2LL
191	TF3VS
172	TF3G
144	TF1A
144	TF3DT
114	TF3MH

DXCC 17 METRAR

242	TF3DC
197	TF3Y
182	TF3JB
165	TF3VS
161	TF5B
151	TF2LL
148	TF4M
132	TF8GX
124	TF1A
108	TF3DT
106	TF3MH

DXCC 15 METRAR

216	TF5B
215	TF8GX
177	TF2LL
168	TF3VS
167	TF4M
150	TF3JB
118	TF1A
116	TF3DT
108	TF3MH

DXCC 12 METRAR

207	TF3DC
144	TF3Y
142	TF3JB
134	TF4M
116	TF5B
110	TF8GX
109	TF3VS

DXCC 10 METRAR

216	TF3DC
187	TF8GX
139	TF4M
137	TF5B
128	TF3VS
126	TF2LL
122	TF3JB

DXCC CHALLENGE

1766	TF3DC
1554	TF4M
1410	TF3Y
1372	TF3JB
1313	TF8GX
1302	TF5B
1139	TF3VS
1061	TF2LL

DXCC HONOR ROLL - MIXED

344	TF3Y

5BDXCC

TF3DC	Og 12, 17 og 30 metrar
TF3JB	Og 12, 17 og 30 metrar
TF3Y	Og 12, 17 og 30 metrar
TF4M	Og 12, 17, 30 og 160 metrar

DXCC MIXED, ÓVIRK SKRÁNING

349 [a)]	TF3SV (TF5SV/TF3C)
226	TF3IM
106	TF2WLC
---	TF3AR
---	TF3EA (#412; 8.3.1949; 110)
---	TF3SF
---	TF3ZM
---	TF5TP

[a)] Óvirk skráning á DXCC HONOR ROLL - MIXED

DXCC 6 metrar

(Enginn TF leyfishafi er handhafi)

DXCC 2 metrar

(Enginn TF leyfishafi er handhafi)

DXCC 70 Sentímetrar

(Enginn TF leyfishafi er handhafi)

DXCC Satellite

(Enginn TF leyfishafi er handhafi)

[1)] Virk skráning: Miðað er við að uppfærsla kallmerkis hafi verið gerð eftir 1.1.1994.

Vefslóð: *http://www.arrl.org/dxcc-rules*
(Birt með heimild ARRL 30.9.2022 / TF3JB).

EFNIS-
YFIRLIT

VETRARDAGSKRÁ ÍRA OKT-DES 2022

TF3JB *TF3OM* *TF3KB* *TF3KX* *TF3DC* *TF3Y* *TF3VS* *TF3T* *TF8KY* *TF3SB* *TF3SA* *TF3VB* *TF3VD* *TF3GS* *TF3EK* *TF3WS*

OKTÓBER	**Viðburður**	**Upplýsingar**	**Fyrirlesari – umsjón**	**Húsið opið**	**Viðburður hefst**	**Annað**
6. október – fimmtudagur	Verðlaunaafhendingar	VHF/UHF leikar 2022 og TF útileikar 2022	Hrafnkell, TF8KY / Einar, TF3EK	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
9. október – sunnudagur	Flóamarkaður	Félagar selja og /eða kaupa tæki og búnað	Vilhjálmur, TF3VS / Hinrik, TF3VH	11:00-16:00	14:00	Kaffiveitingar
12. október – miðvikudagur	YL kvöld í Skeljanesi	YL amatörar hittast; talað saman og farið í loftið	Anna, TF3VB / Vala, Dröfn TF3VD	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
13. október – fimmtudagur	Erindi	TF3D framh.; undirbúningur f. CQWW SSB 2022	Benedikt Sveinsson, TF3T	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
16. október – sunnudagur	Sunnudagsopnun	Keppnir og keppnisþátttaka	Yngvi Harðarson, TF3Y	10:30-13:00	11:00	Kaffi/rúnstykki
20. október – fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið / kynning fyrir nýja leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC [1]	16:30-19:00	17:00	Kaffiveitingar
20. október – fimmtudagur	Erindi	Fjarskiptaævintýri á Grænlandi	Sigurður Harðarson, TF3WS	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
23. október – sunnudagur	Sunnudagsopnun	Hagnýtt gildi QRZ.COM, Eham.net o.fl. vefja	Jónas Bjarnason, TF3JB	10:30-13.00	11:00	Kaffi/rúnstykki
27. október – fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið / kynning fyrir nýja leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC [1]	16:30-19:00	17:00	Kaffiveitingar
27. október – fimmtudagur	Erindi	Fjarstýring á amatörstöð yfir netið	Ágúst H. Bjarnason, TF3OM	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar

NÓVEMBER	**Viðburður**	**Upplýsingar**	**Fyrirlesari – umsjón**	**Húsið opið**	**Viðburður hefst**	**Annað**
3. nóvember – fimmtudagur	Erindi	Amatörpróf og undirbúningur fyrir þau	Kristinn Andersen, TF3KX	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
5. nóvember – laugardagur	Laugardagsopnun	Félagar koma með morslykla sína í Skeljanes	Stefán, TF3SA / Sigurbjörn Þór, TF3SB	10:30-13:00	11:00	Kaffi/rúnstykki
10. nóvember – fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið / kynning fyrir nýja leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC [1]	16:30-19:00	17:00	Kaffiveitingar
10. nóvember – fimmtudagur	Félagsfundur	Uppbygging TF3IRA í Skeljanesi	Í umsjá stjórnar	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
17. nóvember – fimmtudagur	Erindi	Fjarhlustun á HF með Airspy+DiscoverySDR	Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
20. nóvember – sunnudagur	Sunnudagsopnun	Íslenskir amatörar í prentmiðlum í gegnum tíðina	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS	10:30-11:00	11:00	Kaffi/rúnstykki
24. nóvember – fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið / kynning fyrir nýja leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC [1]	16:30-19:00	17:00	Kaffiveitingar
24. nóvember – fimmtudagur	Erindi	Skipulag alþjóðasamtaka radíóamatöra	Kristján Benediktsson, TF3KB	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
27. nóvember – sunnudagur	Sunnudagsopnun	Nýjungar í HF stöðvum á markaði	Jónas Bjarnason, TF3JB	10:30-13:00	11:00	Kaffi/rúnstykki

DESEMBER	**Viðburður**	**Upplýsingar**	**Fyrirlesari – umsjón**	**Húsið opið**	**Viðburður hefst**	**Annað**
1. desember – fimmtudagur	Félagsfundur	VHF og UHF málefni	Í umsjá stjórnar	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
8. desember – fimmtudagur	Erindi	APRS (*Automatic Packet Reporting System*)	Guðmundur Sigurðsson, TF3GS	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
11. desember – sunnudagur	Sunnudagsopnun	Reglugerðarumhverfi radíóamatöra og WRC-23	Jónas Bjarnason, TF3JB	10:30-13:00	11:00	Kaffi/rúnstykki
15. desember – fimmtudagur	Jólakaffi ÍRA	Opið hús, viðhafnarkaffi	Í umsjá stjórnar; síðasta opnunarkvöld ársins	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar

[1] “Fyrstu skrefin” eru hugsuð fyrir nýja leyfishafa sem hafa áhuga á að sækja sér leiðbeiningar um hvernig best er að standa að því að fara í loftið. Um er að ræða einkatíma með reyndum leyfishafa. Leiðbeinandi kynnir í stuttu máli grundvallaratriði og ríkjandi hefðir innan áhugamálsins. Markmiðið er að nýr leyfishafi öðlist öryggi í fjarskiptum. Nýr leyfishafi og leiðbeinandi ræða saman þar sem spurningum er svarað og að því búnu er farið í loftið í fjarskiptaherbergi félagsins. Tímasetning námskeiðs og yfirferð getur að vissu marki verið sveigjanleg með samráði nýs leyfishafa og leiðbeinanda. Áríðandi er að áhugasamir skrái sig tímanlega hjá Óskari Sverrissyni, TF3DC í síma 862-3151 eða með tölvupósti; oskarsv hjá internet.is með góðum fyrirvara.